415
Jón

Jón Friðjónsson f. 1944

111 S. 2 Jón

Forsetningar í íslensku

Málvísindastofnun Háskóla Íslands

Reykjavík 1988

© Svanhildur Bogadóttir
Prentun: Stensill h/f.
Kápuhönnun: Sigríður Pálsdóttir.

Aðfaraorð

Rétt notkun forsetninga í íslensku er sennilega það atriði sem einna lengst vefst fyrir útlendingum, og að sama skapi er erfitt að kenna notkun forsetninga. Þessu veldur margt. Forsetningar í íslensku eru fjölmargar og notkun þeirra margbreytileg bæði hvað varðar val viðeigandi forsetninga hverju sinni og fallstjórn þeirra. Þótt vissulega megi setja fram reglur um ýmis atriði er varða notkun forsetninga, t.d. um fallstjórn þeirra og notkun við tímatáknanir, er fjölbreytnin svo mikil og undantekningarnar svo margar að erfiðleikum veldur. Hvað kennslu varðar kemur einkum tvennt til greina: annars vegar að nota hina svokölluðu **beinu aðferð** og hins vegar hina **óbeinu**. Beina aðferðin felur í sér að kennd er notkun forsetninga með því að leggja áherslu á hagnýta notkun þeirra, þ.e. nemendur læra smám saman nógu mörg og góð dæmi uns viðunandi málhæfni er náð. Óbeina aðferðin hins vegar felur í sér að lögð er áhersla á þær reglur og lögmál sem liggja að baki réttri notkun forsetninga.

Á beinu aðferðinni eru þeir annmarkar að hún krefst mjög mikils tíma auk þess sem erfitt er að framreiða rétt efni fyrir nemendur, hætt er við að kunnátta nemenda verði gloppótt, ekki náist heildarsýn fyrir notkun forsetninga. Gallinn við óbeinu aðferðina er sá að hætt er við að menn sjái ekki skóginn fyrir trjánum og kennslan verði stagl um einstök málfræðileg atriði en minni áhersla sé lögð á raunverulega málbeitingu.

Báðar aðferðirnar hafa því sína ágalla. Í kveri þessu er reynt að fara bil beggja. Annars vegar er reynt að kynna þær reglur og lögmál sem notkun forsetninga hvílir á og leitast við að draga upp heildarmynd, þó þannig að megináhersla er lögð á hið algenga og reglulega en ekki hirt um að eltast við einstakar undantekningar. Hins vegar er að finna æfingar og verkefni þar sem flest öll dæmin eru raunveruleg í þeim skilningi að þeim hefur verið safnað úr mæltu máli og rituðu. Reynslan verður svo að skera úr um það að hve miklu leyti undirrituðum hefur tekist að hitta á rétta blöndu aðferðanna tveggja.

Framsetningu er þannig háttað að í fyrsta kafla er að finna gróft yfirlit yfir allar forsetningar í íslensku. Þannig ættu notendur að geta með auðveldu móti aflað sér yfirlits yfir notkun einstakra forsetninga. Í kafla tvö er fjallað sérstaklega um notkun forsetninga með landa- og þjóðaheitum. Nánari lýsingu um einstaka þætti er varða notkun forsetninga er síðan að finna í kafla þrjú, fjögur og fimm. Í kafla þrjú er fjallað um notkun forsetninga til að tákna dvöl og hreyf-

ingu en sá þáttur í notkun forsetninga í íslensku er sennilega hvað mikilvægastur en jafnframt býsna magslunginn. Í kafla fjögur er fjallað um forsetningar með breytilegri fallstjórn en einmitt þær forsetningar eru erfiðar viðfangs. Í kafla fimm er fjallað sérstaklega um tímatáknanir í íslensku og kafli sex hefur loks að geyma almennar æfingar.

Undanfari þessa kvers er fjölritaður bæklingur um notkun forsetninga sem undirritaður hefur notað við kennslu undanfarin þrjú ár. Reynsla mín af að nota hann við kennslu og fjölmargar ábendingar frá nemendum og samkennurum leiddi hins vegar til mikilla breytinga svo að kver þetta á fátt sameiginlegt með fyrirrennara sínum. Ég stend í þakkarskuld við fjölmarga sem með beinum og óbeinum hætti hafa átt þátt í að móta efnisskipan og framsetningu en nefni þó aðeins tvo hér. Margrét Jónsdóttir las allt verkið yfir í handriti og benti mér á fjölmörg atriði sem betur máttu fara auk þess sem hún las lokapróförkina. Björn Þór Svavarsson hafði allan veg og vanda af ritvinnslunni og færði margt er hana varðar til betri vegar. Ég kann þeim báðum bestu þakkir fyrir þeirra hlut en að sjálfsögu ber ég einn ábyrgð á öllu efni bókarinnar og framsetningu þess.

Háskóla Íslands, í október 1988

Jón Friðjónsson

Efnisyfirlit

1 Yfirlit yfir helstu forsetningar í íslensku **7**
- 1.1 Forsetningar sem stýra þolfalli 7
- 1.2 Forsetningar sem stýra þágufalli 8
- 1.3 Forsetningar sem stýra eignarfalli 9
- 1.4 Forsetningar sem stýra þolfalli eða þágufalli 10
- 1.5 Æfingar 13

2 Forsetningar notaðar með þjóðlöndum **15**
- 2.1 Dvöl 15
- 2.2 Hreyfing 15
- 2.3 Beygingafræði 16
- 2.4 Æfingar 17

3 Hreyfing til eða frá stað eða dvöl á stað **19**
- 3.1 Inngangur 19
- 3.2 Yfirlit 19
- 3.3 Hreyfi- og dvalaratviksorð 22
- 3.4 Hreyfing 24
  - 3.4.1 Hreyfing til staðar eða á stað 24
  - 3.4.2 Hreyfing fram hjá, meðfram, fram/aftur/upp/niður fyrir stað 26
- 3.5 Dvöl við (þf.) og hjá, á, í, undir (þgf.) stað 28
  - 3.5.1 Dvalartáknanir með atviksorðum 29
- 3.6 Hreyfing frá, af, úr stað (þgf.) 31
- 3.7 Aðrar hreyfiforsetningar 34
  - 3.7.1 UM (að viðbættum fylgiliðum) 34
  - 3.7.2 (Á) móti, (á/í) milli, (á) meðal 35
- 3.8 Æfingar 36

4 Forsetningar með breytilegri fallstjórn **54**
- 4.1 Eftir 54
- 4.2 Fyrir 57

4.3 Með 61
4.4 Við 63
4.5 Fallstjórn 66
4.6 Æfingar 66

5 Yfirlit yfir helstu tímatáknanir í íslensku **85**
5.1 Inngangur 85
5.2 Merkingarfræði 85
5.3 Aukafallsliðir 86
5.4 Tímatáknanir með forsetningum 87
5.4.1 Hvenær (augnablikstáknanir (·)) 87
5.4.2 Hve lengi (dvalartáknanir (⁻)) 90
5.4.3 Hve lengi (⁻) eða hvenær (·) 91
5.4.4 Endurteknir atburðir (···) 92
5.5 Aðrar tímatáknanir 93
5.5.1 Tímalaust 93
5.5.2 Frá (þgf.) — fram; að viðbættri forsetningu (•→•) 93
5.5.3 Frá (þgf.) — til (ef.) 94
5.5.4 Milli (ef.) 94
5.5.5 Fyrir (þf.) 94
5.5.6 Eftir (þf.) 94
5.5.7 Að — að viðbættu þgf. (af lh.þt.) 95
5.5.8 Ýmis dæmi 95
5.6 Æfingar 95

6 Almennar æfingar **103**

1. kafli

Yfirlit yfir helstu forsetningar í íslensku

1.1 Forsetningar sem stýra þolfalli

1. **um** (a) tími (5.k.); (b) staðarmerking (3.k.); (c) annað
2. (í) **kringum** staðarmerking (3.k.)
3. (í) **gegnum** staðarmerking (3.k.)
4. **umfram**
5. **umhverfis** staðarmerking (3.k.)
6. **fyrir+ao-an** (a) staðarmerking (3.k.); (b) annað (4.k.)

Dæmi um notkun:

(1) **um nóttina** rigndi; hann gekk **um bæinn**; hún gekk **um gólf**; hann talaði **um söguna**; hún er hrædd **um strákinn**
(2) Hann gekk (í) **kringum tjörnina**; hann leit **í kringum sig**
(3) Hann kíkti (í) **gegnum skráargatið**; göngin liggja (í) **gegnum fjallið**
(4) Þeir fengu 12 króna hækkun **umfram alla samninga**; farðu varlega **umfram allt**; hann hefur hæfileika **umfram flesta aðra**
(5) Hann fór **umhverfis jörðina** á áttatíu dögum; **umhverfis húsið** eru tré
(6) Hóllinn er **fyrir ofan bæinn**; hann stóð **fyrir utan dyrnar**; naglinn er **fyrir neðan myndina**; **fyrir austan land** er lægð

1.2 Forsetningar sem stýra þágufalli

1. **að** (upp að/niður að; út að/inn að; fram að/aftur að)
2. **af** (upp af/niður af; út af/inn af; fram af/aftur af; ofan af/neðan af; utan af/innan af)
3. **úr** (upp úr/niður úr; út úr/inn úr; fram úr/aftur úr; ofan úr/neðan úr; utan úr/innan úr)
4. **frá** (upp frá/niður frá; út frá/inn frá; aftur frá; ofan frá/neðan frá)
5. **undan** (upp undan, út undan, fram undan, niður undan)
6. **(á) undan**
7. **hjá** (fram hjá)
8. **gegn** против, вдаль; напротив, навстречу
9. **gegnt** напротив
10. **andspænis** напротив, против
11. **ásamt** вместе с ..., совместно с ...
12. **handa**
13. **meðfram** вдоль, тоже; притом, одновременно
14. **(á) móti**

Dæmi um notkun:

(1) Hann gekk **að húsinu**; hún gekk **upp að fossinum**; þeir sigu **niður að flakinu**; þeir reru **út að skipinu**; hann gekk **inn að altarinu**; hún las **fram að kvöldmatnum**; þeir lásu **aftur að kaflaskilum**

(2) Hann stóð **upp af stólnum**; hann seig **niður af syllunni**; hún beygði **út af veginum**; **inn af eldhúsinu** er þvottaherbergi; hann ók **fram af klettinum**; hann féll **aftur af stólnum**; hún kallaði **ofan af klettunum**; hún veifaði til mín **neðan af bryggjunni**; hún er **utan af landi**; hann kom **innan af ganginum**

(3) Hann stökk **upp úr skurðinum**; barnið datt **niður úr kojunni**; hún gekk **út úr stofunni**; naglinn stakkst **inn úr plötunni**; hann ók **fram úr bílnum**; hann dróst **aftur úr félögum sínum**; hún hrópaði **ofan úr turninum**; hann kallaði **neðan úr**

kjallaranum; hann kom **utan úr myrkrinu**; hann skar kjarnann **innan úr eplinu**

(4) **Upp frá þessu** hætti hann að reykja; **niður frá bænum** liggur vegur; dragðu línu **út frá hringnum**; lestu **aftur frá 10. síðu**; hann var að koma **ofan frá Gullfossi**; hann hljóp **neðan frá læknum** upp á hólinn

(5) Rektu köttinn **undan borðinu**; hann kíkti **upp undan borðinu**; hann skreið **fram undan bílnum**; axlaböndin lafa **niður undan jakkanum**; **fram undan** nesinu er sker; fylgjast með e–u **út undan sér**

(6) Hún hljóp **á undan mér**; Páll var **á undan Pétri** í mark

(7) Barnið sat **hjá mér**; þetta er alveg rétt **hjá þér**; hann fór **hjá sér**; hann ók **fram hjá húsinu**; **fram hjá þessari staðreynd** verður ekki litið

(8) Hann greiddi atkvæði **gegn mér**; hún var ein **gegn öllum**

(9) **Gegnt húsinu** er banki

(10) Hann sat **andspænis mér**; **andspænis húsinu** er verslun

(11) Hann kom **ásamt foreldrum sínum**

(12) Þetta er pakki **handa þér**

(13) Hún gekk **meðfram húsinu**; **meðfram veginum** er skurður

(14) Hann er **á móti frumvarpinu**; barnið hljóp **á móti móður sinni**

1.3 Forsetningar sem stýra eignarfalli

1. **til** (til að / til þess að)
2. **án** (án þess að)
3. **auk** (auk þess sem)
4. **(á) meðal** (k. 3.7)
5. **(á) milli** (k. 3.7)
6. **vegna** (vegna þess að)
7. **sunnan, norðan, austan, vestan, ofan, neðan, innan, utan, handan** (atviksorð)

Dæmi um notkun:

(1) Bréfið er **til þín**; hún gekk **til Hafnarfjarðar**; hann flýtti sér **til þess að** koma ekki of seint

(2) Þú ferð ekki **án mín**; hún fór **án þess að** kveðja

(3) Við erum tveir **auk stráksins**; hann á bíl og **auk þess** hjól

(4) Sigurður er **(á) meðal vitnanna**; þú ert hér **(á) meðal vina**; segðu mér **meðal annarra orða** hvort þetta er rétt
(5) Hann læddist **(á) milli bílanna**; **okkar á milli** sagt; **milli þeirra** skapaðist vinátta; vegurinn **milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar** er góður
(6) Hátíðinni var frestað **vegna veðurs**; hann kom ekki **vegna þess** að hann vildi hitta mig heldur af öðrum ástæðum; hann er veikur og **þess vegna** getur hann ekki komið; **hvers vegna** komstu ekki? — **Vegna þess** að ég hafði ekki tíma til þess
(7) **Sunnan árinnar** er gott beitiland; **norðan fjallsins** eru óbyggðir; **austan heiðarinnar** er stórt fljót; vegurinn er slæmur **vestan brúarinnar**; **ofan bæjarins** er gott berjaland en **neðan hans** er mýri; **handan sjóndeildarhringsins** eru miklar sléttur.

Athugið að algengt er að nota **sunnan+við+þf.** í staðarmerkingu í stað **sunnan+ef.** og sama gildir um aðrar forsetningar sem taldar eru upp undir lið 7, t.d.

i) **Sunnan við ána** er gott berjaland; **norðan við fjallið** eru óbyggðir; o.s.frv.

Slík umskipti ganga þó ekki í föstum orðasamböndum eins og:

ii) Samningar eru **innan seilingar**; segja e-ð **utan dagskrár**

1.4 Forsetningar sem stýra þolfalli eða þágufalli

Forsetningum sem hafa breytilega fallstjórn má skipta í tvennt eftir því hvort þær tákna **A. hreyfingu/kyrrstöðu** eða **B. eitthvað annað**. Um fyrri hópinn er það að segja að meginreglan er sú að **hreyfing** er táknuð með **þolfalli** en **kyrrstaða** með **þágufalli**, sbr. 3. kafla. Fallstjórn síðara hópsins verður í grófum dráttum að læra í hverju tilviki fyrir sig, sjá þó síðar í sérstökum kafla (4. kafla).

A. á, í, undir, yfir: þf. (hreyfing) eða þgf. (kyrrstaða)

Dæmi um notkun:

þolfall	**þágufall**
Hún hengdi myndina **á vegginn**	Myndin hangir **á veggnum**
Hann fór **í frakkann**	Hann er **í frakkanum**
Kisa skreið **undir borðið**	Kisa liggur **undir borðinu**
Vélin flaug **yfir húsið**	Vélin flaug **yfir húsinu**

B. fyrir, eftir, með, við: þf. eða þgf. (yfirlit):

EFTIR <þolfall> **1. (tími)**: hann kemur eftir tvo daga, stutta stund. **2. (afleiðing)**: hún er þreytt eftir vinnuna; hann er lasinn eftir slysið. **3. (frumkvöðull)**: bók eftir góðan rithöfund; hjólför eftir bílinn. **4. (röð)**: hann mætti ekki til vinnu dag eftir dag; þeir reyndu hver eftir annan að brjóta stafina; hann varaði hana hvað eftir annað við; hún fletti bók eftir bók. **5. (orðasambönd)**: hann lætur eftir sig dóttur og eiginkonu; hún er eftir sig eftir hlaupin; hún ritaði eftirmæli eftir konuna. — <þágufall> **6. (hreyfing)**: bíllinn ók eftir götunni. **7. (röð)**: bíllinn ók (á) eftir vagninum; hann vann fram eftir allri nóttu; hún svaf fram eftir öllum morgni. **8. (samkvæmt)**: fréttin er eftir góðum heimildum; haga sér eftir aðstæðum; hann kemur eftir því sem ég best veit. **9. (orðasambönd; oftast með sögnum)**: láta e–ð eftir e–m; leika e–ð eftir e–m; lýsa eftir e–u; líta eftir e–m; bíða eftir e–m; taka eftir e–u; sjá eftir e–u; auglýsa eftir e–u; leita eftir e–u; herma eftir e–u; sækjast eftir e–u; spyrja eftir e–m.

FYRIR <þolfall> **1. (hreyfing)**: strákurinn hljóp fyrir bílinn; hann var kallaður fyrir dómarann; báturinn sigldi fyrir nesið; hann datt út fyrir borðstokkinn; fá verk fyrir brjóstið; taka fyrir munninn. **2. (tímapunktur)**: hann kom fyrir kvöldmatinn; hann veiktist fyrir hádegi(ð); hún las vandlega fyrir tímann; **(tímalengd)**: hann er með nesti fyrir tvo daga. **3. (staður; með ao.)**: fyrir ofan bæinn; fyrir neðan hólinn; fyrir aftan bílinn; fyrir framan mig; fara fram fyrir bílinn; ganga aftur fyrir bílinn; líta niður/upp fyrir sig. **4. (þága)**: reiknaðu dæmið fyrir mig; opnaðu dósina fyrir mig; ná í e–ð fyrir e–n; bók fyrir byrjendur; leikurinn stendur 2-1 fyrir Íslendinga. **5. (sökum; vegna)**: fá skammir fyrir e-ð; ég þakka fyrir mig; selja olíu fyrir peninga; hann hlaut skammir fyrir letina; kæra e–n fyrir e–ð; þrátt fyrir allt; þrátt fyrir það að ... **6. (sem; í staðinn fyrir)**: fá e–n fyrir eiginmann; taka viljann fyrir verkið. **7. a (orðasambönd; með so.)**: biðja e–n fyrir e–n; e–ð kemur fyrir e–n. **b (orðasambönd; með lo.)**: vera hneigður fyrir smíðar; vera gefinn fyrir tónlist. — <þágufall> **8. (liðinn tími = síðan)**: hann kom fyrir tveimur dögum. **9. (dvöl)**: steinninn er fyrir bílnum; hann gerði hreint fyrir sínum dyrum; vera með verk fyrir brjóstinu; vera með band fyrir augunum. **10. (óþága)**: hann er fyrir mér; vera grár fyrir hærum; heyra ekkert fyrir látunum í e–m; hann tapaði fyrir henni; skemma e–ð fyrir e–m; spilla e–u fyrir e–m; teſja fyrir e–m; liggja/sitja fyrir e–m. **11. a (orðasambönd; með so.)**: berjast fyrir e–u; dreyma fyrir e–u; eiga fyrir e–u; hafa rétt/rangt fyrir sér; gangast fyrir e–u; hafa e–ð fyrir e–m; biðja fyrir e–m; hugsa fyrir e–u; tapa fyrir e–m. **b (orðasambönd; með no.)**: trygging fyrir e–u; skilyrði fyrir e–u; hafa tilfinningu fyrir e–u; sönnun fyrir e–u. **c (önnur orðasambönd)**: farðu fyrir mér (þ.e. mér er sama); hann meiddi sig en hætti ekki fyrir því (þrátt fyrir það).

MEÐ <þolfall> **1. (=hafa)**: hann reið með bókina út á sand; ertu með (nokkurn) kveikjara?; hann óð með hana yfir ána; hann er með slæma tannpínu,

afleitt kvef, vonda hálsbólgu; skipstjórinn kom með skipið; ertu með tillöguna (á þér)? **2. (orðasambönd)**: það er eins með þig og hana; það er skrýtið með hana Gunnu; vera ánægður með e–ð; hún á í erfiðleikum með framburðinn; hann lætur mikið með börnin sín; komast upp á lag með e–ð. — **<þágufall>** **3. (tími)**: það fer að hlýna með vorinu. **4. (ásamt)**: hann kom með skipinu; þeir eru í fylgd með stelpunum; hann drekkur alltaf rauðvín með matnum; kauptu e–ð með kaffinu. **5. (verkfæri)**: hann skrifar alltaf með blýanti; hún braut rúðuna með hamri. **6. (háttur)**: grunur lék á að ekki væri allt með felldu; hann kom inn með miklum látum; hún keypti bíl með afborgunum; hann komst með naumindum undan; þetta endar með ósköpum; sendu bréfið með (í) flugi. **7. (hreyfing; með ao.)**: hann gekk upp með ánni; þeir óku niður með ströndinni; hún hljóp fram með girðingunni; skipið sigldi vestur með ströndinni. **8. (orðasambönd)**: ertu með tillögunni (eða á móti henni)?; hann mælti með tillögunni; hafðu eftirlit með stráknum; þau skiptu með sér verkum; vera upp með sér; mæla með e–u.

Við <þolfall> 1. (staðarmerking): hann situr við borðið; húsið stendur við tjörnina; hún situr við lestur; hann er fastur við girðinguna; skóflan stendur upp við vegginn; húsið stendur niður við sjó. **2. (tími)**: bíllinn skemmdist við áreksturinn; hann meiddist við slysið; honum brá við fréttina. **3. (orðasambönd)**: vera hræddur, góður, blíður við e–n; vera laus við e–ð; e–ð á vel/illa við e–n; fella sig við e–ð; halda í við sig; vera við góða heilsu; lynda við e–n; meta e–ð við e–n; hika við e–ð; semja um e–ð við e–n; koma við e–ð; skipta við e–n; keppa, leika, tefla, spila, tala við e–n; líka vel/illa við e–n. — **<þágufall>** **4. (viðbrögð)**: leggja bann við e–u; segja nei við því; taka lýsi við kvefi; konan brosti við barninu; snúa baki við e–m. **5. (stefna; á móti)**: svona horfir málið við mér; fjallið blasir við þeim; húsið stendur skakkt við götunni. **6. (orðasambönd)**: e–n hryllir við e–u; mega við e–u; taka við e–u; sjá við e–u; bregðast illa við e–u; hætt er við e–u.

Eins og sjá má af ofangreindu yfirliti er mjög erfitt að læra notkun forsetninganna fjögurra. Ekki liggja heldur fyrir neinar tölur um tíðni hinna mismunandi falla með einstökum forsetningum. Þau dæmi sem athuguð voru við yfirlitið voru valin af handahófi, auk þess sem stuðst var við tiltækar orðabækur. Til gamans voru dæmin talin og dreifing fallanna athuguð:

	Heildarfjöldi	*Þolfall*	*Þágufall*
eftir	54	9 (17%)	45 (83%)
fyrir	95	29 (30%)	66 (70%)
með	47	16 (34%)	31 (66%)
við	92	66 (72%)	26 (28%)

Ekki ber að taka tölur þessar bókstaflega, til þess var „könnunin“ hvorki

nógu víðtæk né kerfisbundin, en sennilega má þó hafa þessar tölur til hliðsjónar. Ef það er gert er ljóst að einfaldara er að læra fáu dæmin sérstaklega og gefa sér notkun hinna.

1.5 Æfingar

1.1 Fellið viðeigandi forsetningar inn í eyðurnar í eftirfarandi textum:

1) Hið fræga tónskáld, Beethoven, hneigðist snemma .... tónlistinni. Þegar hann var ... áttunda ári lék hann vel ... fiðlu. Hann æfði sig oftast .... litlu herbergi uppi ..... risi heima .... sér. Hann tók .... því að köngulló, sem átti vef ... einu horninu .... herberginu, hafði bersýnilega gaman ... tónlistinni því að ... hvert sinn sem hann fór að spila kom hún ... hans. Köngullóin hljóp ... horninu sínu upp .... nótnastólinn og þaðan upp ... handleggnum ... honum. Þessi áhugi ... tónlistinni, sem þetta litla dýr lét þannig ... ljós, átti ekki lítinn þátt .... að örva drenginn .... iðni. En dag einn kom frænka tónskáldsins .... gest .... sér, sem langaði að fylgjast .... æfingu ..... honum. Þegar frænkan kom auga ..... litla dýrið sópaði hún því .... ermi Beethovens og kramdi það .... gólfinu ... fæti sínum. En tónskáldið hneig ... ómegin .... þessu.

2) Einu sinni var karl .... ferð og reiddi talsvert ..... sér. Honum þótti heldur þungt .... hestinum og vildi finna ráð .... því. ..... nokkra umhugsun datt honum það snjallræði ... hug að binda pokann .... bakið ..... sér og reið svo glaður .... bragði heim .... leið. Karlinn reið .... náunga sem spurði hvers ..... hann væri að þreyta sig ..... pokanum en léti ekki heldur hestinn ..... að dragnast ..... hann. Karlinn svaraði því ... að hesturinn bæri ekki það sem hann bæri.

1.2 Fellið viðeigandi beygingarmyndir orðanna innan sviga inn í eyðurnar:

1) Í (síðasta vika) .... ákvað Páll að heimsækja vin sinn, Sigga, sem á heima í (stórt hús) .... rétt fyrir utan (bærinn) ..... Páll ákvað að fara þangað á (hjól) ..... Hann var í (gott skap) .... enda skein sólin í (heiði) ..... og hiti var í (loft) ..... Þegar hann kom að (húsið) ..... barði hann að (dyr) ..... en enginn ansaði. Hann barði aftur og aftur en án (nokkur sýnilegur árangur) .... Hann var að velta því fyrir (afturb. fn.) ..... að líklega væri Siggi ekki heima, hefði kannski skroppið í (bærinn) ..... eða upp í (sveit) ..... en þá sá hann ljós í (einn gluggi) .... á (efri hæðin) .... og auk (það) ..... heyrði hann nú í (útvarp) .... innan úr (húsið) ..... Hann ákvað því að ganga umhverfis (húsið) ..... í (sú von) .... að kannski væri Siggi á bak við (það) .... eða e.t.v. inni í (bílskúrinn) ..... Hann varð að klifra yfir (girðingin) ..... þar sem hliðið var læst

með (stór hengilás) .... En strax og hann var kominn inn í (garðurinn) ..... kom stór hundur á móti (hann) ..... hlaupandi fyrir (húshornið) ..... Páli brá auðvitað mjög í (brún) ..... og tók til (fæturnir) ..... Hann hentist yfir (girðingin) ..... enda taldi hann sig í (bráð lífshætta) .... Í (allur flýtirinn) .... reif hann gat á (buxurnar sínar) .... og hruflaði sig á (annað hnéð) .... — Þar með var góða skapið fokið út í (veður og vindur) .... og Páll lagði af (staður) ..... heim í (þungt skap) .... Hann hugsaði með (afturb. fn.) .... að hann skyldi hringja í (vinur sinn) .... og mælast til (það) ..... að hann losaði sig við (þessi skaðræðisskepna) ....

2) Sterkar líkur eru til (það) ..... að á (flest heimili) .... sé að finna tölvu í (ein eða önnur mynd) .... Ef við lítum á (sjónvarpstæki) ..... með (fjarstýring) ..... þá má búast við (það) .... að tölva leynist í (hún) ..... Sama er að segja um (venjuleg fataþvottavél) .... með (mismunandi prógrömm) .... Símar, sem leggja símanúmer á (minnið) .... og hringja í (þau) .... þegar þrýst er á (hnappur), ... hafa sömuleiðis að geyma tölvu. Það færist líka stöðugt í (vöxtur) ..... að á (heimili) ..... sé að finna ósvikna örtölvu sem er til (margir hlutir) .... gagnleg. Flestir nota þær líklega til (leikir) ..... en þær eru einnig notaðar í (stór stíll) .... við (önnur viðfangsefni) ....

3) Á (Ísland) ..... er það skylda að nota bílbelti, en það fór hins vegar í (taugarnar) ..... á (margir) ..... að engin viðurlög skuli hafa verið við (það) ..... að nota þau ekki. Á (árið 1985) .... var fellt í (neðri deild Alþingis) .... á (jöfn atkvæði) .... að (viðhaft nafnakall) .... frumvarp nokkurra þingmanna úr (allir stjórnmálaflokkar) .... sem fól í (afturb. fn.) .... að beitt yrði sektum gegn (þeir) ..... sem ekki vilja spenna um (afturb. fn.) .... beltin. Á (árið 1987) .... voru þó samþykkt ný umferðarlög sem fela það meðal (annað) ..... í (afturb.fn.) .... að öllum er gert skylt að vera „spenntir" — og enn fremur skal ekið með (full ljós) ..... að (viðlagðar sektir) .....

4) Í (veðurfréttirnar) ..... í (gærmorgunn) ..... sagði Veðurstofan frá (það) ..... að í (hún Reykjavík) .... hefði rignt um (ao.) (3 millimetrar = mm.) .... í (fyrrinótt) ..... og hefði úrkoman um (nóttin) ..... hvergi mælst meiri á (landið) ..... Þá var þess getið að til (sól) ..... hefði sést í tæplega (ein stund) .... í (fyrradagur) .....

2. kafli

Forsetningar notaðar með þjóðlöndum

2.1 Dvöl

Til að tákna **dvöl í landi** eru notaðar forsetningarnar **á** eða **í** að viðbættu þágufalli. Meginreglan er sú að notuð er forsetningin **í**, en forsetningin **á** er einkum notuð ef um er að ræða *eyjar* eða *skaga*. Dæmi:

í: Í Englandi, Hollandi, Austurríki, Svíþjóð, Noregi ....

á: Á Íslandi, Möltu, Filippseyjum, Grænlandi, Kúbu, Grenada, Korsíku, Sikiley, Mön, Írlandi, Falklandseyjum, Havaí, Spáni, Ítalíu, Indlandi ....

Frá þessari „reglu" eru fjölmargar undantekningar, einkum með íslenskum staðarnöfnum, t.d.:

(1) **Í** Vestmannaeyjum, Grímsey, Viðey, Engey, Drangey ....

Með tilliti til þessarar óreglu verða forsetningar með landaheitum tilgreindar innan sviga í þriðja dálki í þeim lista sem sýndur verður í kafla 2.3.

2.2 Hreyfing

Til að tákna *hreyfingu til lands* er notuð forsetningin **til+ef.** en *hreyfing frá landi* er táknuð með forsetningin **frá+þgf.**, t.d.:

(2) Skipið leggur af stað **til Hamborgar** í kvöld
(3) Flugvélin var að koma **frá Kaupmannahöfn** rétt áðan

2.3 Beygingafræði

Athugið að *tungumálaheiti* beygjast alltaf veikt (FV1), t.d. íslenska, enska, danska o.s.frv. — *Þjóðaheiti* beygjast eftir ýmsum flokkum, t.d. Íslendingur, MS1; Norðmaður, ór; Íri, MV1; Dani, MV2. Athugið sérstaklega að ekki er hægt að segja fyrir um það hvort þjóðaheiti sem enda á **-i** beygist eftir MV1 eða MV2.

Listi yfir nokkur algeng landa- og þjóðaheiti

Þjóðaheiti		Heiti lands		Tungumál
lýsingarorð	*nafnorð*			
íslenskur	Íslendingur, MS1	Ísland, NS	(á)	íslenska, FV1
enskur	Englendingur –	England, NS	(í/á)	enska, FV1
hollenskur	Hollendingur –	Holland, NS	(í)	hollenska, FV1
grænlenskur	Grænlendingur –	Grænland, NS	(á)	grænlenska, FV1
sýrlenskur	Sýrlendingur –	Sýrland, NS	(í)	sýrlenska, FV1
svissneskur	Svisslendingur –	Sviss, NS		
breskur	Breti, MV1	Bretland, NS	(í)	
finnskur	Finni, MV1	Finnland, NS	(í)	finnska, FV1
írskur	Íri, MV1	Írland, NS	(á)	írska, FV1
franskur	Frakki, MV1	Frakkland, NS	(í)	franska, FV1
sænskur	Svíi, MV1	Svíþjóð, FS	(í)	sænska, FV1
rúmenskur	Rúmeni, MV1	Rúmenía, FV1	(í)	rúmenska, FV1
egypskur	Egypti, MV1	Egyptaland, NS	(í)	egypska, FV1
amerískur	Ameríkani, MV1	Ameríka, FV1	(í)	
víetnamskur	Víetnami, MV1	Víetnam, NS	(í)	víetnamska, FV1
búlgarskur	Búlgari, MV1	Búlgaría, FV1	(í)	búlgarska, FV1
belgískur	Belgi, MV1	Belgía, FV1	(í)	
rússneskur	Rússi, MV1	Rússland, NS	(í)	rússneska, FV1
tékkneskur	Tékki, MV1	Tékkóslóvakía	(í)	tékkneska, FV1
júgóslavneskur	Júgóslavi, MV1	Júgóslavía, FV	(í)	júgóslavneska, FV1
filippínskur	-eyingur, MS1	Filippseyjar	(á)	

gríska	Grikki, **MV2**	Grikkland, NS	(f)	gríska, FV1
danska	Dani, MV2	Danmörk, FS3	(f)	danska, FV1
ítalska	Ítali, MV2	Ítalía, FV1	(á)	ítalska, FV1
japanska	Japani, MV2	Japan, NS	(f)	japanska, FV1
portúgalska	Portúgali, MV2	Portúgal, NS	(f)	portúgalska
albanska	Albani, MV2	Albanía, FV1	(f)	albanska, FV1
þýska	Þjóðverji, **MV1**	Þýskaland, NS	(f)	þýska, FV1
indverska	Indverji, –	Indland, NS	(á)	
pólska	Pólverji, –	Pólland, NS	(f)	pólska, FV1
spænska	Spánverji, –	Spánn, MS	(á)	spænska, FV1
kínverska	Kínverji, –	Kína, NV	(f)	kínverska, FV1
bandaríska	Bandaríkjamaður	Bandaríkin, NPl	(f)	
norska	Norðmaður	Noregur, MS	(f)	norska, FV1
austurríska	Austurríkismaður	Austurríki, NS	(f)	
kúbanska	Kúbumaður	Kúba, FV1	(á)	
argentínska	Argentínumaður	Argentína, FV1	(f)	

2.4 Æfingar

2.1 Myndið þjóðaheiti, lýsingarorð og nafnorð, af eftirfarandi landaheitum:

ungverska	.....	Ungverjaland, NS	(í)	.....
færeyska	.....	Færeyjar, FVPl.	(í)	.....
brasilíska	.....	Brasilía, FV1	(í)	
ástralska	.....	Ástralía, FV1	(í)	
kanadíska	.....	Kanada, NV	(í)	
indónesíska	.....	Indónesía, FV1	(í)	
kóreska	.....	Kórea, FV1	(í)	
arabíska	.....	Saudi-Arabía, FV1	(í)	
alsírska	.....	Alsír, NS	(í)	
angólska	.....	Angóla, NV	(í)	
eþíópíska	.....	Eþíópía, FV1	(í)	

2.2 Fellið viðeigandi forsetningar inn í eyðurnar:

1) Þessi maður er ..... (Kúba) ..... að minnsta kosti hefur hann átt heima ..... (Kúba) .....
2) Hefur þú átt heima .... (Þýskaland) ..... ?
3) Stúlkan er ..... framhaldsnám ..... (England) .....
4) Hvenær ferðu .... (Bandaríkin) ..... ?

5) Hún hefur búið ... (Spánn) ..... í tíu ár
6) Skipið fer ... (Færeyjar) .... og (Noregur) .... í kvöld
7) Hann var að koma ... (Danmörk) ..... núna rétt áðan
8) Miklir kuldar voru .... (Bretland) ..... og ..... (Evrópa) ..... í ár
9) Hún ætlar að flytjast .... (Danmörk) .... eftir jólin
10) Núna eru miklir hitar .... (Ítalía) .....

2.3 Myndið ný orð eftir eftirfarandi munstri og veljið um leið réttar forsetningar:

1) Þeir sem búa **á Íslandi** nefnast **Íslendingar**
2) Þeir sem búa ..... (Kanada) ..... nefnast .....
3) Þeir sem búa ..... (Mexíkó) ..... nefnast .....
4) Þeir sem búa ..... (Írland) ..... nefnast .....
5) Þeir sem búa ..... (Víetnam) ..... nefnast .....
6) Þeir sem búa ..... (Falklandseyjar) ..... nefnast .....
7) Þeir sem búa ..... (Nígería) ..... nefnast .....

3. kafli

Notkun forsetninga er tákna hreyfingu til staðar, dvöl á stað eða hreyfingu frá stað

3.1 Inngangur

Dvöl á stað og **hreyfing frá stað** er táknuð með þrennum hætti í íslensku: 1) með mismunandi forsetningum; 2) með mismunandi föllum og 3) með mismunandi atviksorðum. — Þessi þrjú atriði eru oft samofin þegar táknuð er hreyfing til staðar, frá stað eða dvöl á stað. Í þessum kafla verður fyrst gefið almennt yfirlit (3.2) yfir notkun dvalar- og hreyfiforsetninga, síðan fjallað um þau atviksorð sem algengt er að nota með slíkum forsetningum, þ.e. þau atviksorð sem hafa breytilegar myndir (3.3), þá verður fjallað sérstaklega um **hreyfingu til staðar** (3.4), **dvöl á stað** (3.5) og **hreyfingu frá stað** (3.6) og loks verður drepið á aðrar forsetningar sem notaðar eru til að tákna hreyfingu (3.7).

3.2 Yfirlit

Til yfirlits má flokka forsetningar sem tákna hreyfingu eða dvöl lauslega í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða nokkrar forsetningar með **fastri** fallstjórn, þ.e.:

Dvöl	*Hreyfing frá*	*Hreyfing til*
við, þf.	undan, þgf.	að, þgf.
hjá, þgf.	frá, þgf.	til, ef.
	af, þgf.	
	úr, þgf.	

Hins vegar er um að ræða fjórar forsetningar með **breytilegri** fallstjórn, en þær taka með sér **þolfall** til að tákna **hreyfingu** en **þágufall** til að tákna dvöl:

á,	**þf.= hreyfing**	**þgf.= dvöl**
í,	**þf.= hreyfing**	**þgf.= dvöl**
undir,	**þf.= hreyfing**	**þgf.= dvöl**
yfir,	**þf.= hreyfing**	**þgf.= dvöl**

Sem dæmi um notkun dvalar- og hreyfiforsetninga með fastri fallstjórn skal litið á eftirfarandi setningar:

(1) Bíllinn stendur **við húsið**
(2) Konan stóð lengi **við glugganн** (*hjá glugganum)
(3) Sestu **hjá mér** (fáðu þér sæti **við hliðina** á mér)
(4) Bókin liggur á borðinu **hjá lampanum**
(5) Hann flúði **undan lögreglunni**
(6) Skipið siglir **frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur**
(7) Taktu dúkinn **af borðinu**
(8) Hann tók sætin **úr bílnum**
(9) Hann gekk **að glugganum** (*til gluggans)
(10) Hún kom **til hans** (að honum (önnur merking))

Aftan við sum dæmanna eru stjörnumerktar (*) setningar innan sviga, þ.e. setningar sem telja má ótækar. Þessi dæmi fela í sér mismuninn milli forsetninganna **við** og **hjá** annars vegar og **að** og **til** hins vegar. Það er mjög erfitt að gera grein fyrir mismunandi notkun þessara forsetningapara; notkun þeirra verður að læra smátt og smátt á grundvelli dæma. Þess skal þó freistað að setja fram þumalputtareglu, þ.e. viðmiðunarreglu sem gefur vísbendingu um notkun og mismun þessara forsetninga:

við: táknar dvöl (hvar), oftast notað með hlutum

hjá: táknar dvöl (hvar), oftast notað með persónum

(11) Strákurinn stendur **við borðið**
(12) Skipið liggur **við bryggju**
(13) Strákurinn stendur **hjá mér**
(14) Hann ætlar að gista **hjá frænda sínum**
(15) Þú færð engar upplýsingar **hjá mér**

að: táknar hreyfingu til staðar (hvert), notað með hlutum

til: táknar hreyfingu til staðar (hvert), notað með persónum og staðarheitum

(16) Hann færði sig alveg **að hljómsveitarpallinum**
(17) Vegurinn liggur alveg **að ánni**
(18) Hann ók alveg **að gangbrautinni**
(19) Hann færði sig **til mín**
(20) Skipið er á leið **til Færeyja**
(21) Hann hlýtur að vera á leiðinni **til þín**

Þessar „reglur" eru auðvitað ekki undantekningarlausar frekar en aðrar reglur í íslensku, en það getur verið gott að hafa þær á bak við eyrað. — Til yfirlits skal nú litið á **Mynd I** þar sem notkun flestra hreyfi- og dvalarforsetninga er sýnd:

Mynd I



Dæmi um notkun:

(22) Kötturinn stökk **yfir kassann**	(HREYFING)
(23) Flugan sveimaði **yfir kassanum**	(DVÖL)
(24) Kisa stökk **upp á kassann**	(HREYFING)
(25) Kisa er **uppi á kassanum**	(DVÖL)
(26) Hún gekk **að kassanum**	(HREYFING)
(27) Hann gekk **til mín**	(HREYFING)
(28) Hún stendur **hjá kassanum**	(DVÖL)
(29) Hún stendur **við kassann**	(DVÖL)

(30) Hún skreið **inn í kassann** (HREYFING)
(31) Hún er **inni í kassanum** (DVÖL)

(32) Hann skreið **undir kassann** (HREYFING)
(33) Hann liggur **undir kassanum** (DVÖL)

(34) Hann stökk **ofan af kassanum** (HREYFING)
(35) Hann skreið **út úr kassanum** (HREYFING)

(36) Hann fór **frá kassanum** (HREYFING)
(37) Hann skreið **undan kassanum** (HREYFING)

Rétt er að vekja athygli á því að forsetningarnar **á – af, í – úr** og **frá – til** eru notaðar á kerfisbundinn hátt til að tákna hreyfingu til staðar og frá stað.

3.3 Hreyfi- og dvalaratviksorð

Allmörg atviksorð hafa mismunandi myndir eftir því hvort þau tákna hreyfingu (stefnu) til staðar (HVERT), dvöl á stað (HVAR) eða hreyfingu frá stað (HVAÐAN). Þessi atviksorð eru notuð í nánum tengslum við forsetningar sem tákna hreyfingu eða dvöl. Helstu atviksorðin eru eftirfarandi:

Hreyfing til staðar HVERT	**Dvöl á stað** HVAR	**Hreyfing frá/af stað** HVAÐAN	
út	úti	utan	(að utan)
inn	inni	innan	(að innan)
upp	uppi	ofan	(að ofan)
niður	niðri	neðan	(að neðan)
fram	frammi	framan	(að framan)
aftur	(aftur)	aftan	(að aftan)
heim	heima	heiman	(að heiman)

Að formi til er forsetningin **undir** svipuð ofangreindum atviksorðum:

undir, þf.	undir, þgf.	undan, þgf.

Ofangreind atviksorð eru notuð með mismunandi forsetningum til að tákna hreyfingu eða dvöl, en val forsetningarinnar fer eftir því orði sem hún stendur með, t.d.:

(38) Hann gekk út **á** götuna / óð út **í** ána
(39) Hún gekk upp **á** hæðina / gekk inn **í** húsið

(40) Hún kom út **úr** húsinu / gekk ofan **af** hæðinni
(41) Hann gekk upp **í** brekkuna / upp **á** hólinn

Sem frekari dæmi um notkun ofantalinna atviksorða skulu eftirfarandi setningar tilgreindar:

(42) Hún gekk **út úr stofunni**
(43) Hún er **úti á túni**
(44) Hún kom **utan af götunni**

(45) Hann kom **inn í stofuna**
(46) Hann er **inni í stofunni**
(47) Hann kom **innan úr hellinum**

(48) Hann fór **upp á loft**
(49) Hann er **uppi á lofti**
(50) Hann var að koma **ofan af háalofti**

(51) Hún gekk **niður stigann**
(52) Hann er **niðri í kjallaranum**
(53) Hann kom **neðan úr kjallaranum**

(54) Hún gekk **fram ganginn**
(55) Hún er **frammi á ganginum**
(56) Hún kom **framan af bryggjunni**

(57) Hann fór **heim til sín**
(58) Hann er **heima hjá sér**
(59) Hann kom **heiman frá sér**

(60) Hann skreið **undir teppið** (FORSETNING)
(61) Hann liggur **undir teppinu** (FORSETNING)
(62) Hann skreið **undan sænginni** (FORSETNING)

Atviksorð sem enda á **-an** tákna oftast dvöl ef þau eru notuð með smáorðinu að eins og eftirfarandi dæmi sýna:

(63) Pakkinn er blautur **að utan**
(64) Húfan er loðin **að innan**

(65) Kletturinn er grasi vaxinn **að ofan**
(66) Kassinn er fúinn **að neðan**

(67) Bíllinn er klesstur **að framan og aftan**
(68) Hann verður **að heiman** á afmælinu sínu

Atviksorð sem tákna **áttir** eru notuð á svipaðan hátt eins og eftirfarandi tafla sýnir:

HVERT	HVAR	HVAR	HVAÐAN
suður	fyrir sunnan	syðra	(að) sunnan
norður	fyrir norðan	nyrðra	(að) norðan
austur	fyrir austan	eystra	(að) austan
vestur	fyrir vestan	vestra	(að) vestan

Í fjórða dálki töflunnar er smáorðinu **að** sleppt ef forsetning kemur á eftir (**norðan af landi, austan úr sveit**) en hins vegar haldið ef orðasambandið er notað sem atviksorð. Í þriðja dálki töflunnar eru sýndar orðmyndir (**syðra, nyrðra, eystra** og **vestra**) sem hægt er að nota til að tákna dvöl en slík notkun er ekki mjög algeng, oftast eru orðasambönd í öðrum dálki (**fyrir sunnan** o.s.frv.) notuð. Dæmi:

(69) Hann skrapp **suður (á land)** í gær og er því **fyrir sunnan (syðra)** núna; líklega kemur hann **að sunnan** á morgun

(70) Strákurinn var að koma **sunnan úr Reykjavík** en annars er hann yfirleitt alltaf **syðra, fyrir sunnan**

Hér að framan hefur verið sýnt í grófum dráttum hvernig **hreyfing til staðar, dvöl á stað** og **hreyfing frá stað** er táknuð í íslensku. Enn fremur hefur verið sýnt yfirlit yfir notkun atviksorða sem notuð eru með hreyfi- og dvalarforsetningum, en atviksorð þessi eru breytileg að formi. Í næstu köflum verður litið nánar á hreyfingu **til staðar**, dvöl **á stað** og hreyfingu **frá stað**.

3.4 Hreyfing

3.4.1 Hreyfing til staðar eða á stað

Hreyfing **til staðar** eða **á stað** er táknuð með forsetningum sem langoftast taka með sér stefnuatviksorð. Það fer eftir lögun hlutarins hvert atviksorðið er, t.d. hvort hann er **hár** (**upp á** húsið - **niður í** kjallara), **flatur** (**út á** vatnið), hvort lögun hans felur í sér hugtökin **fram - aftur** (**fram í** bílinn — **aftur í** skottið) o.s.frv. Í fyrsta dálki töflunnar í kafla 3.3 er að finna yfirlit yfir þau atviksorð sem til greina koma, en til glöggvunar skal litið á yfirlitsmynd:

Mynd II



Dæmi um notkun:

(71) Strákurinn stökk **yfir kassann**
(72) Stelpan klifraði **upp á kassann**
(73) Hann gekk **inn í húsið**
(74) Hann gekk **að húsinu, bílnum, skurðinum, ánni, útvarpinu, skápnum, glugganum, símanum**
(75) Hún gekk **til mín, stráksins, Akureyrar, Keflavíkur ...**
(76) Barnið skreið **undir sængina**

Það eru einkum skilin milli 4 og 5 (**að og til**) sem eru óljós, eins og þegar hefur verið minnst á. Í grófum dráttum má segja að **til** sé notað með *persónum* og *staðarheitum* en **að** með *hlutum* auk þess sem stundum má greina nokkurn merkingarmun, þ.e. **til** táknar hreyfingu *til og á stað* en **að** hins vegar hreyfingu *að stað*, þennan mun má tákna svo:



Í dæmum 71–76 er ávallt um raunverulega hreyfingu að ræða en forsetningarnar eru auðvitað notaðar á svipaðan hátt í yfirfærðri merkingu, þ.e. þótt ekki sé beinlínis um hreyfingu að ræða, sbr.:

(77) Hún hljóp **yfir kaflann** — Ég renndi augum **yfir bókina**
(78) Hann fór **á fundinn** — Hún las **á mælinn**

(79) Hún fór **í kápuna** — Hann kíkti **í pokann**
(80) Hann gekk **að tilboðinu** — Ég las **að greinaskilum**
(81) Hún leit **til mín** — Hún las **til miðnættis**
(82) Ég las **undir prófið** — Hún leit **undir borðið**

Forsetningin **fyrir** er stundum notuð ein sér til að tákna hreyfingu (þf.) eða dvöl (þgf.). Oftast er hún þó notuð með atviksorðum, sbr.:

(83) Hann hljóp **fyrir bílinn** (bíllinn var á hreyfingu)
(84) Hann hljóp **fram fyrir bílinn** (bíllinn var kyrrstæður)
(85) Hann stendur **frammi fyrir miklu vandamáli**

3.4.2 Hreyfing fram hjá/meðfram stað og hreyfing fram/aftur/upp/niður fyrir stað

Hreyfing miðað við e–n fastan punkt (stað) er táknuð með forsetningum að viðbættum atviksorðum til að tákna stefnuna eða afstöðuna miðað við viðmiðunarpunktinn. **Myndir III** og **IV** sýna nokkra algenga möguleika:

Mynd III



Mynd IV



Allar þessar forsetningar (eða orðasambönd) miðast við einhvern fastan punkt og lýsa hreyfingum miðað við hann. Val atviksorðs fer eftir þeim hlut sem forsetningin stendur með (**meðfram**, **eftir** felur í sér að hluturinn sé **ílangur**) eða eftir því hvernig hreyfingin er skynjuð (**upp-niður**; **fram-aftur**). Notkun ofangreindra forsetninga og atviksorða er best lýst með tilvísun til **Mynda III** og **IV** og dæmum:

(86) Hann tróðst **fram fyrir mig** í röðinni
(87) Farðu **aftur fyrir mig** í röðinni (röðina)
(88) Hann teygði sig **upp fyrir sig** eftir bókinni
(89) Hún gekk **niður fyrir bæinn**
(90) Hún ók **fram hjá húsinu**; Vagninn ók **fram hjá stoppistöðinni**
(91) Hann gekk **meðfram ánni** (þ.e. alveg við ána)
(92) Hann gekk **fram með ánni** (þ.e. í sömu stefnu, ekki endilega fast við ána)
(93) Hún gekk **eftir götunni**
(94) Kötturinn flúði **bak við tréð**

Einnig er algengt að nota ofantaldar forsetningar á svipaðan hátt þótt ekki sé beint um hreyfingu að ræða, þ.e. málnotandi skynjar hreyfingu í eftirtöldum dæmum:

(95) Hún leit **upp/fram/niður fyrir sig**
(96) Hann kíkti **aftur fyrir bílinn**
(97) **Fram hjá þeirri staðreynd** verður ekki komist að ...
(98) Hann stundar lyftingar **meðfram golfinu**
(99) Hann gekk hart **eftir greiðslunni**
(100) Hann skaut sér **bak við úrelt lög**

Eins og áður var nefnt fer val forsetninga eftir lögun þeirra hluta sem þær standa með (**í — á**) og þeirri stefnu (**inn/út; upp/niður**) sem telja má röklega hverju sinni. Þannig er forsetningin **í** valin ef sá staður sem farið er til „umlykur" mann. Hins vegar er forsetningin **á** valin ef maður er í einhverjum skilningi „ofan á" þeim stað sem farið er til. Þessa „reglu„ ber þó aðeins að hafa til viðmiðunar því að undantekningar eru margar. Dæmi:

(101) Hann er (inni) **í húsinu**
(102) Hún er (uppi) **á fjallstindinum (á balli)**
(103) Hann er í þinghúsinu (á sæti **á þingi**)

Með hvorri forsetninganna um sig er síðan hægt að nota atviksorð eftir því hvernig hreyfingin er skynjuð, t.d.:

(104) Hann fór **inn í húsið** (**fram í** eldhús; **aftur í** bílinn)
(105) Hann óð **út í ána**

(106) Kötturinn klifraði **upp í tréð**
(107) Skíðamaðurinn renndi sér **niður í dalinn**

(108) Hann kom **inn á (völlinn)** í síðari hálfleik
(109) Hann hljóp **út á leikvanginn**

(110) Barnið klifraði **upp á stólinn**
(111) Hún stökk **niður á bryggjuna**
(112) Hann settist **ofan á andstæðing sinn**

Munurinn á atviksorðunum **niður** og **ofan** er ekki alltaf glöggur en virðist einkum felast í því að með **niður** er lögð áhersla á hreyfingu niður á við, en með **ofan** er lögð áhersla á efri hlið (112) eða hærri hluta e–s, þ.e. hreyfingu frá hærri stað til lægri og er þá hærri staðurinn í brennidepli. Í nútíma máli er málnotkun nokkuð á reiki hvað þessa aðgreiningu varðar og stundum er valfrjálst hvor kosturinn er valinn, þ.e. slíkt fer eftir vali málnotanda:

(113) Hann stökk **ofan af borðinu / niður af borðinu**
(114) Steinninn valt **ofan í / niður í fjöru**

Í flestum tilvikum er málnotkun þó ótvíræð, í dæmum 101–112 er t.d. ekkert svigrúm til valfrelsis.

3.5 Dvöl við (þf.) og hjá, á, í, undir (þgf.) stað

Dvöl einhvers staðar er táknuð með býsna fjölbreytilegum hætti í íslensku. Þar fléttast saman forsetningar (sumar með breytilegri fallstjórn) og atviksorð, en val hinna síðarnefndu er að verulegu leyti háð **lögun** hlutarins (**uppi-niðri, frammi-aftur**) eða hvernig hreyfingin er skynjuð (**úti-inni**). Í þessum kafla skal fyrst litið á einstök atriði er varða dvalartáknanir með forsetningum og atviksorðum (sbr. 3.3) en síðan athugað hvernig þessi atriði fléttast saman.

3.5.1 Dvalartáknanir með atviksorðum

Í kafla 3.3 er að finna töflu er sýnir mismunandi myndir atviksorða eftir því hvort þau tákna hreyfingu til staðar, dvöl á stað eða hreyfingu frá stað. Fyrst skal litið á þau atviksorð sem tákna dvöl á stað og sýnt hvernig þau eru notuð með forsetningum:

	við	hjá	á	í	undir
úti			x	x	
inni			x	x	
uppi			x	x	
niðri			x	x	
frammi			x	x	

Taflan sýnir að það eru nánast eingöngu forsetningarnar **á** og **í** sem notaðar eru með dvalaratviksorðum. Það er þó ekki þar með sagt að ekki sé hægt að nota aðrar forsetningar (við, hjá, undir) með slíkum atviksorðum, en slík munstur eru ekki frjó og því er dæmum um slíka notkun sleppt hér. Það er hins vegar mjög algengt að nota forsetningarnar **á** og **í** með dvalaratviksorðum, sbr. eftirfarandi dæmi:

(115) Bóndinn er **úti á túni**
(116) Smiðurinn er **úti í bílskúr**

(117) (Hann situr **inni á skrifstofunni/baði**)
(118) Hann er **inni í stofu**

(119) Hún er **uppi á skrifstofu**
(120) Fuglinn situr **uppi í trénu**

(121) Skipstjórinn er **niðri á bryggju**
(122) Vélstjórinn er **niðri í vélarrúminu**

(123) Sjúklingurinn situr **frammi á gangi**
(124) (Farþeginn situr **frammi í bílnum**)

Ofangreind dæmi eru mjög misalgeng, þau dæmi sem sýna fremur sjaldgæf munstur eru innan sviga.

Algengt er að nota atviksorð sem enda á **-an** til að tákna hreyfingu frá stað (HVAÐAN) með forsetningum, sbr. kafla 3.3 hér að framan og 3.6 hér á eftir. Slík atviksorð er einnig unnt að nota til að tákna **dvöl á stað**. Þá er um tvennt að ræða. Annars vegar stendur forsetningin **við** á eftir atviksorðinu og táknar þá orðasambandið „grófa staðarákvörðun, e-ð er nálægt, e–ð stendur ekki alveg við e–ð." Hins vegar stendur forsetningin **fyrir** á undan atviksorðinu og felur orðasambandið í sér „nákvæma staðarákvörðun miðað við (afstætt) fylgiorð sitt". Þau orðasambönd sem um er að ræða eru eftirfarandi:

	VIÐ	FYRIR
utan (ef.)	utan við (þf.)	fyrir utan (þf.)
innan	innan við	fyrir innan
ofan	ofan við	fyrir ofan
neðan	neðan við	fyrir neðan
framan	framan við	fyrir framan
aftan	aftan við	fyrir aftan

Merkingarmunur orðasambandanna er eins og áður sagði að þau fyrrnefndu (**utan við**) geta falið í sér ónákvæmari staðarákvörðun en þau síðarnefndu (**fyrir utan**) en oft er þessi munur óskýr. Hvað notkun varðar ber þess að geta að **fyrir**-orðasamböndin er hægt að nota sem atviksorð:

(125) Hann á heima rétt **utan við bæinn** (fyrir utan)
(126) **Innan við þorpið** er fótboltavöllur (fyrir innan)

(127) **Ofan við bæinn** er klettabelti (fyrir ofan)
(128) **Neðan við túnið** rennur lækur (fyrir neðan)

(129) **Framan við húsið** er grasflöt (fyrir framan)
(130) **Aftan við húsið** er leiksvæði (fyrir aftan)

(131) Hann bíður **fyrir utan** (ao.)
(132) Bíddu **fyrir innan** (ao.)

Hér að framan hefur aðeins verið drepið á nokkur atriði er máli skipta við dvalartáknanir í íslensku. Hin atriðin, sem ekkert er minnst á, eru auðvitað miklu fleiri og um leið óreglulegri. Þess verður ekki freistað hér að reyna að gera dvalartáknunum frekari skil heldur verður sú leið farin að reyna að skerpa nokkuð myndina með notkunardæmum, tengdum myndum.

Mynd V



Skiptið myndinni í þrennt eftir því sem:

1) Umhverfis húsið er
2) Inni í húsinu er
3) Afstætt er — miðað við húsið

Notkunardæmi:

(133) **Fyrir ofan húsið** er klettabelti
(134) **Yfir húsinu** svífur flugdreki
(135) **Uppi á húsinu** situr fugl

(136) **Fyrir framan húsið** er grasflöt
(137) **Framan við húsið** er grasflöt
(138) **Vinstra megin við húsið** er bílskúr
(139) **Til vinstri við húsið** er bílskúr
(140) **Fyrir aftan húsið** er kartöflugarður
(141) **Aftan við húsið** er kartöflugarður
(142) **Hægra megin við húsið** er geymsluskúr
(143) **Til hægri við húsið** er geymsluskúr

(144) **Undir húsinu** er kjallari
(145) **Fyrir neðan / neðan við húsið** er lækur
(146) **Til hliðar við húsið** er bílastæði

(147) **Uppi á lofti** (í húsinu) er geymsla
(148) **Inni í húsinu** er nóg pláss
(149) **Fremst í húsinu** er forstofa
(150) **Innst í húsinu** er baðherbergi

(151) **Til hliðar við húsið** er stórt tré
(152) **Við húsið** (ótiltekið hvar) stendur bíll
(153) **Rétt hjá húsinu** er símaklefi
(154) **Á bak við húsið** er skúr
(155) **Handan hússins** (ekki mjög nálægt því) er hóll

3.6 Hreyfing frá, af, úr stað (þgf.)

Hreyfing frá stað er ýmist táknuð með forsetningum með fastri fallstjórn (1–4) eða forsetningum með breytilegri fallstjórn (5–6), sbr. kafla 3.2. Með þessum forsetningum eru síðan oftast notuð atviksorð, sbr. töflu í kafla 3.3. Eftirfarandi forsetningar eru notaðar til að tákna hreyfingu frá stað:

Mynd VI



(1) frá kassanum; (2) ofan af kassanum; (3) út úr kassanum;
(4) undan kassanum; (5) niður á gólfið; (6) niður í brunninn.

Dæmi um notkun:

(156) Hann fór **frá kassanum** (gekk frá kassanum, ekki hreyfing)
(157) Hann gekk **frá Reykjavík** til Keflavíkur
(158) Hann stökk **ofan af kassanum**
(159) Hann skreið **út úr kassanum**
(160) Hann skreið **undan kassanum**
(161) Hann stökk (ofan) af kassanum **niður á gólfið**
(162) Hann datt ofan af lofti **niður í kjallara**

Ef borin eru saman dæmi (156) annars vegar og (159-160) hins vegar sést að oft er valfrjálst við hvaða punkt er miðað, þ.e. hægt er að miða við þann stað sem farið er FRÁ (156) eða þann stað sem farið er TIL (159-160).

Athugið sérstaklega að forsetningarnar **úr, af (þgf.), í og á (þf.)** taka nánast alltaf með sér atviksorð til að tákna hreyfingu til staðar eða frá stað, sbr. kafla 3.3. Það er þó mjög mismunandi hve algeng slík orðasambönd eru og því verða hin algengustu feitletruð í eftirfarandi töflum:

I. Hreyfing af ákveðnum stað

(ÚT)	**út úr**	- út af
(INN)	inn úr	- inn af
(UPP)	**upp úr**	- upp af
(NIÐUR)	niður úr	- niður af
(FRAM)	**fram úr**	- fram af
(AFTUR)	aftur úr	- aftur af

II. Hreyfing frá ákveðnum stað

(ÚTI)	UTAN	**utan úr**	- utan af
(INNI)	INNAN	**innan úr**	- innan af
(UPPI)	OFAN	**ofan úr**	- ofan af
(NIÐRI)	NEÐAN	**neðan úr**	- neðan af
(FRAMMI)	FRAMAN	framan úr	- framan af
(AFTAN)	AFTAN	aftan úr	- aftan af

Dæmi um notkun:

(163) Hann steig **út úr bílnum**
(164) Hann ók **út af veginum**

(165) Vatn spýttist **upp úr holunni**
(166) Reykinn lagði **upp af eldfjallinu**

(167) Hún ók **fram úr mér**
(168) Hún ók **fram af bryggjunni**

(169) Hann kom **utan úr myrkrinu**
(170) Hún er **utan af landi**

(171) Hann kallaði til mín **innan úr hellinum**
(172) Hann kom **innan/framan af ganginum**

(173) Hann datt **ofan/niður úr trénu**
(174) Taskan datt **ofan/niður/aftan af bílnum**

(175) Hann hrópaði **neðan úr holunni**
(176) Hann kallaði til mín **neðan af bryggjunni**

(177) Strákurinn datt **aftan af pallinum**

Athugið að skilin milli **ofan í, þf., ofan á, þf.** annars vegar og **niður í, þf., niður á, þf.** hins vegar eru ekki alltaf ljós, sbr. eftirfarandi dæmi:

(178) Hann stökk **ofan í skurðinn** (miðað við upphafspunkt)
(179) Hún stökk **ofan á pallinn** (miðað við upphafspunkt)
(180) Hann stökk **niður í skurðinn** (miðað við endapunkt)
(181) Hún stökk **niður á pallinn** (miðað við endapunkt)

Í dæmum (178–179) er miðað við þann stað sem farið er **frá** en í dæmum (180–181) er miðað við þann stað sem farið er **til** en annars er lítill sem enginn merkingarmunur á setningunum. Í mörgum tilvikum er valfrjálst við hvað miðað er.

3.7 Aðrar hreyfiforsetningar

Hér að framan hefur einkum verið fjallað um forsetningar sem notaðar eru til að tákna hreyfingu **til staðar** og **frá** og þær sem tákna **dvöl** á stað. Einnig hefur verið minnst á forsetningar sem tákna hreyfingu MEÐFRAM, FRMA HJÁ og EFTIR e–u. Eftir er að fjalla um ýmsar forsetningar sem fela í sér annars kyns hreyfingu. Það verður gert í þessum kafla og verður umfjölluninni skipt í tvennt og notkun forsetninganna sýnd með dæmum.

3.7.1 UM (að viðbættum fylgiliðum)

Forsetningin **um** stýrir þolfalli og notuð ein sér táknar hún ótiltekna eða ómarkvissa hreyfingu um einhvern tiltekinn stað, t.d.:

(182) Ferðast **um landið**, **aka um borgina**
(183) Hún gekk **um gólf**

Með forsetningunni **um** eru oft notuð stefnuatviksorð **út, inn, upp, niður** eða aðrir orðliðir — t.d. **gegnum** — til að afmarka hreyfinguna nánar. Í slíkri notkun merkir **um** nánast „gegnum," þ.e. felur í sér hreyfingu frá tilteknum stað til annars „um" þriðja viðmiðunarpunktinn sem stendur í brennidepli. Eftirfarandi orðasambönd af þessari gerð eru algeng:

(í) gegnum —|—

út um —|
inn um |—

upp um ↑

niður um ↓

Sem dæmi skulu eftirfarandi setningar tilgreindar:

(184) Hann kíkti **gegnum rörið, rifuna**
(185) Hún leit **út um gluggann**; gekk **út um dyrnar**
(186) Það snjóar **inn um gluggann**
(187) Strákurinn skreið **upp um opið**
(188) Vatnið lekur **niður um gatið**

Munurinn á **gegnum** og **út/inn um** virðist einkum sá að **gegnum** felur í sér '(beina og) lengri leið um e–ð' auk þess sem **gegnum** getur falið í sér 'að opnuð er ný leið', t.d.:

(189) Örin smaug **gegnum vegginn**

Loks skal nefnt að **um** er hluti tveggja forsetninga sem fela í sér dvöl eða hreyfingu, þ.e.:

umhverfis (DVÖL)

(í) kringum (HREYFING)

Sameiginlegt ofangreindum tveimur forsetningum er að þær fela í sér dvöl eða hreyfingu eftir HRINGRERLI en það sem skilur þær einkum að er að **umhverfis** vísar til dvalar en **kringum** frekar til hreyfingar, en þessi mörk eru þó ekki skörp:

(190) **Umhverfis vatnið** er skógur (DVÖL)
(191) **Umhverfis húsið** er girðing (DVÖL)
(192) Þeir gengu **kringum vatnið** (HREYFING)
(193) Allt **í kringum verkstæðið (umhverfis)** er rusl (DVÖL)

3.7.2 (Á) móti, (á/í) milli, (á) meðal

Orðasamböndin **(á) móti, (á/í) milli, (á) meðal** fela öll í sér hreyfingu. Merking þeirra er tiltölulega skýrt afmörkuð, en hins vegar er örðugt að gefa viðhlítandi reglur um það hvenær má sleppa **á/í**. Um þetta atriði vísast til notkunardæmanna.

Á MÓTI, þgf., felur í sér hreyfingu andstæða hreyfingu þess sem miðað er við, þ.e.:

á móti: $\longrightarrow\!\!\leftarrow$

(194) Barnið hljóp **á móti foreldrum sínum**
(195) Skipið sigldi **á móti bátnum** (til móts við bátinn)
(196) Hann þurfti að hjóla **á móti vindi** alla leiðina
(197) Svalirnar snúa **á móti suðri**

Langalgengast er að nota **á móti** fullum fetum, eins og dæmin sýna, þótt afbrigðin **móti, mót** séu einnig til.

Á MILLI, ef., felur í sér hreyfingu/dvöl mitt á milli tveggja viðmiðunarpunkta, þ.e.:

á milli: $\bullet \longrightarrow \bullet$

(198) Það er sund **milli hússins og bílskúrsins**
(199) Hann klemmdi sig **milli stafs og hurðar**
(200) Knötturinn hafnaði þrisvar **milli stanganna**
(201) Skipið siglir **milli hafna** á Austurlandi
(202) Hann **gekk á milli góðbúanna**

(203) **Okkar á milli sagt líst mér ekki á ástandið**

Á MEÐAL, ef., felur í sér ótiltekna hreyfingu/dvöl innan einhvers hóps, þ.e.:

á meðal:

(204) **(Á) meðal hrossanna** eru nokkrir gæðingar
(205) Hún gekk um **meðal viðstaddra**
(206) Forsetinn var **meðal áheyrenda**
(207) Nokkrir þekktir íþróttamenn verða **meðal þátttakenda**

(Á) meðal er einnig notað í föstum orðasamböndum, t.d.:

(208) Hann selur **meðal annars (m.a.)** bækur
(209) **Meðal annarra orða** - hvernig fannst þér kvikmyndin?

3.8 Æfingar

3.1 Fellið viðeigandi fallmyndir inn í eyðurnar:

1) Hann hjólaði eftir (vegurinn) ..... og alveg að (brúin) .....
2) Vegurinn liggur fram (dalurinn) ..... alveg niður að (áin) .....
3) Strákurinn klifraði yfir (girðingin) ..... og fór síðan beinustu leið inn í (bílskúrinn) .....
4) Páll settist undir (stýri) ..... (eða **við stýrið**) og ók af (staður) .....
5) Hann ók til (Þingvellir) ..... og lagði bílnum við (söluskálinn) .....; þaðan gekk hann upp í (Almannagjá) ..... og upp að (Öxarárfoss) .....
6) Hann reyndi að klifra upp úr (gjáin) ..... og upp á (gjárbarmurinn) ..... en það mistókst
7) Flugvélin hvarf bak við (fjallið) .....
8) Konan gekk lengi meðfram (áin) .....
9) Bíllinn skaust fram úr (ég) .....
10) Hún stakk eplunum niður/ofan í (pokinn sinn) .... en tók þau síðan upp úr (hann) ..... þegar hún kom heim til (afturb.fn) .....
11) Hún snaraði töskunni upp á (borðið) .....
12) Strákurinn faldi sig bak við (mamma sín) ....
13) Unginn skreið undir (vængurinn) ..... á (mamma sín) ....
14) Strákurinn leit lauslega á/yfir (verkefnið) .....

15) Hann sökkti sér niður í (vinna sín) ....

16) Hún las af (kapp) ..... fyrir/undir (prófið) ..... og komst aftur að (fimmti kafli) ....

17) Hún hljóp yfir (fimmti kafli) .... en las síðan bókina til/á (endi) ..... og taldi sig vel undir (prófið) ..... búna

18) Hann fór í (ný skyrta) .... og setti á (afturb.fn.) ..... fallegt bindi

19) Boltinn skoppaði fyrir (bíllinn) ..... og lenti undir (hann) ..... en sem betur fer lenti hann á milli (hjólin) ..... á (bíllinn) .....

20) Ég var á undan (þú) ..... í (röðin) .....; þú átt ekkert með að vera að troðast fram fyrir (ég) .....

21) Hann gekk að (kassinn) .....

22) Hann gekk frá (Reykjavík) ..... til (Keflavík) .....

23) Hann stökk ofan af (kassinn) .....

24) Hann skreið út úr (kassinn) .....

25) Hann skreið undan (kassinn) .....

26) Hann stökk ofan af (kassinn) ..... niður á (gólfið) .....

27) Hann datt ofan af (loft) ..... niður í (kjallari) .....

28) Hann steig út úr (bíllinn) .....

29) Hann ók eftir (vegurinn) .....

30) Vatn spýttist upp úr (holan) .....

31) Reykinn lagði upp af (eldfjallið) .....

32) Hún ók á eftir (ég) .....

33) Hún ók fram af (bryggjan) .....

34) Hann kom utan úr (myrkrið) .....

35) Hún er utan af (land) .....

36) Hann kallaði til mín innan úr (hellirinn) .....

37) Hann kom innan af (gangurinn) .....

38) Hann datt ofan úr (tréð) .....

39) Taskan datt aftan af (bíllinn) .....

40) Hann hrópaði neðan úr (holan) .....

41) Hann kallaði til mín neðan af (bryggjan) .....

42) Strákurinn datt ofan af (pallurinn) .....

43) Hann stökk ofan í (skurðurinn) ..... (miðað við upphafspunkt)

44) Hún stökk ofan á (pallurinn) ..... (miðað við upphafspunkt)

45) Hann stökk niður í (skurðurinn) ..... (miðað við endapunkt)

46) Hún stökk niður á (pallurinn) ..... (miðað við endapunkt)

47) Hann skrapp í (bærinn) ..... í gær; ég held hann sé enn í (bærinn) ..... og ég hef ekki hugmynd um hvenær hann kemur úr (bærinn) .....

48) Hún fór á (hestbak) ..... í (síðasta vika) .... en var svo óheppin að detta af (bak) ..... og þess vegna hefur hún ekki áhuga á að vera á (hestbak) ..... framar

49) Strákurinn gekk til (ég) ..... en sneri sér síðan strax frá (ég) .....

50) Ætlarðu að ganga til (Keflavík) .....?

51) Spýtan hallast upp við (kassinn) .....

52) Strákurinn flúði undan (rigningin) ..... inn í (tjaldið) .....

53) Fuglinn gerði sér hreiður uppi í (tréð) .....; ég vona bara að ungarnir detti ekki ofan úr (það) ..... þegar þeir skríða úr (eggin) .....

54) Hróp og köll bárust utan af (gatan) .....

55) Strákurinn las frá (morgunn) ..... til (kvöld) .....

56) Hún skrapp suður á (land) ..... nýlega og ætlar að vera fyrir sunnan fram á (vor) ....., kannski alveg fram að (jól) .....

57) Það lekur vatn niður með (skorsteinninn) .....

58) Meðal (bækurnar) ..... eru nokkur þýdd skáldverk

59) Þeir skiptu kökunni á milli (afturb.fn.) .....

60) Þeim var ekið um (borgin) .....

3.2 Fellið viðeigandi forsetningar inn í eyðurnar:

1) Bíllinn stendur ..... húsið

2) Konan stóð lengi ..... gluggann (*hjá glugganum)

3) Sestu ..... mér (fáðu þér sæti við hliðina á mér)

4) Bókin liggur ..... borðinu ..... lampanum

5) Hann flúði ..... lögreglunni

6) Skipið siglir ..... Vestmannaeyjum ..... Reykjavíkur

7) Taktu dúkinn ..... borðinu

8) Hann tók sætin ..... bílnum

9) Hann gekk ..... glugganum (*til gluggans)

10) Hún kom ..... hans (*að honum)

11) Strákurinn stendur ..... borðið

12) Strákurinn stendur ..... mér

13) Hann ætlar að gista ..... frænda sínum
14) Þú færð engar upplýsingar ..... mér
15) Hann færði sig alveg ..... hljómsveitarpallinum
16) Vegurinn liggur alveg ..... ánni
17) Hann ók alveg ..... gangbrautinni
18) Hann færði sig ..... mín
19) Skipið er á leið ..... Færeyja
20) Hann hlýtur að vera á leiðinni ..... þín

3.3 Fellið viðeigandi forsetningar og atviksorð inn í eyðurnar [HREYFI- OG DVALARATVIKSORÐ]:

1) Hann gekk .... götuna / óð .... ána
2) Hún gekk .... húsið / gekk .... hæðina
3) Hún kom .... húsinu / kom .... hæðinni
4) Hann gekk .... brekkuna / .... hólinn
5) Hún gekk .... stofunni
6) Hún er .... túni
7) Hún kom .... götunni
8) Hann kom .... stofuna
9) Hann er .... stofunni
10) Hann kom .... hellinum
11) Hann fór .... loft
12) Hann er .... lofti
13) Hann var að koma .... háalofti
14) Hún gekk ..... stigann
15) Hann er .... kjallaranum
16) Hann kom .... kjallaranum
17) Hún gekk ..... ganginn
18) Hún er .... ganginum
19) Hún kom .... bryggjunni
20) Hann fór heim ..... sín
21) Hann er h..... ..... sér
22) Hann kom h..... ..... sér
23) Hann skreið ..... teppið
24) Hann liggur ..... teppinu

25) Hann skreið ..... sænginni

26) Pakkinn er blautur ....

27) Húfan er loðin ....

28) Kletturinn er grasi vaxinn ....

29) Kassinn er fúinn ....

30) Bíllinn er klesstur .... og .....

31) Hann verður .... á afmælinu sínu

32) Hann skrapp ..... (á land) í gær og er því .... núna; líklega kemur hann .... á morgun (suður — sunnan — syðra)

33) Strákurinn var að koma ..... Reykjavík en annars er hann yfirleitt alltaf .....

3.4 Fellið viðeigandi forsetningar inn í eyðurnar og notið atviksorð eftir því sem við á — [HREYFING TIL STAÐAR/Á STAÐ]:

1) Strákurinn stökk ..... kassann

2) Stelpan klifraði .... kassann

3) Hann gekk .... húsið

4) Hann gekk ..... húsinu, bílnum, skurðinum, ánni, útvarpinu, skápnum, glugganum, símanum

5) Hún gekk ..... mín, stráksins, Akureyrar, Keflavíkur

6) Barnið skreið ..... sængina

7) Hún hljóp ..... kaflann — Ég renndi augum ..... bókina

8) Hann fór ..... fundinn — Hún las ..... mælinn

9) Hún fór ..... kápuna — Hann kíkti ..... pokann

10) Hann gekk ..... tilboðinu — Ég las ..... greinaskilum

11) Hún leit ..... mín — Hún las ..... miðnættis

12) Ég las ..... prófið — Hún leit ..... borðið

13) Hann stendur .... miklu vandamáli

14) Hann tróðst .... mig í röðinni

15) Farðu .... mig í röðinni, röðina

16) Hann teygði sig .... sig eftir bókinni

17) Hún gekk .... bæinn

18) Hún ók .... húsinu — Vagninn ók .... stoppistöðinni

19) Hann gekk ..... ánni (þ.e. alveg við ána)

20) Hann gekk .... ánni (þ.e. í sömu stefnu, ekki endilega fast við ána)

21) Hún gekk ..... götunni
22) Kötturinn flúði .... tréð
23) Hún leit ..... / ..... / .... sig
24) Hann kíkti .... bílinn
25) .... þessari staðreynd verður ekki komist
26) Hann stundar lyftingar ..... golfinu
27) Hann gekk hart ..... greiðslunni
28) Hann skaut sér .... úrelt lög
29) Hann er (inni) ..... húsinu
30) Hún er (uppi) ..... fjallstindinum
31) Hann fór .... húsið (..... ..... eldhús; .... bílinn)
32) Hann óð .... ána
33) Kötturinn klifraði .... tréð
34) Skíðamaðurinn renndi sér .... dalinn
35) Hann kom .... (völlinn) í síðari hálfleik
36) Hann hljóp .... leikvanginn
37) Barnið klifraði .... stólinn
38) Hún stökk .... bryggjuna
39) Hann settist .... andstæðing sinn
40) Hann stökk .... borðinu / .... borðinu
41) Steinninn valt .... / .... fjöru

3.5 Fellið viðeigandi forsetningar og atviksorð inn í eyðurnar eftir því sem við á [DVÖL Á STAÐ]:

1) Bóndinn er .... túni
2) Smiðurinn er .... bílskúr
3) Hann situr .... skrifstofunni
4) Hann er .... stofu
5) Hún er .... skrifstofu
6) Fuglinn situr .... trénu
7) Skipstjórinn er .... bryggju
8) Vélstjórinn er .... vélarrúminu
9) Sjúklingurinn situr .... gangi
10) Farþeginn situr .... bílnum
11) Hann á heima rétt .... bæinn (fyrir utan)

12) .... þorpið er fótboltavöllur (fyrir innan)
13) .... bæinn er klettabelti (fyrir ofan)
14) .... túnið rennur lækur (fyrir neðan)
15) .... húsið er grasflöt (fyrir framan)
16) .... húsið er leiksvæði (fyrir aftan)
17) Hann bíður .... (ao.)
18) Bíddu .... (ao.)
19) .... húsið er klettabelti
20) ..... húsinu svífur flugdreki
21) .... húsinu situr fugl
22) .... húsið er grasflöt
23) .... húsið er þvottasnúra
24) Vinstra megin ..... húsið er bílskúr
25) ..... vinstri ..... húsið er bílskúr
26) .... húsið er kartöflugarður
27) .... húsið er stórt tré
28) Hægra megin ..... húsið er geymsluskúr
29) ..... hægri ..... húsið er geymsluskúr
30) ..... húsinu er kjallari
31) ..... neðan/neðan ..... húsið er lækur
32) ..... hliðar ..... húsið er bílastæði
33) .... lofti (í húsinu) er geymsla
34) .... húsinu er nóg pláss
35) Fremst ..... húsinu er forstofa
36) Innst ..... húsinu er baðherbergi
37) ..... húsið (ótiltekið hvar) stendur bíll
38) Rétt ..... húsinu er símaklefi
39) .... húsið er skúr
40) ..... hússins (ekki mjög nálægt því) er hóll

3.6 Fellið forsetningar og atviksorð eftir því sem við á inn í eyðurnar — [HREYFING FRÁ STAÐ/AF STAÐ/ÚR STAÐ]:

1) Hann datt .... lofti .... kjallara
2) Hann steig .... bílnum
3) Hann ók .... veginum

4) Vatn spýttist .... holunni
5) Reykinn lagði .... eldfjallinu
6) Hún ók .... mér
7) Hún ók .... bryggjunni
8) Hann kom .... myrkrinu
9) Hún er .... landi
10) Hann kallaði til mín .... hellinum
11) Hann kom .... / .... ganginum
12) Hann datt .... trénu
13) Taskan datt .... / .... bílnum
14) Hann hrópaði .... holunni
15) Hann kallaði til mín .... bryggjunni
16) Strákurinn datt .... pallinum
17) Hann stökk.. .... skurðinn (miðað við upphafspunkt)
18) Hún stökk .... pallinn (miðað við upphafspunkt)
19) Hann stökk .... skurðinn (miðað við endapunkt)
20) Hún stökk .... pallinn (miðað við endapunkt)

3.7 Fellið viðeigandi forsetningar inn í eyðurnar [sbr. kafli 3.7]:

1) Þau óku ..... borgina
2) Hún gekk ..... gólf
3) Hann kíkti ..... rörið, rifuna
4) Hún leit .... gluggann; gekk .... dyrnar
5) Það snjóar .... gluggann
6) Strákurinn skreið .... opið
7) Vatnið lekur .... gatið
8) Örin smaug ..... vegginn
9) ..... vatnið er skógur
10) ..... húsið er girðing
11) Þeir gengu ..... vatnið
12) Allt .... verkstæðið er rusl
13) Barnið hljóp .... foreldrum sínum
14) Skipið sigldi .... bátnum (..... móts ..... bátinn)
15) Hann þurfti að hjóla .... vindi alla leiðina

16) Svalirnar snúa .... suðri
17) Það er sund .... hússins og bílskúrsins
18) Hann klemmdi sig ..... stafs og hurðar
19) Knötturinn hafnaði þrisvar ..... stanganna
20) Skipið siglir ..... hafna ..... Austurlandi
21) Hann gekk .... góðbúanna
22) Okkar .... sagt líst mér ekki á ástandið
23) ..... hrossanna eru nokkrir gæðingar
24) Hún gekk um ..... viðstaddra
25) Forsetinn var ..... áheyrenda
26) Nokkrir þekktir íþróttamenn verða ..... þátttakenda
27) Hann selur ..... annars bækur
28) ..... annarra orða — hvernig fannst þér kvikmyndin?

3.8 Ýmsar æfingar:

Mynd VII



1) Tölusetjið setningarnar til samræmis við myndina:

Efst í tunnunni er mjöl
Neðst í tunnunni er sykur
Ofarlega í tunnunni eru vínber
Neðarlega í tunnunni er hveiti
Á bak við tunnuna liggur skófla (fyrir aftan tunnuna, aftan við tunnuna)
(Rétt) við tunnuna liggja vettlingar
Fyrir framan/framan við tunnuna eru vettlingar
Til hliðar við tunnuna liggur sög
Vinstra megin við tunnuna er sög
Hægra megin við tunnuna eru vettlingar
Ofan við tunnuna er ekkert að sjá
Kisa stökk ofan í tunnuna
Kisa skreið niður í tunnuna
Kisa flúði bak við tunnuna

2) Fellið inn réttar forsetningar:

(a) Hvað er ..... tunnunni?
(b) Hvað er .... tunnuna? (behind)
(c) Hvað er .... tunnuna? (in front of)
(d) Maðurinn fyllti tunnuna ..... vatni
(e) Konan hellti öllu vatninu ..... tunnunni
(f) Maðurinn hellti vatni aftur ..... tunnuna
(g) Strákurinn setti lokið ..... tunnuna
(h) Stelpann sló botninn ..... tunnunni
(i) Það er gat ..... tunnunni; hver boraði gat ..... tunnuna?
(j) ..... tunnuna miðja er gjörð

Mynd VIII



3) Tölusetjið dæmin til samræmis við myndina:

Konan gengur eftir götunni
Barnið gekk meðfram götunni
Hann gekk beint yfir götuna
Hún fór skáhallt yfir götuna
Barnið stendur við gangbrautina
Það ætlar að fara yfir götuna á gangbrautinni
Það á að aka á hægri vegarhelmingi

4) Fellið inn réttar forsetningar:

(a) Hann á heima ..... þessa götu (..... þessari götu)
(b) Húsið stendur ..... götuna
(c) Bíllinn stendur ..... götunni
(d) Bíllinn stansaði ..... gangbrautina
(e) Barnið gekk ..... gangbrautinni ..... grænu ljósi

(f) Það má ekki aka ..... rauðu (ljósi)
(g) Bíllinn ók .... gangstéttina
(h) Bíllinn beygði .... götuna
(i) Bíllinn beygði .... götunni
(j) Það eru margar ójöfnur ..... götunni

Mynd IX



5) Tölusetjið dæmin eftir myndinni:

Bílstjórinn situr fremst í rútunni
Páll situr aftast í rútunni
Ég ætla að sitja í miðri rútunni / rútunni miðri
Milli sætanna fyrir miðju í rútunni er gangur
Siggi stendur fyrir aftan rútuna
Gunna stendur fyrir framan rútuna
Bifvélavirkinn liggur undir rútunni
Farangurinn er uppi (á þaki) á rútunni

6) Fellið viðeigandi forsetningar inn í eyðurnar:

(a) ..... dag ætla krakkarnir að fara ..... skólaferðalag
(b) Þau fara ..... rútu
(c) Allir krakkarnir vilja sitja ..... glugga
(d) Flestir vilja sitja .... rútunni, eða rétt ..... (x2) ..... bílstjórann
(e) Bílstjórinn er ekki sestur ..... stýrið

(f) Áður en lagt verður ..... stað þarf að koma öllum farangrinum fyrir .... þaki ..... rútunni

(g) Það þarf að búa vel ..... farangurinn svo að hann detti ekki .... þakinu þegar rútan er komin ..... ferð

(h) Það er góð regla að líta .... og .... bifreiðar áður en lagt er ..... stað

Mynd X



7) Tölusetjið dæmin til samræmis við myndina:

Þorpið stendur á nesinu
Innst í þorpinu er frystihús
Prestsetrið er yst í þorpinu
Læknirinn býr utarlega í þorpinu
Báturinn liggur við bryggjuna
Sjómaðurinn stóð yst / fremst á bryggjunni
Báturinn liggur á víkinni
Báturinn er bundinn í víkinni
Við víkina er bátanaust
Strákurinn stendur úti á tanganum
Yst á nesinu er viti
Börnin léku sér í fjörunni
Báturinn liggur fram undan nesinu
Báturinn er úti á sjó

8) Fellið viðeigandi forsetningar í eyðurnar:

(a) ..... myndinni eigum við að sjá nes ..... lofti
(b) Nesið teygir sig .... sjóinn
(c) ..... nesinu er lítið þorp
(d) Rétt .... þorpið er bóndabær
(e) .... þorpinu er frystihús, rétt ..... bryggjuna
(f) ..... bryggjuna eru örugglega bátar, nema þeir séu allir úti ..... sjó ..... veiðar
(g) Austur ..... þorpinu er vík og ..... hana austanverða gengur tangi .... sjóinn
(h) Það er bannað að veiða ..... víkinni
(i) Vitinn .... nesinu sendir ..... sér ljósmerki
(j) Báturinn sigldi ..... nesið

Mynd XI



(a) Bærinn stendur ..... brekku
(b) .... hann er klettabelti, en .... hann rennur lækur .... litla tjörn
(c) Nokkrar endur eru að synda ..... tjörninni og kannski eru síli ..... henni
(d) Endurnar kafa .... tjörnina ..... sílunum

(e) Rétt ..... bæinn er trjágarður ..... mörgum tegundum ..... trjám
(f) Skammt ..... bænum er tún; kýrnar eru ..... beit .... túni
(g) ..... klettabeltinu .... bæinn er foss
(h) Bóndinn er .... fjósi en konan .... eldhúsi
(i) Krakkarnir eru ..... tjörnina eða .... brekkunni
(j) Það sem er .... bæinn sést ekki
(k) Það sem er ..... hægri ..... bæinn er austanmegin ..... hann
(l) Það sem er ..... vinstri ..... bæinn er vestanmegin ..... hann
(m) Einar dyr eru ..... bænum og .... þekjunni stendur reykháfur. Reykurinn liðast .... strompinum

3.9 Fellið atviksorð og forsetningar inn í eftirfarandi munstur:

UPP — UPPI — OFAN

a) Hann er **uppi í skóla** **uppi á lofti**
b) Hann kom **ofan úr skóla** **ofan af lofti**

1) Hann er ..... (sveit)
2) Hann var að koma ..... (sveit)
3) Hún á heima ..... (Breiðholt)
4) Vagninn var að koma ..... (Breiðholt)
5) Hann er að mála ..... (þak)
6) Hann stökk ..... (þakið)
7) Hann býr ..... (Kjalarnes)
8) Rútan var að koma ..... (Kjalarnes)

NIÐUR — NIÐRI — NEÐAN

c) Hann er **niðri í kjallara** **niðri á bryggju**
d) Hann kom **neðan úr kjallara** **neðan af bryggju**

1) Hann er ..... (fjara)
2) Hann kom ..... (fjara)
3) Hún er ..... (bær)
4) Hún var að koma ..... (bær)
5) Hann er ..... (bryggja)
6) Hann kallaði til mín ..... (bryggjan)
7) Hann er ..... (lögreglustöð)
8) Hann hringdi í mig ..... (lögreglustöðin)

ÚT — ÚTI — UTAN

e) Hann er **úti í garði** **á götu(nni)**
f) Hann kallaði **utan úr garði** **utan af götu**

1) Hún er ..... (sjoppa)
2) Hún var að koma ..... (búð)
3) Hann beið ..... (kuldinn)
4) Hann kom ..... (myrkrið)
5) Hann stóð ..... (tröppur)
6) Hann var að koma ..... (tún)
7) Hann beið ..... (stéttin)
8) Hann kallaði til mín ..... (stéttin)

INN — INNI — INNAN

g) Hún er **inni í stofunni** **inni á skrifstofunni**
h) Hún kom **innan úr stofunni** **innan af skrifstofunni**

1) Hann er ..... (hellirinn)
2) Hann skreið ..... (hellirinn)
3) Hún er ..... (göngin)
4) Hún kom ..... (göngin)
5) Hún liggur ..... (stofa (x2))
6) Hróp heyrðust ..... (stofa (x2))

FRAM — FRAMMI — FRAMAN

i) Hann situr **frammi í bílnum** **frammi á gangi**
j) Hún kallaði **framan úr bílnum** **framan af ganginum**

1) Hann stendur ..... (eldhús), (rúta,dyr)
2) Hann kallaði ..... (eldhúsið), (bær)
3) Hann bíður ..... (nesið), (bryggja)
4) Hann gekk til mín ..... (nesið)

AFTUR — AFTUR — AFTAN

k) Bókin var skrifuð einhvern tímann **aftur í grárri forneskju**
l) Handritið er **aftan úr grárri forneskju**

1) Hann situr ..... (bíllinn)
2) Kerran losnaði ..... (bíllinn)

3) Barnið féll ..... (pallurinn)

3.10 Fellið viðeigandi forsetningar - og atviksorð eftir þörfum - inn í eyðurnar, sbr. innan sviganna:

1) Strákurinn hljóp (ao.+fs.+kjallari) .... (x3)
2) Bókin liggur (fs.+borðið) .... (ao.+fs.+stofa) ....
3) Strákurinn hljóp (ao.+fs.+kjallari) .... (x3)
4) Bókin liggur (fs.+borðið) .... (ao.+fs.+stofa) ....
5) Hann bíður eftir þér (ao.+fs.+gangur) ....(x3)
6) Þú skalt halda þig (fs.+ao.+ég) ....(x3)
7) Litli strákurinn sefur (fs.+ao.+mamma sín) ....(x2)
8) Stelpan kíkti (fs.+sængin (þf./þgf.)) ....
9) Hann stóð (fs.+hliðin) .... (fs.+vörðurinn) ....
10) Hvað ertu að gera (ao.+fs.+þak) ....?
11) Komdu í einum grænum (ao.+fs.+þakið) ....
12) Ég kem (ao.+fs.+þakið) .... ef þú hlýðir mér ekki (fs.+hvellur) ....
13) (ao.+fs.+höllin) .... er falleg tjörn
14) (ao.+fs.+höllin) .... er hins vegar trjágarður
15) Flugvélin hringsólaði (fs.+vatnið) ....
16) (fs.+rúmið) .... hangir falleg mynd (fs.+gylltur+rammi) ....
17) Hún hengdi myndina (fs.+ao.rúmið) ....
18) Hann fór (ao.+fs.+loft) .... rétt áðan
19) Ég ætla að fá mér göngutúr (fs.+sjórinn) ....
20) Hann flýtti sér (fs.+húsið) .... (x2)
21) Þú verður að horfa (ao.+fs.+þú) .... þegar þú ekur
22) Bókin liggur (fs.+borðið) .... (fs.+ao.+þú) ....
23) Þú verður að horfa (ao.+fs.+þú) .... þegar þú ekur
24) Hann gleymdi að líta (ao.+fs.+afturb.fn.) .... þegar hann bakkaði og lenti því (fs.+annar bíll) ....
25) Hann beið (ao.+fs.+herbergið sitt) ....
26) Hann beið lengi (fs.+læknastofan) ....
27) Hún var (fs.+bók) .... (fs.+borðið) .... (fs.+ao.+afturb. fn.) ....

28) Þú varst (fs.+ao.+ég) ... . (fs.+röðin) .. ..

29) Strákurinn faldi sig ((fs.)+no.+fs.+tréð) ....

30) Þú varst (fs.+ao.+ég) .... (fs.+röðin) ....

31) Vertu ekki að reyna að troða þér (ao.+fs.+ég) ....

32) Hún stóð lengi (fs.+glugginn) ....

33) Hann fékk sér sæti (fs.+borðið) .... (fs.+ég) ....

34) Hann flýtti sér (fs.+ég) ....

35) Hann svaf (fs.+kl. 10) .... (fs.+kl. 8) ....

36) Hann klæddi sig (fs.+buxurnar) ....

37) Barnið hljóp (fs.+bíllinn) ....

38) Þessi kassi er (fs.+ég(þf./þgf.)) ....

39) Bíllinn ók (fs.+vegurinn) ....(x2)

40) Stelpan hljóp (fs.ao.+bróðir sinn) .... (x2)

41) Hann gekk (fs.+gatan) .... og (ao.+fs.+brúin) ....

42) Steinninn valt (ao.+hlíðin) .... og alla leið (ao.+ fs.+fjara) ....

43) Skipið lá (fs.+akkeri, Pl.) .... (ao.+fs.+fjörðurinn) ....

44) Dimm rödd heyrðist (ao.+fs.+hellirinn) ....

45) Hún kallaði (fs.+ég) .... (ao.+fs.+turninn) ....

46) Hann datt (ao.+fs.+holan) ....

47) Hann kallaði (fs.+ég) .... (ao.+fs.+holan) ....

48) Þú skalt ekki henda bókinni ..... þér

49) Þú gætir þurft að grípa ..... hennar seinna

50) Hann er að glöggva sig ..... notkun forsetninga

4. kafli

Forsetningar með breytilegri fallstjórn

Í kafla III hefur m.a. verið fjallað um forsetningarnar **í, á, undir** og **yfir** en allar þessar forsetningar hafa breytilega fallstjórn, þ.e. taka ýmist með sér **þolfall** (hreyfing) eða **þágufall** (dvöl) eftir merkingu. Hin breytilega fallstjórn þeirra er því að verulegu leyti **regluleg** (fyrirsegjanleg) en það sama verður ekki sagt um aðrar forsetningar sem hafa breytilega fallstjórn. Að vísu virðast svipaðar reglur gilda að nokkru leyti um forsetninguna **fyrir**, þ.e. þegar hún táknar hreyfingu eða dvöl, en að öðru leyti er notkun hennar býsna óregluleg.

Hér á eftir verður fjallað um fjórar forsetningar með breytilegri fallstjórn, þ.e. **eftir, fyrir, með** og **við** en þessar forsetningar eru að því leyti erfiðar viðfangs að mjög örðugt er að segja fyrir um fallstjórn þeirra auk þess sem notkun (merking) þeirra er mjög fjölbreytileg. — Í stórum dráttum má raunar segja að notkun þeirra verði að læra af orðabók.

Í fyrsta kafla var gefið yfirlit yfir notkun þessara forsetninga eins og annarra, og vísast til þess. Í þessum kafla verður reynt að gefa frekari ábendingar um notkun þessara fjögurra forsetninga en megináhersla verður lögð á að gefa dæmi sem telja má algeng og einkennandi.

4.1 Eftir

Eftir stýrir oftast **þágufalli** (83%) en tekur þó oft með sér **þolfall** (17%). Þær hlutfallstölur sem gefnar eru innan sviga sýna hlutföllin í því dæmasafni sem liggur til grundvallar þeim niðurstöðum sem settar eru fram í þessari bók. Þær ættu að gefa nokkuð örugga ábendingu um þetta atriði en ber þó ekki að taka bókstaflega, til þess eru dæmin of fá. Hér verður dæmum um notkun forsetningarinnar **eftir** skipt í þrennt: **eftir** með **þolfalli**, **eftir** með **þágufalli**

og **á eftir** með **þágufalli.**

EFTIR með **þolfalli** er notað í ferns konar merkingu: (a) um tíma eða röð; (b) um afleiðingu eða orsök; (c) e–ð er af völdum e–s, stafar af frumkvæði e–s; (d) annað:

(a) „tími, röð"

(1) Ég kem **eftir þrjá tíma; eftir stutta stund; eftir tvo daga**
(2) Hann hefur hvað **eftir annað** komið of seint
(3) Hann erfði allt **eftir föður sinn**

(b) „afleiðing, orsök "

(4) Hann er uppgefinn **eftir vinnuna**
(5) Hún er þreytt **eftir hlaupin**

(c) „höfundur, frumkvöðull"

(6) Bókin er **eftir hann**; þetta er **eftir þig**
(7) Hjólförin **eftir bílinn** eru djúp

(d) „annað"

(8) Láta e–ð sjást **eftir sig**
(9) Hann er **eftir sig** eftir erfiðið

EFTIR með **þágufalli** er fjölbreytilegt í notkun. Hér verður gert ráð fyrir ferns konar notkun: (a) í merkingunni „samkvæmt"; (b) til að tákna þá leið sem farin er og tíma í yfirfærðri merkingu; (c) í ýmsum samböndum þar sem **eftir** stendur sem sagnarögn (particle); (d) tilgangsmerking, til að fá eða öðlast e–ð:

(a) „samkvæmt, í samræmi við; miðað við"

(10) Þetta er **eftir nýjustu tísku**
(11) **Eftir höfðinu** dansa limirnir
(12) Hún vinnur að því **eftir mætti, megni, getu** að samkomulag náist
(13) Samkomulagið er viðunandi **eftir atvikum**
(14) Hann verður að haga sér **eftir aðstæðum**
(15) Farðu **eftir leiðbeiningunum; eftir ábendingum** kennarans
(16) Hann kemur **eftir því** sem ég best veit
(17) Fréttin er **eftir bestu heimildum**
(18) Fréttin er skrifuð **eftir minni**
(19) Stúlkan var heitin **eftir móður sinni**
(20) Þú mátt nota verkfærin **eftir hendinni**

(b) „leið, röð; tími“

(21) Hann gekk **eftir götunni**
(22) Hann á að rigna e–ð fram **eftir degi**
(23) Hann bar fyrir sig gleymsku og þar fram **eftir götunum**

(c) „sagnarögn“

(24) Hann sér **eftir því** að hafa farið [EFTIRSJÁ]
(25) Taktu **eftir því** sem sagt er [EFTIRTEKT]
(26) Hún sækist ekki **eftir starfinu** [EFTIRSÓKN]
(27) Barnið hermir allt **eftir föður sínum** [EFTIRHERMA]
(28) Líttu **eftir barninu** fyrir mig [EFTIRLIT]
(29) Hún lætur allt **eftir stráknum** [EFTIRLÆTI]
(30) Ég hjó **eftir því** að hann minntist ekkert á slysið
(31) Bíddu **eftir mér**
(32) Hann var inntur **eftir því** hvort hann hefði ekki séð neitt
(33) Ég man ekki **eftir öðru eins veðri**
(34) Illustaðu **eftir barninu**

(d) „tilgangsmerking; til að öðlast e–ð“

(35) Skrepptu út í búð **eftir sígarettum**
(36) Hann er á höttunum **eftir betra starfi**
(37) Fyrirtækið auglýsti **eftir starfsmanni**
(38) Hann er alltaf að snudda **eftir smáfréttum**

Á EFTIR með **þágufalli** er notað um röð, oftast um e–ð sem fylgir, kemur á eftir e–u í beinni merkingu (a), en einnig í yfirfærðri merkingu (b):

(a) „bein merking: röð, e–ð fylgir á eftir e–u“

(39) Hún hljóp **á eftir barninu** (eftir götunni)
(40) Þú komst **á eftir mér** (eftir mér = til að ná í mig)
(41) Hann skellti hurðinni **á eftir sér**

(b) „óbein merking: í sömu átt og ...; of seint“

(42) Hún kallaði **á eftir mér**
(43) Hann horfði **á eftir honum** niður götuna
(44) Strætisvagninn er **á eftir áætlun**
(45) Hann gekk **á eftir henni** með grasið í skónum (þ.e. „dekstraði hana“)

Athugið sérstaklega merkingarmun eftirfarandi dæma:

(46) Flugvélin fór **eftir áætlun** (þ.e. „samkvæmt“)
(47) Flugvélin fór **á eftir áætlun** (þ.e. of seint (í „röð“))

4.2 Fyrir

Forsetningin **fyrir** stýrir ýmist **þolfalli** (30%) eða **þágufalli** (70%), með fyrirvara um hlutfallstölurnar. — Eins og áður var minnst á svipar notkun forsetningarinnar **fyrir** til notkunar forsetninganna **á, í, undir** og **yfir** ef hún táknar hreyfingu eða dvöl. Þannig stýrir **fyrir þolfalli** ef hún táknar HREYFINGU en hins vegar **þágufalli** ef hún táknar DVÖL:

(48) Hann hljóp **fyrir bílinn**	(Sbr. skreið undir/inn í bílinn)
(49) Hann er **fyrir bílnum**	(Sbr. liggur undir/inni í bílnum)
(50) Grípa **fyrir munninn**	(Sbr. stinga e–u í munninn)
(51) Vera með klút **fyrir munninum**	(Sbr. vera með e–ð í munninum)

Að öðru leyti er notkun forsetningarinnar **fyrir** býsna margþætt. Skal nú annars vegar fjallað um notkun **fyrir** með **þolfalli** en hins vegar með **þágufalli**.

FYRIR með **þolfalli.** Hér á eftir verður dæmum um notkun forsetningarinnar **fyrir** skipt í sex liði eftir merkingu: (a) hreyfing; (b) tími; (c) staður (með atviksorðum); (d) þága; (e) orsök; (f) e–ð kemur í stað e–s; (g) í ýmsum orðasamböndum þar sem **fyrir** stendur sem ögn.

(a) „(óeiginleg) hreyfing"

(52) Hann starði **fram fyrir sig**
(53) Það verður að grípa **fram fyrir hendurnar** á honum
(54) Það er girt **fyrir alla sanngirni** í þessu máli
(55) Skrúfaðu **fyrir vatnið**
(56) Það er búið að loka **fyrir rafmagnið**
(57) Hann fékk tak **fyrir hjartað, verk fyrir** brjóstið
(58) Hún fékk hellu **fyrir eyrun** af hávaðanum
(59) Öllum félagslegum forsendum við úthlutun lána hefur verið kastað **fyrir róða**
(60) Hún gat ekki komið því **fyrir sig** hvar hún hefði lesið þetta
(61) Sumir grípa **fyrir nefið** þegar þeir koma í Hvalstöðina
(62) Hún kann að koma **fyrir sig** orði
(63) Hann er ekki ríkur en hefur nóg **fyrir sig** að leggja

(b) „tímatáknun"

(64) Hann veiktist **fyrir hádegi**
(65) Hann tók með sér nesti **fyrir tvo daga**
(66) Hún las vandlega **fyrir tímann**
(67) Barnið fæddist **fyrir tímann**

(68) Þeir eru með birgðir **fyrir heila viku**
(69) Hún kom heim rétt **fyrir jólin**

(c) „staðartáknun"

(70) Hann stendur **fyrir framan/aftan bílinn**
(71) **Fyrir ofan/neðan húsið** er lækur
(72) Líttu **aftur fyrir þig** áður en þú bakkar

(d) „þága: fyrir hönd e-s; greiði"

(73) Hann mætti í réttinum **fyrir bróður sinn**
(74) Hann sagðist mundu greiða skuldina **fyrir bróður sinn**
(75) Lögfræðingurinn hélt uppi vörnum **fyrir mig**
(76) Hann skrifaði bréfið **fyrir mig**
(77) Strákurinn kann að beita bróður sínum **fyrir sig**
(78) MP mun skýra skákirnar **fyrir lesendur** (lesendum)
(79) Ég þakka þér kærlega **fyrir strákinn**
(80) Ég ætla að fá miða **fyrir tvo**
(81) Hann vinnur **fyrir frænda sinn**
(82) Allt erfiðið var unnið **fyrir gýg**
(83) Gerðu það **fyrir mig** að vera stilltur

(e) „orsök: vegna; andvirði"

(84) Hún skammaði hann **fyrir letina**
(85) Þér á eftir að hefnast **fyrir letina**
(86) Sumir lágu honum á hálsi **fyrir friðsemdina**
(87) Hann dáist að bróður sínum **fyrir mikla landafræðikunnáttu**
(88) Hann kemur **þrátt fyrir það** að honum var ekki boðið
(89) Sögurnar eru ekkert sennilegri **fyrir það** ...
(90) Það er óþarfi að hnýta í hana **fyrir letina**
(91) Hann á eftir að hefna sín **fyrir ófarirnar** í síðustu skák
(92) Þetta færðu **fyrir letina**
(93) Hann tók við greiðslu **fyrir verkið, bókina**
(94) Hann keypti sælgæti **fyrir eina krónu**
(95) Hann fær **fyrir ferðina** ef hann kemur of seint
(96) Það var sama hve mikið hann reyndi, allt kom **fyrir ekki**

(f) „sem; í staðinn fyrir"

(97) Strákurinn hefur stólinn **fyrir bíl** (þ.e. sem leikfang)
(98) Fyrirgefðu hve bréfið er stutt, þú verður að taka viljann **fyrir verkið**
(99) Hann lofaði að útvega mann **fyrir sig**

(g) „sem ögn (particle): með so.; með lo.“

(100) Hvað kom eiginlega **fyrir þig!**
(101) Bannað er að eitra **fyrir refinn**
(102) Læknarnir komust **fyrir meinsemdina**
(103) Hann þrætir **fyrir** að hafa sagt þetta
(104) Ég verð að biðja þig **fyrir þetta** (þ.e. leyndarmál)
(105) Hann er svolítið hneigður **fyrir vín**
(106) Hún er lítt gefin **fyrir knattspyrnu**
(107) Það er hollt **fyrir þig** að synda

FYRIR með **þágufalli** er notað á marga vegu og erfitt er að henda reiður á reglu í öllum fjölbreytileikanum. Hér verður gert ráð fyrir sjö merkingarflokkum: (a) dvöl, kyrrstaða; (b) tímatáknun; (c) óþága; (d) vegna, orsök; (e) gagnvart; (f) andvirði; (g) þrátt fyrir það; (h) sem ögn: með sagnorði; með nafnorði; (i) föst orðasambönd.

(a) „dvöl“ (oft yfirfærð merking)

(108) Teldu upp **fyrir mér** eignarfornöfn í íslensku
(109) Hún er að velta því **fyrir sér** að skipta um starf
(110) Hún brýndi það **fyrir barninu** að fara varlega
(111) Hann var handtekinn **fyrir augunum** á vinum sínum
(112) Vertu ekki að flækjast **fyrir mér**
(113) Nú eru aðeins tveir kostir **fyrir höndum**
(114) Hann á langa ferð **fyrir höndum**
(115) Hún er veil **fyrir hjartanu**
(116) Þeir eru með hellu **fyrir eyrunum**
(117) Hann verður að gera hreint **fyrir sínum dyrum**
(118) Hún varð **fyrir slysi, óhappi**
(119) Strákurinn varð **fyrir bílnum**
(120) Hann þóttist sjá það **fyrir sér** að senn yrði kosið
(121) Hún virti málverkið **fyrir sér**
(122) Hvað ætlarðu að hafa **fyrir stafni** í kvöld?

(b) „tímatáknun“

(123) Hann fluttist heim **fyrir tveimur árum**
(124) Ég var **fyrir löngu** búinn að vara þig við
(125) Þú verður að hugsa **fyrir kvöldinu**
(126) Hún fór utan **fyrir þremur árum**

(c) „óþága“

(127) Þjóðverjar töpuðu **fyrir Hollendingum**
(128) Það er ósiður að grípa **fram í fyrir ræðumanni**
(129) Fjárskortur stendur fyrirtækinu **fyrir þrifum**

(130) Strákurinn skemmdi bílinn **fyrir mér**
(131) Hann spillti ánægiunni **fyrir mér**
(132) Vertu ekki að tefja **fyrir vinnandi mönnum**

(d) „vegna; orsök"

(133) Hann hélst ekki við á diskótekinu **fyrir hávaða**
(134) Hún hafði ekki frið **fyrir sölumönnum**

(e) „gagnvart"

(135) Sumir vilja verja skógana **fyrir sauðkindinni**
(136) Hann verður að hliðra til **fyrir sér eldri manni**
(137) Hún heldur sínum hlut **fyrir hverjum sem er**
(138) Hann neitar að beygja sig **fyrir ofbeldinu**
(139) Þeir hneigðu sig **fyrir kennaranum**
(140) Hann skríður **fyrir forstjóranum**
(141) Hún er farin að halda sig til **fyrir strákunum**
(142) Hann var rægður **fyrir verkstjóranum**

(f) „andvirði"

(143) Hann verður að vinna **fyrir kaupinu sínu**
(144) Hann þykist ekki eiga **fyrir tóbaki**
(145) Tekjurnar hrökkva ekki **fyrir kostnaði**
(146) Hún tók við greiðslu **fyrir bókunum** (svo að hún gæti keypt þær)

(g) „þrátt fyrir það"

(147) Blómin er afskorin en ekkert síðri **fyrir því**
(148) Hann er montinn en ég kann ekkert illa við hann **fyrir því**
(149) Hann er ekki skólagenginn en veit sínu viti **fyrir því**
(150) Aðferðin er einföld en jafn vond **fyrir því**
(151) Hann er atvinnulaus en hefur nóg að bíta og brenna **fyrir því**

(h) „sem ögn: með sagnorði; með nafnorði"

(152) Nú getur hann farið að biðja **fyrir sér** (FYRIRBÆNIR)
(153) Þú getur flýtt **fyrir mér** með því að hjálpa mér
(154) Hún finnur ekki **fyrir neinum óþægindum**
(155) Hún hafði mikið **fyrir gestunum** (FYRIRHÖFN)
(156) Hann hafði mikið **fyrir því** að finna bókina (FYRIRHÖFN)
(157) Hafðu ekkert illt **fyrir barninu**
(158) Hann hefur enga tryggingu **fyrir því að fá vinnu við sitt hæfi**

(159) Það er útlit **fyrir austlægri átt** á morgun
(160) Reyndu að hafa vit **fyrir stráknum**
(161) Hann hefur öruggar heimildir **fyrir fréttinni**
(162) Egill hafði orð **fyrir félögum sínum**
(163) Gert er ráð **fyrir talsverðri rigningu** á morgun
(164) Verkstjórinn gerði grein **fyrir framkvæmdum**
(165) Þú verður að gera þér grein **fyrir erfiðleikunum**
(166) Það gengur mikið á **fyrir krökkunum**

(i) „orðasambönd"

(167) Þér er **fyrir bestu** að segja sem minnst
(168) Ég læt þig ekki segja mér **fyrir verkum**
(169) Hún hafði ofan af **fyrir sér** með lestri
(170) Hann er maður **fyrir sínu**
(171) Hún hafði rétt/rangt **fyrir sér**
(172) **Fyrir mér** er hann gleymdur og grafinn
(173) Hann getur gert það sem hann vill **fyrir mér** (mín vegna)

Oft er það svo að fallstjórn er merkingargreinandi, t.d. í eftirfarandi dæmum:

(174) Reiknaðu dæmið **fyrir mig** (þ.e. í minn stað; hjálpaðu mér)
(175) Reiknaðu dæmið **fyrir mér** (þ.e. mér er sama)
(176) Opnaðu **fyrir mig** (þ.e. í minn stað, ég get það ekki)
(177) Opnaðu **fyrir mér** (þ.e. svo að ég komist inn; mér er sama)

4.3 Með

Með stýrir ýmist **þolfalli** (34%) eða **þágufalli** (66%) miðað við þau dæmi sem athuguð voru. Greina má tiltölulega skýrar reglur hvað varðar notkun þolfalls, en notkun þágufalls er margbrotnari.

MEÐ að viðbættu **þolfalli.** Hér verður gert ráð fyrir tveimur flokkum: (a) þegar forsetningin **með** samsvarar sögninni **hafa**; (b) orðasambönd:

(a) „með = hafa"

(178) Hann er **með tillöguna** (þ.e. hefur hana á sér)
(179) Hann kom **með skipið** (þ.e. hann er skipstjóri á skipinu)
(180) Ertu **með kveikjara?** (þ.e. hefurðu kveikjara?)
(181) Hún er **með barnið** í fanginu (en: er **með barni** = þunguð)
(182) Hann gekk á eftir henni **með grasið** í skónum
(183) Það er ósiður að tala **með fullan munninn**
(184) Hann er **með stór eyru, blá augu, beint nef og liðað hár**

(b) „orðasambönd“

(185) Hvernig er það **með hana Gunnu?**
(186) Hún fór illa/vel **með bókina**
(187) Hann er ánægður **með árangurinn**
(188) Hann á auðvelt **með að reikna** (reikninginn)
(189) Hann á í vandræðum **með stærðfræðina**
(190) Hún verslar **með smávöru**

MEÐ að viðbættu **þágufalli.** Notkun forsetningarinnar **með** að viðbættu þágufalli er býsna margbrotin, en þó má segja að hún samsvari ýmsum aukafallsliðum (í fylgd með hverjum, með hverju, með hvaða hætti). Hér verður gert ráð fyrir sex undirflokkum: (a) tímatáknun; (b) til að tákna samfylgd í víðri merkingu; umorða má með forsetningarlið í staðarmerkingu; (c) táknar verkfærið sem e–ð er framkvæmt með; (d) táknar með hvaða hætti e–ð er gert; (e) táknar hreyfingu; (f) notað í föstum orðasamböndum.

(a) „tímatáknun“

(191) Veðrið skánar **með vorinu** (þ.e. hvenær)
(192) Frá og **með morgundeginum** verður opið til kl. 18.00
(193) Á morgun verður rigning **með köflum** (á köflum)
(194) Hann kemur **með höppum og glöppum** á skrifstofuna

(b) „ásamt; staðarmerking“

(195) Hann kom **með skipinu** (þ.e. hann er farþegi **á skipinu**)
(196) Ertu **með félaga þínum?** (þ.e. **í fylgd** með honum)
(197) Bókin er **með mörgum myndum** (þ.e. **í henni** eru myndir)
(198) Innra **með sér** vissi hann að baráttunni var lokið
(199) Ég held þú sért ekki **með réttu ráði**

(c) „verkfæri“

(200) Hún braut rúðuna **með hamri** (þ.e. táknar verkfærið)
(201) Hann skrifar alltaf **með blýanti**
(202) Hún skrúfaði fyrir vatnið **með vinstri hendinni**
(203) Hún rak hann á fætur **með harðri hendi**

(d) „háttur (hvernig)“

(204) Barnið var **með óráði** í alla nótt
(205) Hann er ekki **með hýrri há** (þ.e. ekki glaður)
(206) Hún kom inn **með miklum ofsa**
(207) Hann var myrtur **með köldu blóði**
(208) Hún sigraði **með miklum yfirburðum**
(209) Honum varð hugsað **með söknuði** til æskuáranna
(210) Það endar **með því að** hann hættir

(e) „hreyfing“ (+ ao.)

(211) Hún gekk **niður með læknum**
(212) Skipið sigldi **norður með ströndinni**

(f) „orðasambönd“

(213) Hann er **með tillögunni** (þ.e. sammála henni)
(214) Hann brosti **með sjálfum sér**
(215) Hún fylgdist **með leiknum** í sjónvarpinu
(216) **Með tilliti til** þess hvernig komið er ...
(217) **Með hliðsjón af** fengnum upplýsingum ...
(218) Hann hefur umsjón **með framkvæmdum**
(219) Þeir verða að reyna að jafna ágreininginn **með sér**
(220) Það dró sundur **með hlaupurunum**

Í nútíma íslensku er fallanotkun með forsetningunni **með** stundum á reiki, svo virðist sem notkun þolfalls sé í sókn. Sem dæmi um slíka óvissu má nefna eftirfarandi setningar:

(221) Húsið er **með opnanlega glugga / opnanlegum gluggum**
(222) Bíllinn er með **hvíta lista / hvítum listum**

Segja má að ekki skipti máli hvort opnanlegir gluggar eru óaðskiljanlegir þættir af húsinu, þ.e. hvort húsið **er búið** opnanlegum gluggum, eða hvort húsið hefur opnanlega glugga. Í slíkum dæmum er því svigrúm til að nota hvort sem er, þolfall eða þágufall. Í langflestum tilvikum er þó fallanotkun aðgreinandi, t.d.:

(223) Bíllinn er **með þokuljós** (þ.e. hefur þau kveikt)
(224) Bíllinn er **með þokuljósum** (þ.e. hann er búinn þeim, þau fylgja bílnum)
(225) Skip **með 3000 flóttamenn** (þ.e. hefur 3000 flóttamenn)
(226) Skipið fórst **með allri áhöfn** (þ.e. „ásamt“)
(227) Hann er **með svart** í fyrstu skákinni (þ.e. hefur svart)
(228) Hann teflir vel **með svörtu** („verkfæri“ (?))

Í dæmum 221-228 samsvarar notkun mismunandi falla kerfisbundnum merkingarmun og dæmi þar sem fallanotkun er á reiki eru einangruð og fá og skipta því litlu máli.

4.4 Við

Við stýrir oftast **þolfalli** (72%) en alloft **þágufalli** (28%). Í grófum dráttum má segja að við stýri þolfalli í staðarmerkingu og tímamerkingu en annars þágufalli. Skal nú fjallað nánar um notkun VIÐ með hvoru falli um sig.

VIÐ með þolfalli er einkum notað í fjórum tilvikum: (a) staðartáknun; (b) tímatáknun; (c) sem ögn; (d) í föstum orðasamböndum.

(a) „staðartáknun (hvar)"

(229) Hann sat **við borðið**
(230) Hún er enn **við sama heygarðshornið**
(231) Ég hitti hana **við pósthúsið**
(232) Sestu **við hliðina** á mér
(233) Ertu með blað og blýant **við höndina?**
(234) Mig langar að sitja **við gluggann**
(235) Þeir eiga heima **við sjávarsíðuna**
(236) Stiginn hallast upp **við húsið**
(237) Hann er að hlýja sér **við ofninn**

(b) „tímatáknun; hvenær; þegar"

(238) Bíllinn skemmdist **við árekstur**inn (þ.e. þegar hann varð)
(239) Hann vaknaði **við vondan draum** þegar hringt var inn
(240) Henni batnaði **við meðalið** (þ.e. þegar hún fékk það)
(241) Hann var spurður margs **við yfirheyrslurnar**
(242) Hún neitar að vinna **við slík skilyrði**
(243) Hann kippir sér ekki upp **við smámuni**
(244) Ekki dugir að gefast upp **við mótlætið**

(c) „ögn: með sagnorðum; með lo./ao."

(245) Mig langar að bæta **við það** sem fram kom (VIÐBÓT)
(246) Blaðamaðurinn talaði **við forsetann** (VIÐTAL)
(247) Það má ekki koma **við hana** (VIÐKOMA)
(248) Hann ræður ekkert **við börnin** (VIÐRÁÐANLEGUR)
(249) Afkoma fyrirtækisins er góð miðað **við veltu** (VIÐMIÐUN)
(250) Atvinnurekendur sömdu **við launþega** (VIÐSEMJENDUR)
(251) Honum hefur verið líkt **við einræðisherra**
(252) Það varðar **við lög** að aka drukkinn (VIÐURLÖG)
(253) Ég nenni ekki að deila **við þig** um þetta mál
(254) Hann á **við mig** með þessum orðum
(255) Hún var að ljúka **við matinn** (að borða)
(256) Hætt var **við ferðina**
(257) Sumir búa **við kröpp kjör**
(258) Ég kannast ekkert **við þessa bók**
(259) Henni fellur vel/illa/ekki **við hana**
(260) Hann er farinn að halda í **við sig** (þ.e. um mat)
(261) Hjálpaðu mér **við að leysa** dæmið
(262) Berðu mína ritgerð saman **við þína**
(263) Hann kom illa/vel/ódrengilega fram **við hana**

(264) Hann er hræddur/góður/vondur **við mig**
(265) Honum er illa/vel **við mig**

(d) „föst orðasambönd"

(266) Strákurinn gerir sér dælt **við stelpuna**
(267) Hann á alls kostar **við andstæðing sinn**
(268) Hann á í höggi **við hættulegan andstæðing**
(269) Þú verður að herða þig **við lexíurnar**
(270) Hann er **við góða heilsu** þrátt fyrir háan aldur
(271) Óheppni mín ríður ekki **við einteyming**
(272) Það þýðir ekkert að berja höfðinu **við steininn**
(273) Hún hljóp **við fót** upp brekkuna
(274) Kennarinn sá í gegnum fingur **við strákinn**
(275) Húsið er of hátt í hlutfalli **við lengdina**
(276) Ari kemst ekki til jafns **við Pál** í hástökki
(277) Ari kemst ekki í hálfkvisti **við Pál**

VIÐ með **þágufalli** er einkum notað til að tákna viðbrögð (jákvæð eða neikvæð) gagnvart e–u. Hér verður gert ráð fyrir þrenns konar notkun: (a) viðbrögð; (b) stefna, á móti; (c) ögn: með sagnorðum; með lýsingarorðum og atviksorðum.

(a) „viðbrögð"

(278) Hann lagði blátt bann **við því** að ég færi
(279) Mér býður **við kartöflunum**
(280) Mig klígjar **við matnum**
(281) Mig hryllir **við því** þurfa að vera einn í myrkrinu
(282) Honum hraus hugur **við því** að þurfa að liggja úti
(283) Daufheyrst var **við öllum óskum** um endurskoðun
(284) Hrár laukur er góður **við kvefi**
(285) Það er lítið **við því** að gera ef hann neitar að koma
(286) **Við þessu** er ekkert að segja

(b) „stefna: á móti, gagnvart"

(287) Svona horfir málið **við mér**
(288) Fjallið blasti **við þeim**
(289) Ósigurinn blasti **við liðinu**
(290) Hún brosti **við mér**
(291) Drepa hendi **við sóma sínum**

(c) „ögn: með sagnorði, með lo. / ao."

(292) Hann neitaði að taka **við greiðslunni** (VIÐTAKANDI)
(293) Hún bjóst **við öllu illu** (VIÐBÚINN)
(294) Það er hætt **við** því að lykillinn finnist ekki

(295) Hlífðu mér **við því** að þurfa að hlusta á þetta röfl
(296) Ég vara þig **við því** að segja fleira (VIÐVÖRUN)

4.5 Fallstjórn

Athugið að ef andlag í aukafalli (oftast þgf./ef.) er **nafnháttur** eða **fallsetning** þá er oft skotið inn **aukaandlagi**, þ.e. **því** eða **þessi**, t.d.:

(297) Hún barðist fyrir **því** að fá tillöguna samþykkta
(298) Vertu ekki að hafa fyrir **því** að koma
(299) Hún gerði grein fyrir **því** hvers vegna hún hefði farið
(300) Það endar með **því** að ég hætti
(301) Hann flýtti sér til **þess** að koma ekki of seint

Í slíkum tilvikum er fallstjórn oftast greinilegri en í samsvarandi dæmum sem ekki hafa **nafnhátt** eða **fallsetningu** sem andlag, t.d.:

(302) Hún barðist fyrir **málinu**
(303) Vertu ekki að hafa fyrir **mér**
(304) Hún gerði grein fyrir **skoðun sinni**
(305) Þetta endar með **ósköpum**
(306) Hann flýtti sér til **hennar**

Ef þið eruð í vafa um fallstjórn í dæmum eins og 301–304 skuluð þið því reyna að breyta þeim þannig að þau verði eins og dæmi 297-300 því að þá ættuð þið að skynja betur hvaða fall er við hæfi.

4.6 Æfingar

4.1 Fallstjórn — æfingar úr meginmáli. Fellið réttar fallmyndir orðanna innan sviga inn í eyðurnar:

Eftir

1) Ég kem eftir (þrír tímar) ....; eftir (stutt stund) ....; eftir (tveir dagar) ....
2) Hann hefur hvað eftir (annað) ..... komið of seint
3) Hún er þreytt eftir (hlaupin) .....
4) Hann erfði allt eftir (faðir sinn) ....
5) Bókin er eftir (hún) .....; þetta er eftir (þú) .....
6) Hjólförin eftir (bíllinn) ..... eru djúp
7) Láttu ekki slíkan frágang sjást eftir (þú) .....
8) Hann er eftir (afturb.fn.) ..... eftir erfiðið
9) Þetta er eftir (nýjasta tíska) ....

10) Eftir (höfuðið) ..... dansa limirnir
11) Hún vinnur að því eftir (máttur, megni, geta) .... að samkomulag náist
12) Samkomulagið er viðunandi eftir (atvik) .....
13) Hann verður að haga sér eftir (aðstæður) .....
14) Farðu eftir (leiðbeiningarnar) .....; eftir (ábendingar) ..... kennarans
15) Hann kemur eftir (það) ..... sem ég best veit
16) Fréttin er eftir (bestu heimildir) ....
17) Fréttin er skrifuð eftir (minni) .....
18) Stúlkan var heitin eftir (móðir+sín) ....
19) Þú mátt nota verkfærin eftir (höndin) .....
20) Hann gekk eftir (gatan) .....
21) Hann á að rigna e–ð fram eftir (dagur) .....
22) Hann bar fyrir sig gleymsku og þar fram eftir (göturnar) .....
23) Hann sér eftir (það) ..... að hafa farið
24) Taktu eftir (það) ..... sem sagt er
25) Hún sækist ekki eftir (starfið) .....
26) Barnið hermir allt eftir (faðir+sinn) ....
27) Líttu eftir (barnið) ..... fyrir mig
28) Hún lætur allt eftir (strákurinn) .....
29) Ég hjó eftir (það) ..... að hann minntist ekkert á slysið
30) Bíddu eftir (ég) .....
31) Hann var inntur eftir (það) ..... hvort hann hefði ekki séð neitt
32) Ég man ekki eftir (annað eins veður) ....
33) Hlustaðu eftir (barnið) .....
34) Skrepptu út í búð eftir (sígarettur) .....
35) Hann er á höttunum eftir (betra starf) ....
36) Fyrirtækið auglýsti eftir (starfsmaður) .....
37) Hann er alltaf að snudda eftir (smáfréttir) .....
38) Hún hljóp á eftir (barnið) ..... (eftir gatan)
39) Þú komst á eftir (ég) ..... (eftir mér = til að ná í mig)
40) Hann skellti hurðinni á eftir (afturb.fn.) .....
41) Hún kallaði á eftir (ég) .....

42) Hann horfði á eftir (hann) ..... niður götuna

43) Strætisvagninn er á eftir (áætlun) .....

44) Hann gekk á eftir (hún) ..... með grasið í skónum (þ.e. „dekstraði hana")

45) Flugvélin fór eftir (áætlun) ..... (þ.e. „samkvæmt")

46) Flugvélin fór á eftir (áætlun) ..... (þ.e. of seint (í „röð"))

Fyrir

47) Hann hljóp fyrir (bíllinn) .....

48) Hann er fyrir (bíllinn) .....

49) Hún greip fyrir (munnurinn) .....

50) Hann er með klút fyrir (munnurinn) .....

51) Hann starði fram fyrir (afturb.fn.) .....

52) Þú átt ekki að grípa fram fyrir (hendurnar) ..... á (ég) .....

53) Það er girt fyrir (öll sanngirni) ....

54) Skrúfaðu fyrir (vatnið) .....

55) Það er búið að loka fyrir (rafmagnið) .....

56) Hann fékk tak fyrir (hjartað) ..... / verk fyrir (brjóstið) .....

57) Hún fékk hellu fyrir (eyrun) ..... af (hávaðinn) .....

58) Allar félagslegar forsendur hafa verið lagðar fyrir (róði) ..... við (lánveitingar) ..... úr (sjóðurinn) .....

59) Hún gat ekki komið því fyrir (afturb.fn.) ..... hvar hún hefði lesið þetta

60) Sumir grípa fyrir (nefið) ..... þegar þeir koma í Hvalstöðina

61) Hún kann að koma fyrir (afturb.fn.) ..... orði

62) Hann er ekki ríkur en hefur nóg fyrir (afturb.fn.) ..... að leggja

63) Hann veiktist fyrir (hádegi) .....

64) Hann tók með sér nesti fyrir (tveir dagar) ....

65) Hún las vandlega fyrir (tíminn) .....

66) Barnið fæddist fyrir (tíminn) .....

67) Þeir eru með birgðir fyrir (heil vika) ....

68) Hún kom heim rétt fyrir (jólin) .....

69) Hann stendur fyrir framan/aftan (bíllinn) .....

70) Fyrir ofan/neðan (húsið) ..... er lækur

71) Líttu aftur fyrir (þú) ..... áður en þú bakkar

72) Hann mætti í réttinum fyrir (bróðir sinn) ....

73) Hann sagðist mundu greiða skuldina fyrir (bróðir sinn) ....
74) Lögfræðingurinn hélt uppi vörnum fyrir (ég) .....
75) Hann skrifaði bréfið fyrir (ég) .....
76) Strákurinn kann að beita bróður sínum fyrir (afturb.fn.) .....
77) MP mun skýra skákirnar fyrir (lesendur) .....
78) Ég þakka þér kærlega fyrir (strákurinn) .....
79) Ég ætla að fá miða fyrir (tveir) .....
80) Hann vinnur fyrir (frændi sinn) ....
81) Allt erfiðið var unnið fyrir (gýgur) .....
82) Gerðu það fyrir (ég) ..... að vera stilltur
83) Hún skammaði hann fyrir (letin) .....
84) Þér á eftir að hefnast fyrir (letin) .....
85) Sumir lágu honum á hálsi fyrir (friðsemdin) .....
86) Hann dáist að bróður sínum fyrir (mikil landafræðikunnátta) ....
87) Hann kemur þrátt fyrir (það) ..... að honum var ekki boðið
88) Sögurnar eru ekkert sennilegri fyrir (það) .....
89) Það er óþarfi að hnýta í hana fyrir (letin) .....
90) Hann á eftir að hefna sín fyrir (ófarirnar) ..... í síðustu skák
91) Þetta færðu fyrir (letin) .....
92) Hann tók við greiðslu fyrir (verkið, bókin) ....
93) Hann keypti sælgæti fyrir (ein króna) ....
94) Hann fær fyrir (ferðin) ..... ef hann kemur of seint
95) Það var sama hve mikið hann reyndi, allt kom fyrir (ekki) .....
96) Strákurinn hefur stólinn fyrir (bíll) ..... (þ.e. leikfang)
97) Fyrirgefðu hve bréfið er stutt, þú verður að taka viljann fyrir (verkið) .....
98) Hann lofaði að útvega mann fyrir (afturb.fn.) .....
99) Hvað kom eiginlega fyrir (þú) .....!
100) Bannað er að eitra fyrir (refurinn) .....
101) Læknarnir komust fyrir (meinsemdin) .....
102) Hann þrætir fyrir (allt) .....
103) Ég verð að biðja þig fyrir (þetta) ..... (þ.e. leyndarmál)
104) Hann er svolítið hneigður fyrir (vín) .....

105) Hún er lítt gefin fyrir (knattspyrna) .....
106) Það er hollt fyrir (þú) ..... að synda
107) Hann neitar að beygja sig fyrir (ofbeldið) .....
108) Þeir hneigðu sig fyrir (kennarinn) .....
109) Teldu upp fyrir (ég) ..... eignarfornöfn í íslensku
110) Hún er að velta því fyrir (afturb.fn.) ..... að skipta um starf
111) Hann var rægður fyrir (verkstjórinn) .....
112) Hún brýndi það fyrir (barnið) ..... að fara varlega
113) Hann var handtekinn fyrir (augun) ..... á vinum sínum
114) Vertu ekki að flækjast fyrir (ég) .....
115) Nú eru aðeins tveir kostir fyrir (hendur) .....
116) Hann á langa ferð fyrir (hendur) .....
117) Hún er veil fyrir (hjartað) .....
118) Þeir eru með hellu fyrir (eyrun) .....
119) Hann verður að gera hreint fyrir (sínar dyr) ....
120) Hún varð fyrir (slys, óhapp) ....
121) Strákurinn varð fyrir (bíllinn) .....
122) Hann skríður fyrir (forstjórinn) .....
123) Hún er farin að halda sig til fyrir (strákarnir) .....
124) Hann þóttist sjá það fyrir (afturb.fn.) ..... að senn yrði kosið
125) Hún virti málverkið fyrir (afturb.fn.) .....
126) Hvað ætlarðu að hafa fyrir (stafn) ..... í kvöld?
127) Hann fluttist heim fyrir (tvö ár) ....
128) Ég var fyrir (langt) ..... búinn að vara þig við (hann) .....
129) Þú verður að hugsa fyrir (kvöldið) .....
130) Hún fór utan fyrir (þrjú ár) ....
131) Það er ósiður að grípa fram í fyrir (ræðumaður) .....
132) Fjárskortur stendur fyrirtækinu fyrir (þrif) .....
133) Strákurinn skemmdi bílinn fyrir (ég) .....
134) Hann hélst ekki við á diskótekinu fyrir (hávaði) .....
135) Hún hafði ekki frið fyrir (sölumenn) .....
136) Sumir vilja verja skógana fyrir (sauðkindin) .....
137) Hann verður að hliðra til fyrir sér (eldri maður) ....
138) Hún heldur sínum hlut fyrir (hver) ..... sem er

139) Stórveldin eru grá fyrir (járn) .....
140) Hann verður að vinna fyrir (kaupið sitt) ....
141) Hann þykist ekki eiga fyrir (tóbak) .....
142) Blómin er afskorin en ekkert síðri fyrir (það) .....
143) Hann er montinn en ég kann ekkert illa við e–n fyrir (það) .....
144) Hann er ekki skólagenginn en veit sínu viti fyrir (það) .....
145) Aðferðin er einföld en jafn vond fyrir (það) .....
146) Hann er atvinnulaus en hefur nóg að bíta og brenna fyrir (það) .....
147) Nú getur hann farið að biðja fyrir (afturb.fn.) .....
148) Þjóðverjar töpuðu fyrir (Hollendingar) .....
149) Þú getur flýtt fyrir (ég) ..... með því að hjálpa mér
150) Hún finnur ekki fyrir (nein óþægindi) ....
151) Hún hafði mikið fyrir (gestirnir) .....
152) Hann hafði mikið fyrir (það) ..... að finna bókina
153) Hafðu ekkert illt fyrir (barnið) .....
154) Tekjurnar hrökkva ekki fyrir (kostnaður) .....
155) Hún tók við greiðslu fyrir (bækurnar) ..... (þ.e. svo að hún gæti keypt þær)
156) Hann hefur enga tryggingu fyrir (það) ..... að fá vinnu við sitt hæfi
157) Það er útlit fyrir (austlæg átt) .... á morgun
158) Reyndu að hafa vit fyrir (strákurinn) .....
159) Egill hafði orð fyrir (félagar sínir) .....
160) Gert ráð fyrir (talsverð rigning) .... á morgun
161) Verkstjórinn gerði grein fyrir (framkvæmdir) .....
162) Þú verður að gera þér grein fyrir (erfiðleikarnir) .....
163) Hann hefur öruggar heimildir fyrir (fréttin) .....
164) Þér er fyrir (best) ..... að segja sem minnst
165) Ég læt þig ekki segja mér fyrir (verk) .....
166) Það gengur mikið á fyrir (krakkarnir) .....
167) Hún hafði ofan af fyrir sér með (lestur) .....
168) Hann er maður fyrir (sitt) .....
169) Hún hafði rétt/rangt fyrir (afturb.fn.) .....
170) Fyrir (ég) ..... er hann gleymdur og grafinn

171) Hann getur gert það sem hann vill fyrir (ég) ..... (mín vegna)
172) Reiknaðu dæmið fyrir (ég) ..... (þ.e. í minn stað; hjálpaðu mér)
173) Reiknaðu dæmið fyrir (ég) ..... (þ.e. mér er sama)
174) Opnaðu fyrir (ég) ..... (þ.e. í minn stað, ég get það ekki)
175) Opnaðu fyrir (ég) ..... (þ.e. svo að ég komist inn; mér er sama)
176) Hún barðist fyrir (það) ..... að fá tillöguna samþykkta
177) Vertu ekki að hafa fyrir (það) ..... að koma
178) Hún gerði grein fyrir (það) ..... hvers vegna hún hefði farið
179) Hún barðist fyrir (málið) .....
180) Vertu ekki að hafa fyrir (ég) .....
181) Hún gerði grein fyrir (skoðun sín) ....

Með

182) Hann er með (tillagan) ..... (þ.e. hefur hana á sér)
183) Hann kom með (skipið) ..... (þ.e. hann er skipstjóri á skipinu)
184) Ertu með (kveikjari)? ..... (þ.e. hefurðu kveikjara?)
185) Hún er með (barnið) ..... í fanginu (en: **er með barni** = er þunguð)
186) Hann gekk á eftir henni með (grasið) ..... í skónum
187) Það er ósiður að tala með (fullur munnurinn) ....
188) Hann er með (stór eyru, blá augu, beint nef og liðað hár) ....
189) Hvernig er það með (hún Gunna)? ....
190) Hún fór illa/vel með (bókin) .....
191) Hann er ánægður með (árangurinn) .....
192) Hann á auðvelt með að reikna (reikningurinn) .....
193) Hann á í vandræðum með (stærðfræðin) .....
194) Hún verslar með (smávara) .....
195) Veðrið skánar með (vorið) ..... (hvenær)
196) Frá og með (morgundagurinn) ..... verður opið til kl. 18.00
197) Á morgun verður rigning með (kaflar) ..... (þ.e. á köflum)
198) Hann kemur með (höpp og glöpp) .... á skrifstofuna
199) Hann kom með (skipið) ..... (þ.e. hann er farþegi á skipinu)
200) Ertu með (félagi þinn?) .... (þ.e. í fylgd með honum)
201) Bókin er með (margar myndir) .... (þ.e. í henni eru myndir)
202) Innra með (afturb.fn.) ..... vissi hann að baráttunni var lokið

203) Ég held þú sért ekki með (rétt ráð) ....
204) Barnið var með (óráð) ..... í alla nótt
205) Hún braut rúðuna með (hamar) .....
206) Hann skrifar alltaf með (blýantur) .....
207) Hún skrúfaði fyrir vatnið með (vinstri höndin) ....
208) Hún rak hann á fætur með (hörð hönd) ....
209) Hann er ekki með (hýr há) .... (þ.e. ekki glaður)
210) Hún kom inn með (mikill ofsi) ....
211) Hann var myrtur með (kalt blóð) ....
212) Hún sigraði með (miklir yfirburðir) ....
213) Honum varð hugsað með (söknuður) ..... til æskuáranna
214) Það endar með (það) ..... að hann hættir
215) Hún gekk niður með (lækurinn) .....
216) Skipið sigldi norður með (ströndin) .....
217) Hann er með (tillagan) ..... (sammála henni)
218) Hann brosti með (sjálfur) ..... sér
219) Hún fylgdist með (leikurinn) ..... í sjónvarpinu
220) Með (tillit) ..... til þess hvernig komið er ...
221) Með (hliðsjón) ..... af fengnum upplýsingum ...
222) Hann hefur umsjón með (framkvæmdir) .....
223) Þeir verða að reyna að jafna ágreininginn með (afturb.fn.) .....
224) Það endar með (það) ..... að ég hætti
225) Þetta endar með (ósköp) .....
226) Það dró sundur með (hlaupararnir) .....
227) Húsið er með (opnanlegir gluggar) ....
228) Bíllinn er með (hvítir listar) ....
229) Bíllinn er með (þokuljós) ..... (þ.e. hefur þau kveikt)
230) Bíllinn er með (þokuljós) ..... (þ.e. hann er búinn þeim, þau fylgja bílnum)
231) Skip með (3000 flóttamenn) .... (þ.e. hefur 3000 flóttamenn)
232) Skipið fórst með (öll áhöfn) .... (þ.e. „ásamt")
233) Hann er með (svart) ..... í fyrstu skákinni (þ.e. hefur svart)
234) Hann teflir vel með (svart) ..... („verkfæri" (?))
235) Hann sat við (borðið) .....

236) Hún er enn við (sama heygarðshornið) ....
237) Ég hitti hana við (pósthúsið) .....
238) Sestu við (hliðin) ..... á mér
239) Ertu með blað og blýant við (höndin?) .....
240) Mig langar að sitja við (glugginn) .....
241) Þeir eiga heima við (sjávarsíðan) .....
242) Stiginn hallast upp við (húsið) .....
243) Hann er að hlýja sér við (ofninn) .....
244) Bíllinn skemmdist við (árekstur inn) ..... (þ.e. þegar hann varð)
245) Hann vaknaði við (vondur draumur) .... þegar hringt var inn
246) Henni batnaði við (meðalið) ..... (þ.e. þegar hún fékk það, af því)
247) Honum féllst hugur við (mótlætið) .....
248) Hann var spurður margs við (yfirheyrslurnar) .....
249) Hún neitar að vinna við (slík skilyrði) ....
250) Hann kippir sér ekki upp við (smámunir) .....
251) Ekki dugir að gefast upp við (mótlætið) .....
252) Mig langar að bæta við (það) ..... sem fram kom
253) Blaðamaðurinn talaði við (forsetinn) .....
254) Það má ekki koma við (hún) .....
255) Hann ræður ekkert við (börnin) .....
256) Afkoma fyrirtækisins er góð miðað við (velta) .....
257) Atvinnurekendur sömdu við (launþegar) .....
258) Honum hefur verið líkt við (einræðisherra) .....
259) Það varðar við (lög) ..... að aka drukkinn
260) Ég nenni ekki að deila við (þú) ..... um þetta mál
261) Hann á við mig með (þessi orð) ....
262) Hún var að ljúka við (maturinn) ..... (þ.e. að borða)
263) Hætt var við (ferðin) .....
264) Sumir búa við (kröpp kjör) ....
265) Ég kannast ekkert við (þessi bók) ....
266) Henni fellur vel/illa/ekki við (hún) .....
267) Hann er farinn að halda í við sig (afturb.fn.) ..... (þ.e. um mat)
268) Hjálpaðu mér við að leysa (dæmið, verkefnið) ....

269) Berðu mína ritgerð saman við (þín) .....
270) Hann kom illa/vel/ódrengilega fram við (hún) .....
271) Hann er hræddur/góður/vondur við (ég) .....
272) Honum er illa við (ég) .....
273) Strákurinn gerir sér dælt við (stelpan) .....
274) Hann á alls kostar við (andstæðingur sinn) ....
275) Hann á í höggi við (hættulegur andstæðingur) ....
276) Þú verður að herða þig við (lexíurnar) .....
277) Hann er við (góð heilsa) .... þrátt fyrir (hár aldur) .....
.....
278) Óheppni mín ríður ekki við (einteymingur) .....
279) Það þýðir ekkert að berja höfðinu við (steinninn) .....
280) Hún hljóp við (fótur) ..... upp brekkuna
281) Kennarinn sá í gegnum fingur við (strákurinn) .....
282) Húsið er of hátt í hlutfalli við (lengdin) .....
283) Ari kemst ekki til jafns við (Páll) ..... í hástökki
284) Ari kemst ekki í hálfkvisti við (Páll) .....
285) Hann lagði blátt bann við (það) ..... að ég færi
286) Mér býður við (kartöflurnar) .....
287) Mig klígjar við (maturinn) .....
288) Mig hryllir við (það) ..... þurfa að vera einn í myrkrinu
289) Honum hraus hugur við (það) ..... að þurfa að liggja úti
290) Daufheyrst var við (allar óskir) .... um endurskoðun
291) Hrár laukur er góður við (kvef) .....
292) Það er lítið við (það) ..... að gera ef hann neitar að koma
293) Við (þetta) ..... er ekkert að segja
294) Svona horfir málið við (ég) .....
295) Fjallið blasti við (þau) .....
296) Ósigurinn blasti við (liðið) .....
297) Hún brosti við (ég) .....
298) Hann drepur ekki hendi við (sómi sinn) ....
299) Hann neitaði að taka við (greiðslan) .....
300) Hún bjóst við (allt illt) ....
301) Það er hætt við (það) ..... að lykillinn finnist ekki

302) Hlífðu mér við (það) ..... að þurfa að hlusta á þetta röfl

303) Ég vara þig við (það) ..... að segja fleira

4.2 Fallstjórn — almennar æfingar. Fellið réttar beygingarmyndir orðanna innan sviga inn í eyðurnar:

Eftir

1) Hann lætur allt eftir (konan sín) ....
2) Flugvélin kemur eftir (tveir tímar) ....
3) Fréttin er eftir (góðar heimildir) ....
4) Getur þú leikið þetta eftir (ég) .....?
5) Þessi bók er eftir (frægur rithöfundur) ....
6) Fjöldamörg ritverk liggja eftir (skáldið) .....
7) Lögreglan lýsir eftir (blár bíll) ....
8) Sjúklingnum líður vel eftir (atvik) .....
9) Viltu líta eftir (strákurinn) ..... fyrir (ég) .....?
10) Bíddu eftir (ég) ..... fyrir utan (búðin) .....
11) Ég ætla ekki að fara að ganga á eftir (hún) .....
12) Hann vakti fram eftir (öll nótt) ....
13) Taktu eftir (það) ..... sem ég segi
14) Sérðu eftir (það) ..... að hafa farið?
15) Bankastjórinn gekk hart eftir (greiðslan) .....
16) Hann verður að haga sér eftir (aðstæður) .....
17) Hún ekur seglum eftir (vindur) ..... í (þetta mál) ....
18) Páll er eftir (afturb.fn) ..... eftir (slysið) ..... en annars líður honum vel eftir (aðstæður) .....
19) Láttu eins og þú hafir ekki tekið eftir (neitt) .....
20) Ég reyndi að hjálpa henni eftir (máttur) .....
21) Hann er á höttunum eftir (betra starf) ....
22) Ég tók eftir (það) ..... hve þreytulegur hann var
23) Hún innti hann eftir (bréfið) ..... (þ.e. spurði um bréfið)
24) Auglýst var eftir (starfskraftur) .....
25) Hann dansar eftir (allar kúnstarinnar reglur) ....
26) Hún kemur eftir (stutt stund) ....
27) Hann leitaði eftir (samþykki mitt) ....
28) Viltu grennslast eftir (bókin) ..... fyrir (ég) .....?
29) Hún er eftir (afturb.fn.) ..... eftir (keppnin) .....

30) Ferðu nokkurn tímann eftir (stjörnuspáin) .....?
31) Hún hermdi eftir (bróðir sinn) ....
32) Hættu að reka á eftir (ég) .....
33) Hún sækist eftir (fast starf) .... hjá fyrirtækinu
34) Hann kemur hingað eftir (það) ..... sem ég best veit
35) Það er einhver að spyrja eftir (þú) ..... í símanum
36) Þú mátt koma fyrir (ég) ..... *Fyrir*
37) Honum gekk illa í (skólinn) ..... en hætti ekki fyrir (það) .....
38) Reiknaðu þetta dæmi snöggvast fyrir (ég) .....
39) Barnið hljóp fyrir (bíllinn) .....
40) Konan bað mig fyrir (strákurinn) ..... (þ.e. passa hann)
41) Hann var kallaður fyrir (réttur) .....
42) Lögreglan lá fyrir (ræningjarnir) .....
43) Maðurinn steyptist út fyrir (borðstokkurinn) .....
44) Hún skammaði hann fyrir (letin) .....
45) Páll barðist fyrir (málefni aldraðra) .... af (alefli) .....
46) Hún skammaði mig fyrir (aðgerðaleysið) .....
47) Hann bar fyrir (afturb.fn.) ..... gleymsku
48) Ég bað hann fyrir (bókin) ..... til (þú) .....
49) Hann lætur sér ekki allt fyrir (brjóst) ..... brenna
50) Hana dreymdi fyrir (slysið) .....
51) Hann á ekki fyrir (salt) ..... í grautinn
52) Þú hefur rétt fyrir (þú) .....
53) Vertu ekkert að hafa fyrir (ég) .....
54) Hann færði góð og gild rök fyrir (mál sitt) ....
55) Hver gekkst fyrir (söfnunin) ..... ?
56) Það er girt fyrir (öll sanngirni) .... í þessu máli
57) Hann er orðinn grár fyrir (hærur, FV1,Pl) .....
58) Hann ætlar að greiða fyrir (ég) ..... eftir getu (þgf.)
59) Strákurinn greip fram í fyrir (ræðumaður) .....
60) Hefurðu eitthvað sérstakt fyrir (stafn) ..... í kvöld ?
61) Reyndu að hafa vit fyrir (strákurinn) .....
62) Þetta færðu fyrir (frekjan) .....

63) Hafðu ekkert illt fyrir (barnið) .....
64) Hann hefur mig fyrir (fréttin) .....
65) Hann hefur ofan af fyrir (afturb.fn) ..... með lestri
66) Ég heyri ekkert fyrir (lætin) ..... í krökkunum
67) Konan bað (til guðs) fyrir (sonur sinn) ....
68) Konan bað mig fyrir (sonur sinn) ....
69) Hliðraðu til fyrir (ég) .....
70) Hann er hneigður fyrir (smíðar) .....
71) Hann gerði hreint fyrir (sínar dyr) ....
72) Ertu farinn að hugsa fyrir (jólin) .....?
73) Báturinn sigldi fyrir (nesið) .....
74) Hann er með hellu fyrir (eyrun) .....
75) Sigurður tapaði fyrir (Páll) .....

Með

76) Húsið er með (stórir gluggar) ....
77) Hann er með (hvít rós) .... í hnappagatinu
78) Hún er með (liðað hár) ....
79) Ertu með (tillagan) ..... eða á móti henni?
80) Páll er með (slæm tannpína) ....
81) Skipstjórinn kom með (skipið) .....
82) Farþeginn kom með (skipið) .....
83) Óli er með (vinur sinn) ....
84) Það endar með (það) ..... að hann hættir í vinnunni
85) Þeir slógust í för með (ég) .....
86) Sumir eru óánægðir með (ríkisstjórnin) .....
87) Grunur lék á að ekki væri allt með (fellt) .....
88) Hver hefur eftirlit með (rafmagnið) ..... með (hendur) .....?
89) Hann æfir sig með (það) ..... að lesa upphátt
90) Hann kom inn með (mikil læti) ....
91) Hann hugsaði með (söknuður) ..... til æsku sinnar
92) Hann mótmælti með (sá háttur) .... að þegja
93) Ég hélt að þú værir ánægður með (niðurstaðan) .....
94) Þau skiptu með (afturb.fn.) ..... verkum
95) Hann tók afstöðu með (meiri hlutinn) ....
96) Hann á auðvelt með (framburðurinn) .....

97) Farðu burtu með (hestarnir) .....
98) Hún keypti sér skáp með (afborganir) .....
99) Allt var með (kyrr kjör) .... í miðborginni
100) Hvað kostar undir bréf með (flug) ..... til Danmerkur?
101) Hann komst með (naumindi) ..... inn í bílinn
102) Hann lætur meira með (hundurinn sinn) .... en (börnin sín) ....
103) Páll lék með (knötturinn) ..... í áttina að markinu
104) Hún er upp með (afturb.fn.) ..... af stráknum
105) Kauptu vínarbrauð með (kaffið) .....
106) Hann mælir með (það) ..... að þú kaupir bókina
107) Hann lék sér við (vinur sinn) .... *Við*
108) Maðurinn brosti góðlátlega við (drengurinn) .....
109) Stelpan sat við (glugginn) .....
110) Strákurinn er hræddur við (kennarinn) .....
111) Taktu inn lýsi við (kvefið) .....
112) Strákarnir sátu við (lestur) .....
113) Hvernig kanntu við (þú) ..... á Íslandi?
114) Geturðu gert við (büllinn) ..... fyrir mig?
115) Hann kennir í afleysingum við (Menntaskólinn í Rvík) ....
116) Hann lagði sig allan fram við (kennslan) .....
117) Hann sneri baki við (vinir sínir) ....
118) Hún vill ekki binda sig við (neitt ákveðið svið) ....
119) Brá þér ekki við (hávaðinn) .....?
120) Yfirvöldin daufheyrðust við (allar kvartanir) ....
121) Hún vaknaði upp við (vondur draumur) .... klukkan 12
122) Hún kom illa fram við (systir sín) ....
123) Kennarinn einskorðaði sig við (yngri bókmenntir) ....
124) Áttu nokkuð við (tannpína) .....?
125) Hvíldin á vel við (gamli maðurinn) ....
126) Leggðu ekki eyrun við (slíkt þvaður) ....
127) Honum féllst ekki hugur við (mótlætið) .....
128) Strákurinn gat ekki fellt sig við (niðurstaðan) .....
129) Palli hefur ekki roð við (Sigurður) ..... í reikningi

130) Þú verður að halda í við (þú) ..... í mat og drykk
131) Palli kemst ekki í hálfkvisti við (Sigurður) ..... í stærðfræði
132) Sjúklingurinn er við (góð heilsa) ....
133) Hann er alltaf við (sama heygarðshornið) .... hann vill ekki kannast við (neitt) .....
134) Hún ber við (mikið minnisleysi) ....
135) Hann fékk fyrir hjartað við (áreksturinn) .....
136) Fanginn steinþagði við (yfirheyrslurnar) .....
137) Norðmenn sömdu við (Íslendingar) ..... um fiskveiðar
138) Strákinn hryllir við (grauturinn) .....
139) Lögreglan á í höggi við (forhertir glæpamenn) ....
140) Það fauk í Pál við (strákurinn) .....
141) Gæði pennans eru ekki í neinu hlutfalli við (verðið) .....
142) Svona horfir málið við (ég) .....
143) Pétur vinnur á við (tveir) .....
144) Samt kemst hann ekki til jafns við (Sigurður) .....
145) Hann lenti í kasti við (lögreglan) .....
146) Markvörðurinn kom ekki við (knötturinn) ..... allan leikinn
147) Það er erfitt að vinna við (slík skilyrði) ....
148) Hann vill eiga viðskipti við (þú) .....
149) Hún kippir sér ekki upp við (slíkir smámunir) .....
150) Hann hrökk í kút við (hávaðinn) .....
151) Við (það) ..... er ekkert að gera
152) Enginn má við (margurinn) .....
153) Þetta brýtur í bága við (réttlætistilfinning mín) ....
154) Þetta gengur í berhögg við (fyrri yfirlýsing) ....
155) Hann er iðinn við (kolinn) ..... (þ.e. hann er alltaf að)
156) Íslendingar keppa við (Danir) ..... í fimmtu umferð
157) Þú verður að sjá í gegnum fingur við (ég) ..... í þetta skipti
158) Honum er mjög uppsigað við (hún) .....
159) Strákurinn sló slöku við (námið) .....
160) Maðurinn tók við (peningarnir) .....
161) Stelpunni líkar vel við (strákurinn) .....

4.3 Fellið forsetningarnar **fyrir, eftir, við** eða **með** inn í eyðurnar eftir því því sem við á:

1) Hann hrökk í kuðung ..... hávaðann (þ.e. honum brá .....)
2) Páll bregður stundum ..... sig ensku (þ.e. notar stundum ensku)
3) Hún kann að koma ..... sig orði (þ.e. hún er mælsk)
4) Gamli karlinn kann ýmislegt ..... sér
5) Páll er í slagtogi ..... Sigurði (þ.e. þeir eru saman)
6) Vísan kemur mér kunnuglega ..... sjónir (þ.e. ég kannast við vísuna)
7) Hún býr til mat ..... öllum kúnstarinnar reglum
8) Miklir kærleikar voru ..... þeim (þ.e. þeir voru mjög góðir vinir)
9) Fljótlega kastaðist í kekki ..... þeim (þ.e. þeir urðu ósáttir)
10) Þetta er slæm kynning ..... landið
11) Kvíðir þú ..... vetrinum eða hlakkarðu ..... hans?
12) Egill tók ..... kverkarnar á Atla
13) Mér líst vel á hann ..... fyrstu kynni
14) Konan er ..... góða heilsu
15) Hann leggur lag sitt ..... misindismenn
16) Hann komst upp á lag ..... að aka bíl (þ.e. hann lærði að aka bíl)
17) Konan brosti ..... barninu
18) Hún á langt í land ..... að ljúka ..... bókina
19) Páll er farinn að draga í land ..... öll stóryrðin
20) Hún dró ..... sig að svara (þ.e. svaraði ekki strax)
21) Páll er orðinn langeygður ..... svari (þ.e. þreyttur á að bíða)
22) Hann lætur mikið ..... börnin sín, lætur allt ..... þeim
23) Hann lét það ..... sér að fá sér vindil ..... kaffinu
24) Hún er ekki laus ..... glímuskjálfta, hún kvíðir ..... fundinum
25) Blátt bann var lagt ..... sýningu myndarinnar
26) Hún lagði mikla alúð ..... verkið (þ.e. hún vandaði sig)
27) Henni mislíkaði ..... þessi orð
28) Getur þú leikið þetta ..... mér? (þ.e. gert það sama og ég gerði)
29) Leiktu þér svolítið ..... barnið ..... smástund
30) Hann leitaði ..... samþykki mínu (þ.e. bað um samþykki mitt)
31) Hún leitaði ..... sér um nýtt starf

32) Hann bjargaðist ..... illan leik úr eldsvoðanum (þ.e. naumlega)
33) Páll leitaði til mín ..... upplýsingum (þ.e. sneri sér til mín)
34) Mig er farið að lengja ..... stráknum (þ.e. ég undrast að hann skuli ekki kominn)
35) Ýmsir lágu honum á hálsi ..... tiltækið (þ.e. gagnrýndu hann)
36) Hann er mjög upp ..... sér ..... syni sínum (þ.e. montinn, stoltur)
37) Hún virti myndina ..... sér (þ.e. skoðaði hana)
38) Viltu grennslast ..... barninu ..... mig? (þ.e. leita (lauslega) að því)
39) Hann þreifaði ..... sér ..... fótfestu
40) Hún leynir engu ..... manninum sínum
41) Hann velti spurningunni lengi ..... sér
42) Egill gekk ..... Eiríki konung (þ.e. á hans fund)
43) Hlauptu út í búð ..... kartöflum ..... mig
44) Páll sá ..... öllum hrekkjabrögðum Péturs
45) Hætt er ..... að hann bregðist illa ..... beiðni minni
46) Hann er mjög ..... sig ..... keppnina ..... Dani
47) Vagninn kemur klukkan 10, ... því sem ég best veit
48) Hlustaðu ..... barninu ..... mig
49) Komdu ..... bókinni í fyrramálið (þ.e. til að ná í bókina)
50) Komdu snöggvast ..... mér út í garð
51) Rútan ekur ..... fastri áætlun
52) Hver borgar ..... barninu?
53) Hún vinnur úti ..... tveimur börnum
54) Smíðar liggja ekki ..... honum (þ.e. hann er ekki góður smiður)
55) Hann er með verk ..... brjóstinu
56) Kauptu vínarbrauð ..... kaffinu
57) Hann réð sér ekki ..... kæti
58) Strákurinn skellti hurðinni ..... sér
59) Páll setti verðið ekki ..... sig (þ.e. honum var sama um verðið)
60) Verkstjórinn kann að segja ..... verkum
61) Kennarinn setti nemendum ..... að lesa 10 bls. ..... næsta tíma
62) Hvað áttu .... þessu?
63) Ég hef ekki frið ..... kvabbinu í honum
64) Hann gat ekki fest hugann ..... bókina ..... nokkru móti

65) Gríptu ekki fram í ..... mér (þ.e. þú átt ekki að tala þegar ég er að tala)
66) Karlinn sparar ekki ..... sig tóbakið
67) Ég get ómögulega komið honum ..... mig (þ.e. man ekki eftir honum)
68) Hún varð að hafa vit ..... honum
69) Hann missti bílprófið ..... fullt og allt (þ.e. endanlega)
70) Hann skemmti sér ..... að tefla ..... sjálfan sig
71) Hann snerist ..... árásinni af ákveðni
72) Páll á alls kostar ..... Pétur
73) Arinbjörn kom Agli í sátt ..... konung
74) Það fauk í strákinn ..... systur sína
75) Karlinn er ..... góða heilsu
76) Hann hélt í ..... sig um mat og drykk (þ.e. borðaði og drakk lítið)
77) Kirkjuna bar ..... himin
78) Ósigurinn blasti..... honum
79) Hann gín ..... öllu (þ.e. gleypir allt; trúir öllu)
80) Allir daufheyrðust ..... bónum hans
81) Margar bækur liggja ..... hann
82) Bærinn liggur vel ..... sjó
83) Nú lá ..... slysi (þ.e. það var nærri orðið slys)
84) Það verður ekki tekið á málinu ..... neinum silkihönskum
85) Það er ekki flugufótur ..... fréttinni (fréttin er ósönn)
86) Hann losaði sig að lokum ..... öll aukastörf
87) Hún er ..... lífið í lúkunum út af stráknum (þ.e. mjög hrædd um strákinn)
88) Foreldrar stráksins reyndu að lyfta undir ..... honum (þ.e. hjálpa honum)
89) Það er afar erfitt að lynda ..... strákinn
90) Hann stendur vel ..... sínu (þ.e. hann stendur sig vel)
91) Þú verður að standa ..... máli þínu
92) Hann á í málaferlum ..... mig vegna smámuna
93) Það mótaði ..... skugga á veggnum
94) Ég met það ..... hann að hann stóð ..... mér þegar mest á reið
95) Strákurinn er mikill ..... sér (þ.e. erfiður, fyrirferðarmikill)

96) Stríðið var löngu ..... mitt minni
97) Hann fór á mis ..... margt í lífinu
98) Það er erfitt að koma til móts ..... kröfur allra
99) Þú verður ..... alla muni að sauma ..... gatið (þ.e. umfram allt)
100) Hún mælir allt ..... stráknum
101) Forstjórinn mælti ..... minni kvenna
102) Páll mælti ..... tillögunni (x2)
103) Hann mælti nokkur orð ..... athöfnina
104) Hann má vel ..... því að léttast um nokkur pund
105) Hann á ekkert ..... það að skamma mig (þ.e. hefur ekki rétt til þess)
106) Hann á ekki ..... skuldunum
107) Hann er ..... nám í Háskólanum
108) Hann hafði ofan af ..... sér ..... bóklestri
109) Sigurður beið ósigur ..... Páli
110) Hann er mjög hneigður ..... vín og tóbak
111) Enginn er öruggur ..... honum
112) Stærðfræði liggur opin ..... honum
113) Ég nenni ekki að elta ólar ..... hann í þessu máli (þ.e. deila við hann)
114) Hann beið ..... óþreyju ..... fréttunum
115) Ég geri ráð ..... því að þetta sé satt og rétt
116) Kanntu nokkurt ráð ..... þessu?
117) Hann hefur orð á sér ..... hrekkvísi
118) Hann á ..... ofurefli að etja
119) Honum líður vel ..... atvikum (þ.e. eins vel og hægt er að búast við)
120) Hún mælir eindregið ..... þessari bók

5. kafli

Yfirlit yfir helstu tímatáknanir í íslensku

5.1 Inngangur

Tími í víðasta skilningi er táknaður með tvennu móti í íslensku: með **aukafallsliðum** og með **forsetningum**. Þetta tvennt fléttast með ýmsu móti saman svo að óhjákvæmilegt er að huga að hvoru tveggja í yfirliti yfir tímatáknanir í íslensku. Í þessum kafla verður fyrst vikið að merkingarfræðilegri flokkun tímatáknana, síðan gefið gróft yfirlit yfir tímatáknanir með aukafallsliðum og loks fjallað um tímatáknanir með forsetningum.

5.2 Merkingarfræði

Sé miðað við merkingu má telja að mikilvægustu tímatáknanir í íslensku séu þrenns konar:

1. HVENÆR e–ð gerist (augnablikstáknanir) (·)
2. HVE LENGI e–ð er að gerast (dvalartáknanir) (–)
3. ENDURTEKINN TÍMI, e–ð gerist aftur og aftur (···)

Í íslensku eru ýmsar aðrar tímatáknanir algengari en þrjár ofangreindu, en í grunnmerkingu flestra þeirra felst tímatáknun 1–3 að viðbættri sérstakri merkingu. Því verður litið svo á sem um sérstök tilbrigði við 1–3 sé að ræða. Sem dæmi má nefna eftirfarandi:

4. FYRIR HVE LÖNGU e–ð gerðist (HVENÆR) (·)
5. e–ð gerist FYRIR E–N TILTEKINN TÍMA (HVENÆR) (·)
6. e–ð gerist Á (Í) E–U TILTEKNU TÍMABILI (HVENÆR) (·)

7. e–ð gerist FRAM AÐ E–M TÍMA (HVE LENGI) (–)

Tilbrigði eins og 4–7 eru vissulega algeng í íslensku en þau eru ekki eins frjó og grunnmunstrin (1–3) og því verður ekki fjallað sérstaklega um þau heldur látið nægja að sýna notkun þeirra með dæmum.

Sem notkunardæmi skulu eftirfarandi setningar tilgreindar:

(1) Hún les bókina **á morgun, í dag** (HVENÆR) (·)
(2) Hún las bókina **í tvo daga** (HVE LENGI) (–)
(3) Hún les **á hverjum degi** (ENDURTEKINN TÍMI) (···)

(4) Hún kom **fyrir tveimur tímum** (HVENÆR) (·)
(5) Hún kom rétt **fyrir helgina** (HVENÆR) (·)
(6) Hún las bókina **á tveimur dögum** (HVE LENGI) (–)
(7) Hún las bókina **í hádeginu** (HVENÆR) (·)
(8) Hún vann **fram að hádegi** (HVE LENGI) (–)

5.3 Aukafallsliðir

Fallorð (eitt eða fleiri) sem standa í aukafalli en stýrast ekki af neinu nefnast aukafallsliðir. Slíkir aukafallsliðir standa jafnan sem atviksorð og eru m.a. notaðir til að tákna tíma. Aukafallsliðir sem tákna tíma eru tvenns konar í íslensku, þ.e. þolfallsliðir og þágufallsliðir.

Þolfallsliðir eru býsna algengir í íslensku og eru notaðir til að tákna HVE LENGI e–ð er að gerast og HVENÆR e–ð gerist.

(9) Hann var **tvo tíma** á leiðinni (HVE LENGI) (–)
(10) Stúlkan las **allan daginn** (HVE LENGI) (–)
(11) **Árið 1988** var strákurinn við nám (HVENÆR) (·)
(12) **Næsta ár** ætlar hann að vinna (HVENÆR) (·)
(13) Hún kom **daginn** sem ég fór (HVENÆR) (·)
(14) Bréfið er dagsett **annan júní** (HVENÆR) (·)

Þágufallsliðir sem tímatáknun eru einkum tvenns konar í íslensku. Annars vegar tákna þeir HVENÆR, HVE LENGI og hins vegar fela þeir í sér samanburð (hve löngum tíma eftir eða fyrir e–n tímapunkt):

(15) Hann situr **öllum stundum** fyrir framan sjónvarpið (–)
(16) Hún hefur unnið **árum saman** hjá fyrirtækinu (–)
(17) **Einu sinni** var kóngur og drottning í ríki sínu (·)
(18) **Einhverju sinni** (=eitt sinn) bar svo við ... (·)

(19) Prófum lauk **viku** fyrir jól (·)
(20) Hann sagði upp **mánuði** eftir að hann hóf störf (·)
(21) Hún kom **einum tíma** of seint (–)

Eins og sjá má af dæmunum er í flestum tilvikum um að ræða föst orðasambönd sem læra verður sem sérstakt orðafar.

5.4 Tímatáknanir með forsetningum

Forsetningar gegna mikilvægu hlutverki við tímatáknanir. Þegar reynt er að gefa yfirlit yfir notkun forsetninga í því samhengi skjóta ýmis vandamál upp kollinum, en einkum eru þau þó þrenns konar. Í fyrsta lagi er fallstjórn forsetninga hvergi nærri alltaf fyrirsegjanleg, virðist jafnvel stangast á (á daginn (**þf.**) — á nóttunni (**þgf.**); á dag (**þf.**) — á ári (**þgf.**)). Í öðru lagi er mikilvægt að átta sig á því að tíð sagnorðs getur haft afgerandi áhrif á merkingu forsetningarliðar (Hún **kemur** í kvöld (**óorðið**) — hún **kom** í kvöld (**liðið**) — hann **er að lesa** í kvöld (**samtímalegt**)). Í þriðja lagi fer val forsetningar nokkuð eftir því orði sem hún stendur með (**á** mánuði — **í** viku). — Þegar á allt er litið má telja að notkun forsetninga til að tákna tíma sé í stórum dráttum kerfisbundin en undantekningarnar og afbrigðin geri myndina flókna.

Hér á eftir verður reynt að leggja áherslu á hið algenga og reglubundna við tímatáknanir án þess að sneitt verði algerlega hjá hinu afbrigðilega. Fjallað verður um tímatáknanir eftir merkingu, þ.e. **augnablikstáknanir** (5.4.1), **dvalartáknanir** (5.4.2), **augnabliks- eða dvalartáknanir** (5.4.3), tímatáknanir sem fela í sér **endurtekningu** (5.4.4) og loks um ýmsar **aðrar tímatáknanir** (5.5). Í hverjum kafla verður bent á frjó munstur sem notuð eru á kerfisbundinn hátt. Ekki er því að leyna að sú mynd sem þannig er dregin upp af notkun forsetninga við tímatáknanir er talsvert margbrotin og því er vert að leggja áherslu á notkunardæmin en þau eru best til þess fallin að sýna og skýra notkun tímatáknana í íslensku.

5.4.1 Hvenær (augnablikstáknanir (·))

Augnablikstáknanir eru nokkuð mismunandi eftir því hvort miðað er við LIÐINN tíma, LÍÐANDI stund eða ÓORÐINN tíma og í samræmi við það verður dæmunum skipt í þrjá bálka. Notkunin er einnig nokkuð breytileg eftir því hvort um er að ræða stuttan tíma (**dagur, kvöld, morgunn** (oftast **þf.**)) eða langan (**vika, mánuður, ár** (**þgf.**)) og í samræmi við það verður gert ráð fyrir tveimur undirflokkum, **A þf.** og **B þgf.**

A. Dagur, kvöld, morgunn = ÞOLFALL

I) LIÐIÐ	II) SAMTÍMALEGT	III) ÓORÐIÐ
í morgun		á morgun
í gær	← í dag →	í fyrramálið
í fyrradag		
í gærdag		
í gærkvöld/i	← í kvöld →	annað kvöld
	← í hádeginu →	
um kvöldið		
um morguninn		
á afmælisdaginn		á afmælisdaginn
á sunnudaginn (var)		á sunnudaginn
í nótt (sem leið)	← í nótt →	næstu nótt
síðustu nótt		
síðast liðna nótt		
(fyrir tveimur dögum)		eftir tvo daga

Dæmi um notkun:

(22) Unnið var **í morgun** en **á morgun** verður frí
(23) **Í gær** var spáð rigningu en sólin skín samt glatt **í dag**
(24) Ég verð ekki heima **í kvöld** en **annað kvöld** getum við hist
(25) **Um morguninn** var gott veður en **um kvöldið** var komin rigning
(26) Hún var að heiman **á afmælisdaginn**
(27) Hún verður að heiman **á afmælisdaginn**
(28) Talsverð ölvun var á götum borgarinnar **í nótt**
(29) **Síðast liðna nótt** var bifreið stolið
(30) **Fyrir þrem dögum** lofaði hann að skila bókinni **eftir tvo daga**

Örvarnar í öðrum dálki gefa til kynna að forsetningarliðirnir séu margræðir, þ.e. þeir geta vísað til liðins, samtímalegs eða óorðins atburðar eftir mynd (tíð) sagnar, t.d.:

(31) Hann **var** að vinna í dag (liðið)
(32) Hann **er** að vinna í dag (samtímalegt)
(33) Hann **verður** (mun verða) að vinna í dag (óorðið)

Á sama hátt er t.d. **á sunnudaginn** tvírætt, þ.e. vísar annaðhvort til liðins eða óorðins atburðar, en til að komast hjá slíkri tvíræðni er sagnmyndinni **var** oft bætt við þegar vísað er til liðins tíma:

(34) Hún var heima **á sunnudaginn** ((*sem) **var**)
(35) Hún verður að heiman **á sunnudaginn**

Munstur **A** er ekki eingöngu bundið við *dag, kvöld* og *morgun* heldur tekur einnig til árstíðanna:

síðast liðið sumar	← í sumar →	næsta sumar
síðast liðinn vetur	← í vetur →	næsta vetur
síðast liðið vor	← í vor →	næsta vor
síðast liðið haust	← í haust →	næsta haust

Forsetningarliðirnir eru margræðir á sama hátt og sýnt var hér að ofan en algengt er að sneitt sé hjá slíkri margræðni með því að nota aukafallsliði til að vísa til liðins og óorðins atburðar:

(36) Hún var að vinna **í sumar (sem leið) / síðast liðið sumar**
(37) Hún ætlar að vinna **í vetur / næsta vetur**

Sameiginlegt flestum þeim tímatáknunum sem flokkaðar eru undir **A** er að þar er notað **þolfall** en með tímatáknunum **B** er hins vegar notað **þágufall** og skal nú komið að þeim.

B. Vika, mánuður, ár, tími, stund, mínúta = ÞÁGUFALL

I) LIÐIÐ	II) SAMTÍMALEGT	III) ÓORÐIÐ
í síðustu viku	í þessari viku	í næstu viku
í síðasta mánuði	í þessum mánuði	í næsta mánuði
á síðasta ári	á þessu ári	á næsta ári
á þeim degi	á þessum degi	á næstu dögum
á þeirri stundu	á þessari stundu	næstu stundina
á sunnudegi		
fyrir þrem dögum		
á sunnudegi (tímalaust)		

Dæmi um notkun:

(38) **Í síðustu viku** var veðrið fremur gott
(39) Úrslit skoðanakönnunarinnar verða birt **í þessari viku**
(40) 10. október 1987 verður mörgum minnisstæður en **á þeim degi** varð verðfall í Wall Street
(41) Hún á afmæli **á sunnudegi** (tímalaust)
(42) Hann sagðist hafa byrjað að vinna **á fimmtudegi**
(43) Rekstur fyrirtækisins gekk vel **á þessu ári** (?í ár)
(44) **Á þessari stundu** er ekkert hægt að segja um líðan sjúklingsins
(45) Sumir telja að kosið verði **á næstunni** (innan skamms, innan tíðar)

(46) Innritun í skólann lauk **fyrir þremur dögum**

Þegar litið er á skema **B** er það einkum tvennt sem ber að hafa í huga. Annars vegar er ýmist notuð forsetningin **á** eða forsetningin **í**, eftir því hvort tímatáknunin vísar til atburðar sem á sér stað **innan** e–s tímabils (**í**) eða **á** tilteknum tímapunkti. Málnotkun hvað þetta atriði varðar má í flestum tilvikum telja fasta en stundum felur notkun mismunandi forsetninga í sér merkingarmun:

(47) Hvað færðu í kaup **á viku**? (HVE LENGI / HVENÆR ??)
(48) Hún ætlar að vinna mikið **í þessari viku** (HVENÆR)

Hins vegar er það athyglisvert að allar tímatáknanirnar í skema **B** eru ákveðnar, þ.e. með þeim stendur ákvæðisorð (**sá, þessi, síðast, næsti**). Þessi munur á munstrum **A** og **B** er sennilega best til þess fallinn að halda þeim aðgreindum. Þetta má orða með eftirfarandi „þumalputtareglu": Tímatáknanir sem vísa til augnabliksatburða (HVENÆR) eru notaðar í þolfalli ef þær eru óákveðnar en í þágufalli ef þær eru ákveðnar.

5.4.2 Hve lengi (dvalartáknanir ($^-$))

Dvalartáknanir gefa til kynna hve lengi atburður eða verknaður stendur yfir. Dvalartáknanir eru að því leyti margbrotnar að oft eru skilin milli augnabliks-táknana ($\cdot$) og dvalartáknana ($^-$) ekki skörp. Hér verður fjallað um dvalartáknanir í tvennu lagi, þ.e. annars vegar þær sem fela í sér notkun **þolfalls** og hins vegar þær þar sem **þágufall** er notað.

ÞOLFALL til að tákna dvöl er annars vegar notað í aukafallsliðum og hins vegar með forsetningum. Með slíkum tímatáknunum er vísað til þess á hvaða tímabili e–ð gerist, hve langan tíma e–ð stendur yfir:

þf. (þá ($\cdot$); þann tíma ($^-$))	**þf.** (hve lengi ($^-$))
þann vetur	í mörg ár
það kvöld	í einn mánuð
þann dag	í tvo daga
það sumar	í þrjá tíma
stutta stund	

Dæmi um notkun:

(49) **Veturinn 1987** var hún í skóla en **allan þann vetur** vann bróðir hennar
(50) Farið var í skólaferðalag á föstudegi en **þann dag** lá hann veikur
(51) **Sumarið 1970** vann hún í sveit; **það sumar** voru miklar rigningar
(52) Hún kom í heimsókn í gær en stoppaði aðeins **stutta stund**
(53) Hann var **í mörg ár** að jafna sig eftir veikindin

(54) Þau ætla aðeins að dveljast hér **í tvo daga**

ÞÁGUFALL er eingöngu notað með forsetningunni **á** til að vísa til þess á hve löngum tíma e–ð gerðist, sbr. fyrsta dálk í töflunni hér fyrir neðan. Í öðrum og þriðja dálki töflunnar eru sýnd svipuð munstur en í allt annarri merkingu, tæpast í tímamerkingu. Þannig merkir **á mánuði** „hvern mánuð, fyrir hvern mánuð" og **á dag** „fyrir hvern dag." Orðasamböndin fela m.ö.o. í sér umbun fyrir e–ð og hafa óljósa tilvísun til tíma en eru tekin hér með til samanburðar.

þgf. (⁻)	þgf. (endurt.)	þf. („umbun")
á einu ári	á mánuði	á dag
á tveimur kvöldum	á viku	á tímann
á þrem mínútum	á ári	
á hálfum degi		
á einu sumri		
á tveim dögum		

Dæmi um notkun:

(55) Hann lauk námi **á þremur árum** (⁻)
(56) Hún las bókina **á einu kvöldi** (⁻)
(57) Báturinn var fylltur (af fiski) **á nokkrum tímum** (⁻)
(58) Hún lauk verkinu **á tveimur dögum** (⁻)
(59) **Á hve mörgum mínútum** hleypur þú 1500 metrana? (⁻)
(60) Hvað færðu í kaup **á dag, á tímann**? **(þf.)**
(61) Hvað færðu í kaup **á viku, á mánuði**? **(þgf.)**

Hér að framan hefur verið fjallað um augnablikstáknanir og dvalartáknanir, t.d.:

(62) Hann las bókina **á tveimur dögum** (á hve löngum tíma) (⁻)
(63) Hann las bókina **í tvo daga** (hve lengi) (⁻)
(64) Hann las bókina **þann dag** (hvenær) (·)

Skilin milli þessar tveggja merkingarþátta við tímatáknanir eru ekki alltaf glögg eins og vikið hefur verið að. Í næsta kafla verður komið nánar að þessu atriði.

5.4.3 Hve lengi (⁻) eða hvenær (·)

Tímatáknanir geta oft verið margræðar eins og t.d. samtímalegir augnabliksatburðir sem geta vísað til liðins tíma eða óorðins, t.d.:

(65) **Í kvöld** er býsna svalt (núna) **(samtímalegt)** (·)
(66) Hann kom **í kvöld** (fyrir skömmu) **(liðið)** (·)
(67) Hún ætlar að lesa **í (allt) kvöld** (· / ⁻)
(68) Hann kemur **í kvöld** (bráðum) **(óorðið)** (·)

Á sama hátt er algengt að eitt og sama orðasambandið geti vísað til HVENÆR (·) og HVE LENGI (⁻):

um haustið	um jólin	um kvöldið	það kvöld
um veturinn	um sumarið	um hvítasunnuna	þann vetur
um páskana	um mánaðamótin	um helgina	þann dag

(69) Hann **var** veikur **um veturinn** (⁻) (HVE LENGI)
(70) Hann **varð** veikur **um veturinn** (·) (HVENÆR)

Athugið að orðasambandið **um daginn** hefur dálítið sérstaka merkingu (the other day), sbr.:

(71) **Um daginn** (= fyrir skömmu) var ég á gangi niðri í bæ
(72) Um morguninn fór ég í sund, **um daginn** (= þann dag) í búðir en um kvöldið hvíldi ég mig

5.4.4 Endurteknir atburðir (···)

Mjög erfitt er að segja fyrir um fallanotkun í orðskipunum sem tákna endurtekna atburði, ýmist er notað þolfall eða þágufall, sbr.:

ÞOLFALL	ÞÁGUFALL
á haustin	á sunnudögum
á veturna	á jólunum
á vorin	á eftirmiðdögum
á sumrin	á hverju sumri
á daginn	á hverjum degi
á kvöldin	á hverju kvöldi
á næturnar	**á nóttunni**
á morgnana	á hverjum morgni
á dag	á ári
	í mánuði
	í viku

Þolfallið virðist vísa til almennra dvalaratburða en þágufallið hins vegar til einstakra atburða sem standa skamman tíma. Dæmi:

(73) Hann vaknar klukkan átta **á hverjum degi**
(74) Hann er oft syfjaður **á morgnana** (þ.e. að morgni dags)
(75) Flestir sofa **á nóttunni** en vaka **á daginn**
(76) Hann heimsækir mig alltaf tvisvar **í mánuði, í viku**

(77) Þú átt að taka meðalið þrisvar **á dag**
(78) Hún fer til útlanda tvisvar **á ári**

Athugið sérstaklega merkingarmun eftirfarandi setninga:

(79) Hún ætlar að vera hér **í viku** (mánuð) (HVE LENGI)
(80) Hún kemur hingað tvisvar **í viku** (mánuði) (ENDURTEKIÐ)
(81) Hún fær 15.000 krónur **á viku** (mánuði)

5.5 Aðrar tímatáknanir

Tímatáknanir í íslensku eru mjög fjölbreytilegar og miklu fleiri en þær sem taldar hafa verið upp hér að framan. Hér á eftir verður drepið á nokkur frjó munstur sem notuð eru við tímatáknanir:

5.5.1 Tímalaust

Tímalaust, þ.e. e–n tíma innan þess ramma sem aðalorðið felur í sér:

að degi til að kvöldi til að morgni til að nóttu til	að kvöldi (dags) að morgni (dags)	að sumri til að vetri til að hausti til að vori til

Dæmi um notkun:

(82) **Að sumri til** er oft bjart **að nóttu til** fyrir norðan
(83) Slysið varð **að morgni dags**

5.5.2 Frá (þgf.) — fram að viðbættri forsetningu ($\bullet\!\!\rightarrow\!\!\bullet$)

Forsetningin **frá** táknar upphaf tímabils en lok eða endir tímabils er táknaður með atviksorðinu **fram** að viðbættri forsetningu sem valin er með hliðsjón af því orði sem hún stendur með. Notkun atviksorðsins **fram** felur í sér að síðari tímapunkturinn er „ónákvæmur." Algengustu orðasamböndin af þessu tagi eru eftirfarandi:

frá – fram að (**þgf.**) frá – fram á (þf.) frá – fram í (þf.)	frá – fram til (**ef.**) frá – fram eftir (**þgf.**) frá – fram undir (þf.) frá – fram yfir (þf.)

Dæmi um notkun:

(84) Hann vann **frá öðrum** þessa mánaðar **fram að mánaðamótum**
(85) Hún vann **frá hádegi og fram á kvöld**
(86) Hún ætlar að vinna **frá deginum** í dag og **fram í næstu viku**
(87) Hann vann **frá morgni fram til miðnættis/undir miðnætti**
(88) Hann vann **frá hádegi og fram eftir kvöldi**
(89) Hann vann **frá þrjú og eitthvað fram yfir miðnætti**

5.5.3 Frá (þgf.) — til (ef.) (•→•)

Orðasambandið **frá – til** er svipað og **frá – fram** en þó ólíkt að því leyti að báðir tímapunktarnir (upphaf og endir) eru „nákvæmir."

Dæmi um notkun:

(90) Hann vann **frá klukkan fjögur til klukkan eitt**
(91) Lokað verður **frá fyrsta desember til þriðja janúar**
(92) **Frá föstudagskvöldi til mánudagsmorguns**

5.5.4 Milli (ef.) (I•I)

Þegar tími (afstaða) er miðaður við það sem á undan fer og á eftir kemur er notuð forsetningin **milli**.

Dæmi um notkun:

(93) Hún ætlar að vinna **(á) milli hádegis og kaffis**
(94) **Milli jóla og nýárs** er frí í skólum landsins
(95) Hún vinnur **milli klukkan þrjú og fjögur**

5.5.5 Fyrir (þf.) (→I)

Notkun forsetningarinnar **fyrir** til að tákna tíma er tvenns konar:

(a) „fyrir hvaða tíma" = **þolfall**:

(96) Ég þarf að skreppa í búð **fyrir lokun**
(97) Hún vinnur **fyrir hádegi**

(b) „fyrir hve löngu" = **þágufall**:

(98) Við sáum þau **fyrir skömmu**
(99) Ég hitti vin minn **fyrir tveimur dögum**

5.5.6 Eftir (þf.) (I→)

Forsetningin **eftir** er notuð til að tákna tíma miðað við e–ð sem á undan er gengið:

(100) Bíllinn kemur **eftir stutta stund**
(101) Hittu mig **eftir kvöldmat**

5.5.7 Að — að viðbættu þgf. (af lh.þt.)

Orðskipunin **að+þgf.** (dativus absolutus) felur í sér tímamerkingu („þegar") og er býsna frjó í íslensku, t.d.:

(102) Hann fór ekki fyrr en **að áliðnu kvöldi**
(103) **Að verki loknu** fóru allir heim
(104) Ekkert er hægt að segja **að svo stöddu**
(105) **Að svo mæltu** gekk hann af fundi

5.5.8 Ýmis dæmi

Undir þessum lið verða tekin ýmis algeng orðasambönd sem best er að læra sem hluta af almennu orðafari, þ.e. þau eru ekki frjó. — Dæmi þessi eru valin af tilviljun, upptalningin er engan veginn tæmandi:

(106) Hann kemur hingað **kvölds og morgna/(morguns)** (þ.e. á hverju kvöldi og hverjum morgni)
(107) Hún kemur hingað **einu sinni á dag**
(108) Uppskeran **í ár** verður rýr (þ.e. þetta árið)
(109) Hann á að kólna **með kvöldinu**
(110) Úrslit kosninganna verða kunn **innan skamms/innan tíðar**
(111) Hann á eftir að gefast upp **áður en langt um líður**
(112) Ég talaði við hann **um daginn**
(113) Hann ætlar að vinna **yfir helgina** (þ.e. um helgina)
(114) Hún kemur **undir mánaðamótin** (þ.e. rétt fyrir þau)
(115) Ekki er ráð nema **í tíma** sé tekið (þ.e. tímanlega)
(116) Ég sá hann einhvern tímann **á dögunum**

5.6 Æfingar

5.1 Fellið viðeigandi forsetningar inn í eyðurnar — eða viðeigandi fallmyndir orðanna í svigum.

1) Hún les bókina ..... morgun, ... dag
2) Hún las bókina ..... tvo daga
3) Hún les ..... hverjum degi
4) Hún kom ..... tveimur tímum
5) Hún kom rétt ..... helgina
6) Hún las bókina ..... tveimur dögum
7) Hún las bókina ..... hádeginu
8) Hún vann .... hádegi
9) Hann var (tveir tímar) .... á leiðinni

10) Stúlkan las (allur dagurinn) ....
11) (Árið 1988) .... var strákurinn við nám
12) (Næsta ár) .... ætlar hann að vinna
13) Hún kom (dagurinn) ..... sem ég fór
14) Bréfið er dagsett (annar júní) ....
15) Hann situr (allar stundir) .... fyrir framan sjónvarpið
16) Hún hefur unnið (ár) ..... saman hjá fyrirtækinu
17) (Eitt sinn) .... var kóngur og drottning í ríki sínu
18) (Eitthvert sinn) .... (=eitt sinn) bar svo við...
19) Prófum lauk (vika) ..... fyrir jól
20) Hann sagði upp (mánuður) ..... eftir að hann hóf störf
21) Hún kom (einn tími) .... of seint
22) Unnið var ..... morgun en ..... morgun verður frí
23) Í gær var spáð rigningu en sólin skín samt glatt ..... dag
24) Ég verð ekki heima ..... kvöld en annað kvöld getum við hist
25) ..... morguninn var gott veður en ..... kvöldið var komin rigning
26) Hún var að heiman ..... afmælisdaginn
27) Hún verður að heiman ..... afmælisdaginn
28) Talsverð ölvun var á götum borgarinnar ..... nótt
29) (Síðast liðin nótt) .... var bifreið stolið
30) ..... þrem dögum lofaði hann að skila bókinni ..... tvo daga
31) Hann var að vinna ..... dag (liðið)
32) Hann er að vinna ..... dag (samtímalegt)
33) Hann verður (mun verða) að vinna ..... dag (óorðið)
34) Hún var heima ..... sunnudaginn ((*sem) var)
35) Hún verður að heiman ..... sunnudaginn
36) Hún var að vinna ..... sumar (sem leið) (þ.e. síðast liðið sumar)
37) Hún ætlar að vinna ..... vetur (þ.e. næsta vetur)
38) ..... síðustu viku var veðrið fremur gott
39) Úrslit skoðanakönnunarinnar verða birt ..... þessari viku
40) 10. október 1987 verður mörgum minnisstæður en ..... þeim degi varð verðfall í Wall Street
41) Hún á afmæli ..... sunnudegi (tímalaust)
42) Hann sagðist hafa byrjað að vinna ..... fimmtudegi

43) Rekstur fyrirtækisins gekk vel ..... þessu ári (þ.e. í ár)

44) ..... þessari stundu er ekkert hægt að segja um líðan sjúklingsins

45) Sumir telja að kosið verði ..... næstunni (þ.e. innan skamms, innan tíðar)

46) Innritun í skólann lauk ..... þremur dögum

47) Hvað færðu í kaup ..... viku?

48) Hún ætlar að vinna mikið ..... þessari viku

49) (Veturinn 1987) .... var hún í skóla en (allur sá vetur) .... vann bróðir hennar

50) Farið var í skólaferðalag ..... föstudegi en (sá dagur) .... lá hann veikur

51) (Sumarið 1970) .... vann hún í sveit; (það sumar) .... voru miklar rigningar

52) Hún kom í heimsókn ..... gær en stoppaði aðeins (stutt stund) ....

53) Hann var ..... mörg ár að jafna sig eftir veikindin

54) Þau ætla aðeins að dveljast hér ..... tvo daga

55) Hann lauk námi ..... þremur árum

56) Hún las bókina ..... einu kvöldi

57) Báturinn var fylltur (af fiski) ..... nokkrum tímum

58) Hún lauk verkinu ..... tveimur dögum

59) ..... hve mörgum mínútum hleypur þú 1500 metrana?

60) Hvað færðu í kaup ..... dag, ... tímann?

61) Hvað færðu í kaup ..... viku, ... mánuði?

62) Hann las bókina ..... tveimur dögum

63) Hann las bókina ..... tvo daga

64) Hann las bókina (sá dagur) ....

65) ..... kvöld er býsna svalt (þ.e. núna)

66) Hann kom ..... kvöld (þ.e. fyrir skömmu)

67) Hún ætlar að lesa ..... (allt) kvöld

68) Hann kemur ..... kvöld (þ.e. bráðum)

69) Hann var veikur ..... veturinn

70) Hann varð veikur ..... veturinn

71) ..... daginn var ég á gangi niðri í bæ

72) Hún kom ..... kvöldið (þ.e. það kvöld)

73) Hann vaknar klukkan átta ..... hverjum degi
74) Hann er oft syfjaður ..... morgnana (þ.e. að morgni dags)
75) Flestir sofa ..... nóttunni en vaka ..... daginn
76) Hann heimsækir mig alltaf tvisvar ..... mánuði/viku
77) Þú átt að taka meðalið þrisvar ..... dag
78) Hún fer til útlanda tvisvar ..... ári
79) Hún ætlar að vera hér ..... viku/mánuð
80) Hún kemur hingað tvisvar ..... viku/mánuði
81) Hún fær 15.000 krónur ..... viku/mánuði
82) Hann vann ..... öðrum þessa mánaðar .... mánaðamótum
83) Hún vann ..... hádegi og .... kvöld
84) Hún ætlar að vinna ..... deginum ..... dag og .... næstu viku
85) Hann vann ..... morgni .... miðnættis/ .... miðnætti
86) Hann vann ..... hádegi og .... kvöldi
87) Hann vann ..... þrjú og eitthvað .... miðnætti
88) Hann vann ..... klukkan fjögur ..... klukkan eitt
89) Lokað verður ..... fyrsta desember ..... þriðja janúar
90) ..... föstudagskvöldi ..... mánudagsmorguns
91) Hún ætlar að vinna ..... hádegis og kaffis
92) ..... jóla og nýárs er frí í skólum landsins
93) Hún vinnur ..... klukkan þrjú og fjögur
94) Ég þarf að skreppa í búð ..... lokun
95) Hún vinnur ..... hádegi (x2)
96) Hún vinnur ..... hádeginu
97) Við sáum þau ..... skömmu
98) Ég hitti vin minn ..... tveimur dögum
99) Bíllinn kemur ..... stutta stund
100) Hittu mig ..... kvöldmat (x2)
101) Hann fór ekki fyrr en ..... áliðnu kvöldi
102) ..... verki loknu fóru allir heim
103) Ekkert er hægt að segja ..... svo stöddu
104) ..... svo mæltu gekk hann af fundi
105) Hann kemur hingað (kvöld og morgunn) ....
106) Hún kemur hingað einu sinni ..... dag

107) Uppskeran ..... ár verður rýr (þ.e. þetta árið)

108) Hann á að kólna ..... kvöldinu

109) Úrslit kosninganna verða kunn ..... skamms/tíðar

110) Hann á eftir að gefast upp áður en langt ..... líður

111) Ég talaði við hann ..... daginn

112) Hann ætlar að vinna ..... helgina

113) Hún kemur ..... mánaðamótin

114) Ekki er ráð nema ..... tíma sé tekið

115) Ég sá hann einhvern tímann ..... dögunum

5.2 Fellið inn réttar forsetningar í eyðurnar:

1) Hann veiktist snögglega ..... gærkvöldi en núna ..... morgun leið honum betur

2) ..... næstu dögum er ekki búist við neinum fréttum en málið ætti að skýrast ..... næstu viku

3) Palli reiknaði dæmið ..... nokkrum mínútum eftir að Kalli hafði glímt við það ..... margar klukkustundir

4) Hún verður að heiman ..... afmælisdaginn og eitthvað fram ..... næstu viku

5) ..... sumrin vinnur hann í byggingarvinnu

6) ..... og ..... deginum ..... dag er verslunin lokuð

7) Hann ætlar að koma ..... tvo daga

8) Hún hefur alltaf unnið ..... vorin en núna ..... vor ætlar hún að hvíla sig

9) Strákurinn var veikur ..... veturinn en ..... vorinu batnaði honum

10) ..... gær var mánudagur en ..... morgun er þriðjudagur

5.3 Fellið réttar beygingarmyndir orðanna í svigunum inn í eyðurnar:

1) Í (dagur) ..... er spáð góðu veðri en á (morgunn) ..... á hann að kólna

2) Ætlarðu að fara heim í (hádegið) .....?

3) Hún vann mikið í (síðasta vika) .... en í (næsta vika) .... ætlar hún að taka sér frí

4) Hann las bókina á (tveir tímar) ....

5) Hún vann í (fjórir tímar) ....

6) Hvað ætlarðu að gera um (helgin) .....?

7) Sumir vinna á (nóttin) ..... en sofa á (dagurinn) .....
8) Á (sumrin) ..... er bjart að (nótt) ..... til fyrir norðan
9) Hún vann frá (hádegi) ..... og fram undir (miðnætti) .....
10) Hún vinnur frá (morgunn) ..... til (kvöld) .....
11) Hann er í fríi milli (páskar) ..... og (hvítasunna) .....
12) Hann fer í frí eftir (páskarnir) .....
13) Hann fór í frí fyrir (skammt) .....
14) Hún kom til Íslands á (sunnudagur) .....
15) Á (þessi stund) .... er ekkert hægt að segja um málið en frekari upplýsinga er að vænta á (morgunn) .....

5.4 Fellið viðeigandi forsetningar og réttar beygingarmyndir orðanna í svigunum inn í eyðurnar:

1) Hann á frí (fs+dagur) .... en (fs+kvöld) .... verður hann að vinna
2) Sumum finnst gott að fá sér lúr (fs+hádegi) .... (x3)
3) Verður þú heima (fs+afmælisdagurinn) ....?
4) Hún kemur ekki (fs+dagur) ...., kannski (fs+morgunn) .... en þó líklega ekki fyrr en (hinn dagurinn) .... (aukafallsliður)
5) Hann fór (fs+sama+stund) .... og ég kom
6) Það er von á nýrri sendingu (fs+næsti+dagur) .... / alveg (næstu dagar) ....
7) Skólinn hófst (fs+þessi+vika) ....
8) Hún lýkur námi (fs+næsta+ár) ....
9) Hann var (fs+tveir+tímar) .... að gera við bílinn
10) Hún var (þrír+tímar) .... á leiðinni
11) Hún ætlar að dveljast hér ((fs+)tveir+dagar) ....
12) Það var býsna kalt (sá+vetur) .... sem ég bjó á Akureyri, einkum þó rétt (fs+jólin) .... (x2)
13) Hann byrjaði að vinna (sami+dagur) .... og ég hætti
14) Hvað ætlarðu að gera af þér (fs+jólin) ....?
15) Hann ætlar á skíði (fs+páskarnir) ....
16) Hún las bók (fs+kvöldið) ....
17) Hann var lasinn (fs+jólin) .... (x3)
18) Hann veiktist (fs+haustið) ....

19) Hún kemur (fs+mánaðamótin) .... (x4)
20) (fs+haustin) .... er oft fremur kalt
21) Hann vaknar klukkan sjö (fs+hver+morgunn) ....
22) Hann vaknaði klukkan sjö (fs+morgunn) ....
23) Hann var hér (fs+mánudagurinn) ..../ (fyrir+stutt+síðan) ....
24) Sumir þvo sér oft (fs+dagur) .... en aðrir (eitt sinn) .... (fs+vika) ....
25) Þú hlýtur að ljúka verkinu (fs+einn+dagur) ....
26) Hann vann (fs+morgunn) .... og (ao+fs+miðnætti) .... (allur+síðastur+vika) ....
27) Hann ætlar að vinna (fs+vor) .... og (ao+fs+haust) ....
28) Ég þarf að vinna eitthvað (ao+fs+kvöld) ....
29) Verslanir eru opnar (ao+fs+hádegi) .... (fs+laugardagar) .... (fs+vetur+til) ....
30) Strákurinn sefur alltaf fram eftir (fs+morgnarnir) ....
31) Stelpan sefur alltaf fram eftir (fs+sunnudagar) ....
32) Strákurinn vakir líka oft (ao+fs+morgunn) ....
33) Honum væri nær að sofa (fs+nóttin) .... og vakna fyrr (fs+morgnarnir) ....
34) Bjössi rakar sig tvisvar (fs+dagur) ....
35) Það verður lítið um vinnu (fs+ár) .... í Reykjavík
36) Stelpan las (klukkutímar+saman) ....
37) Ekki er ráð nema (fs+tími) .... sé tekið
38) Hann kom (fs+mínútan) .... fimm
39) Hún kom (fs+réttur+tími) ....
40) Hann kom of seint (fs+tíminn) ....
41) Þið lærið þetta allt saman (fs+tíminn) ....
42) Hann var hér (fs+ein+vika) .... (x2)
43) Hún las vel (fs+tíminn) ....
44) Hann kom (fs+hádegi) .... en ekki (fs+hádegi) ....
45) Þú verður að koma (fs+tækur+tími) ....
46) Það var (dagur+einn) .... (árið) 1982
47) (fs+fyrra) .... skrapp hann til Englands

48) (þetta+árið) .... ætlar hann að dveljast á Íslandi

49) (næsta+ár) .... verður hann við nám

50) Hann lýkur prófi snemma (fs+næsta+ár) ....

5.5 Búið til setningar þar sem merking feitletruðu orðasambandanna kemur fram:

1) **í dag, í (hálfan) dag, á dag, á daginn, um daginn, á dögunum, allan daginn, dag eftir dag, dögum saman**

2) **í kvöld, á kvöldin, um kvöldið, að kvöldi til, kvöld eftir kvöld, annað kvöld**

3) **á (einum) mánuði, í (heilum) mánuði, í mánuð, mánuðum saman, næsta mánuð, síðast liðinn mánuð**

4) **á ári, í ár, árið 1988, í fyrra, í hitti(ð)fyrra**

5) **daginn þar á undan — í fyrradag — í gær — í dag — á morgun — ekki á morgun heldur hinn — daginn þar á eftir**

6) **í morgun — fyrir hádegi — í hádeginu — síðdegis — seinni partinn — í kvöld — í nótt**

6. kafli

Almennar æfingar

6.1 Fellið viðeigandi forsetningar inn í eyðurnar:

1) Hún kom ..... lítilli stundu liðinni
2) Honum ríður ..... því að fá vinnu ..... sitt hæfi
3) Hann þarf að fá vinnu ..... einum grænum (hvelli)
4) Hann getur ekki greint aðalatriðin ..... aukaatriðunum
5) Hún er vel ..... sér ..... landafræði
6) Hann átti enga aðild ..... lausn málsins
7) Nú eru kosningar ..... aðsigi
8) Barnið grét ..... öllum mætti
9) Komstu of seint ..... ásettu ráði?
10) Hann las bókina ..... áföngum
11) Hann er búinn að greiða .... skuldina
12) Hann er búinn að greiða tvær afborganir ..... skuldinni
13) Hún var ekkert áfjáð ..... að lenda ..... deilum
14) Það gekk allt ..... afturfótunum ..... honum ..... þessu máli
15) Konan hans álasaði honum ..... leti
16) Hann var sendur heim ..... vinnunni
17) Ég óska þess ..... öllu hjarta að honum gangi vel ..... prófinu
18) Hann hikaði ..... að fara
19) Hann var ..... báðum áttum hvort hann ætti að fara
20) Skrifaðu pöntunina niður ..... þér
21) Það er einhver að spyrja ..... þér

22) Ég spurði ..... síðustu bókina ..... nýjasta bókaflokknum
23) Hann liggur ..... ámæli ..... aðgerðaleysið
24) Sjúklingnum líður vel ..... atvikum
25) Páll gekk ..... bak orða sinna (þ.e. sveik það sem hann hafði lofað)
26) Hann sneri baki ..... vinum sínum
27) Hún greiddi ekki atkvæði ..... tillögunni
28) Hún gerði það ekki ..... ástæðulausu
29) Hann ber ..... öllum sem gull ..... eir
30) Ég bað hann ..... skilaboð ..... þín
31) Hann býr ..... vinkonu sinni ..... lítilli íbúð ..... fyrstu hæð
32) Hafðu ekki of mikið ..... mér
33) Hann vildi ekkert ..... kaffinu
34) Hann notar mjólk .... kaffið
35) Hún tók bækurnar ..... borðinu og setti þær ..... gluggann
36) ..... uppboðinu var boðið ..... flest málverkin
37) Hana langar ..... ball
38) Hana langar ..... nýjan kjól
39) Þú réðst ..... hann ..... fyrra bragði
40) Leikmaðurinn braut gróflega ..... sér ..... leiknum
41) Dómarinn dæmdi vítaspyrnu ..... liðið og var skorað mark ..... henni
42) Leikmaðurinn skaut (boltanum) hátt ..... markið
43) Leikmaðurinn skaut (boltanum) rétt .... markinu
44) Strákurinn varð ..... bíl og meiddist ..... fæti
45) Konuna dreymdi ..... slysinu
46) Karlinn er dapur ..... bragði ..... slyssins
47) Það er nauðsynlegt að fara varlega ..... umferðinni og gæta sín ..... bílunum
48) Páll er ..... sig ..... slysið en líður annars vel ..... atvikum
49) Veistu nokkur deili ..... þessum manni?
50) Það er alveg dottið ..... mér hvað hann heitir
51) Þetta var vel ..... sér vikið ..... þér
52) Nú er illt ..... efni, ég hef ekki efni ..... að kaupa mér vindil
53) Hann kom illa fram ..... hana; slíkt er ekki ..... eftirbreytni

54) Páll á ..... miklu basli, hann á ekki ..... salti ..... grautinn

55) Það endar ..... því að hann fer ..... banka og biður ..... lán

56) Viltu líta ..... stráknum ..... mig?

57) Ég þarf að finna þig ..... máli ..... mikilvægt efni

58) Þessi grein er ekki .... marga fiska (þ.e. lítils virði)

59) Þú ferð ekki ..... mis ..... mikið þótt þú missir ..... myndinni

60) Hún getur ekki fellt sig ..... nýju tískuna

61) Sumir vilja alltaf tolla ..... tískunni

62) Þetta er komið ..... tísku, það er ekki lengur ..... tísku

63) Hann þóttist koma ..... fjöllum þegar niðurstaðan ..... könnuninni var birt

64) Hann vildi ekki taka þátt ..... skoðanakönnuninni, enda segist hann ekki trúa ..... slíkar kannanir

65) Hann fór ..... sjóinn ungur ..... árum og hefur verið ..... sjós síðan

66) Ég er ekki ..... því að þú hafir rétt ..... þér; þú hefur líklega ..... réttu að standa — já, þetta er alveg rétt ..... þér

67) Hann stakk lyklinum ..... skrána

68) Lykillinn gengur ..... skránni

69) Hann opnaði lásinn ..... lyklinum

70) Lykillinn er ..... málmi

6.2 Fellið **forsetningar** og **atviksorð** inn í eyðurnar eftir því sem við á:

Eldfærin

1. Galdrakerlingin

Dáti kom skálmandi ..... veginum: einn, tveir, einn, tveir. Hann hafði töskuna sína ..... bakinu og sverð ..... hlið, því að hann var að koma ..... stríðinu. Þá mætti hann gamalli galdrakerlingu. Hún var herfilega ljót, og neðri vörin ..... henni lafði alveg .... bringu.

„Góðan daginn, dáti minn," sagði hún. „En hvað sverðið þitt er fallegt og taskan þín stór. Það er auðséð, að þú ert duglegur hermaður. Nú skal ég gefa þér eins mikið .... peningum og þú vilt eiga."

„Þakka þér ....., kerli mín," sagði hermaðurinn.

„Sérðu stóra tréð þarna?," hélt kerlingin áfram og benti ..... stórt tré, sem stóð ..... veginn. „Það er holt ...., skal ég segja þér. Klifraðu .... það, og þá finnurðu op, sem þú getur skriðið .... og

komist .... tréð. Ég skal binda reipi .... þig, svo að ég geti dregið þig upp, þegar þú kallar ..... mín."

„Hvað á ég að gera .... tréð?" spurði dátinn.

„Sækja peninga," svaraði kerlingin. „Ég skal segja þér að þegar þú kemur alla leið .... tréð, þá stendur þú ..... stórum göngum og víðum. Þar er ljómandi bjart, því að þar logar ..... ótal lömpum. Þú munt sjá þrennar dyr, og lyklar standa ..... öllum skránum, svo að þú getur lokið þeim ..... Ef þú opnar næstu dyrnar og ferð þar ..... sérðu kistu ..... miðju gólfi. ..... henni situr hundur og augun ..... honum eru eins stór og undirskálar, en hugsaðu ekki ..... það. Ég skal lána þér blátiglóttu svuntuna mína, og þú átt að breiða hana ..... gólfið. Svo skaltu taka seppa hiklaust ..... og setja hann ..... svuntuna. Síðan opnar þú kistuna og tekur ..... henni eins mikið ..... peningum og þú vilt. Það eru eintómir koparpeningar ..... henni, en ef þú vilt heldur silfurpeninga, þá skaltu fara .... næsta herbergi. Þar er önnur kista og ..... henni er annar hundur. Augun ..... honum eru eins stór og bílhjól, en kærðu þig ekkert ..... það. Settu hann bara ..... svuntuna mína og taktu eins mikið ..... peningum og þú kærir þig ..... En ef þú vilt heldur fá gull, þá getur þú ..... sjálfsögðu fengið það líka, eins mikið og þú getur borið. Þá skaltu fara .... þriðja herbergið. Þar er enn ein kistan, en augun ..... hundinum sem ..... henni situr eru eins stór og Sívaliturninn. Það er nú hundur ..... lagi, skal ég segja þér. En vertu samt ekkert hræddur ..... hann. Settu hann bara ..... svuntuna mína og þá gerir hann ekkert ..... sér. Síðan getur þú tekið eins mikið ..... gulli og þú vilt."

„Það er eitthvert vit ..... þessu," sagði dátinn. „En hvað á ég að gefa þér, kerli mín, ... leiðbeiningarnar? Eitthvað vilt þú hafa ..... snúð þinn, býst ég ....."

„Nei, nei," svaraði kerlingin. „Ég vil ekki einn eyri. Taktu bara ..... þér, ... leið og þú gengur, gömlu eldfærin sem hún amma mín skildi ..... síðast þegar hún var ..... ferð .... trénu."

„Jæja, komdu þá ..... reipið," sagði hermaðurinn. „Hérna er það," sagði kerlingin, „og þarna hefurðu blátiglóttu svuntuna mína."

Dátinn klifraði nú .... tréð, skreið .... gatið og hoppaði ..... Allt var eins og kerling hafði sagt, hann kom .... göng þar sem ótal lampar loguðu.

2. Hundarnir

Hann lauk ..... næstu dyrunum. Þarna sat þá hundurinn ..... augu eins stór og undirskálar og starði ..... hann.

„Skárri er það nú skepnan," sagði hermaðurinn, tók hann ..... og setti hann .... svuntuna. Svo fyllti hann vasa sína ..... koparpeningum,

setti hundinn aftur .... kistuna og fór því næst .... næsta herbergi. Jæja! Þar sat þá annar hundur og augun ..... honum voru ..... stærð ..... bílhjól.

„Gláptu ekki svona ..... mig, þér getur orðið illt ..... augunum ..... því," sagði dátinn og setti hann ..... svuntuna. En þegar hann opnaði kistuna og kom auga ..... alla silfurpeningana ..... henni, fleygði hann ..... sér öllum koparpeningunum og fyllti aftur vasa sína og töskuna ..... silfri. - Svo fór hann .... þriðja herbergið og þar sat þriðji og langstærsti hundurinn, þessi ..... augu ..... stærð ..... Sívalaturninn.

„Gott kvöld," sagði dátinn og brá hendinni ..... húfuderinu því að slíkan hund hafði hann aldrei ..... ævi sinni séð. En þegar hann hafði virt hann dálítið ..... sér, hugsaði hann ..... sér að nú væri nóg komið ..... svo góðu. Svo tók hann hundinn, setti hann ..... svuntuna og opnaði kistuna. Hvert þó ..... þreifandi! En þau ósköp ..... gulli, sem ..... henni voru. Hann gat keypt ..... það alla höfuðborgina, allar rjómakökur sem ..... henni voru og allt sem til var ..... heiminum. Hvílík hrúga ..... peningum!

Og nú fleygði dátinn öllum silfurpeningunum sem hann hafði tekið og fyllti aftur vasa sína, töskuna og stígvélin ..... gulli svo að hann gat varla gengið. Nú hafði hann nóg ..... peningum. Svo setti hann hundinn aftur .... kistuna, skellti ..... hurðinni og hrópaði .... tréð:

„Dragðu mig nú aftur upp, kerli mín!"

„Tókstu eldfærin?" spurði kerlingin.

„Æ, það er satt, ég gleymdi þeim."

Svo hljóp hann og sótti þau. Kerlingin dró hann upp og nú stóð hann aftur þarna ..... veginum ..... vasana, töskuna og stígvélin troðfull ..... peningum.

„Hvað ætlarðu að gera ..... þessi eldfæri?" spurði dátinn.

„Það varðar þig ekkert ....." svaraði hún. „Þú er búinn að fá peningana og fáðu mér nú eldfærin, orðalaust."

„Vertu ekki ..... þessu bulli," sagði dátinn. „Segðu mér undireins ..... hvers þú ætlar að nota þau. Annars skal ég höggva ..... þér hausinn ..... sverðinu mínu."

„Nei, ég segi þér það ekki," sagði kerlingin.

Þá hjó dátinn ..... henni höfuðið. Síðan batt hann svuntuna .... alla peningana, snaraði bögglinum .... bak sér, stakk eldfærunum ..... vasa sinn og hélt svo rakleiðis ... borgarinnar.

3. Í borginni

Þetta var falleg borg og hann fór .... fegursta gistihúsið, pantaði ..... sig bestu herbergin og besta matinn því að nú var hann ríkur og átti sand ..... peningum.

Þjóninum, sem burstaði stígvélin hans, þótti reyndar skrýtið að heldri maður skyldi ganga ..... svona gömlum görmum, en dátinn átti ..... að kaupa sér önnur ný. Daginn ..... fékk hann sér nýja skó og falleg föt. Nú var hann orðinn heldri maður og þá sögðu menn honum ..... öllu sem merkilegast var ..... borginni, ... kónginum og dóttur hans sem var ljómandi fríð og yndisleg.

„Hvar er hægt að fá að sjá hana?“ spurði dátinn.

„Það er ekki ..... nokkru móti hægt að fá að sjá hana,“ svöruðu allir. „Hún býr ..... stórri koparhöll, sem girt er ..... mörgum múrum og turnum. Enginn fær að koma ..... hennar ..... þessa höll nema kóngurinn sjálfur, ... því að spáð hefur verið að það eigi ..... henni að liggja að giftast réttum og sléttum dáta en það vill kóngurinn ..... sjálfsögðu ekki hafa.“

„Gaman þætti mér að sjá hana,“ hugsaði dátinn ..... sér. En það voru engin tiltök að hann fengi það.

Nú lifði hann fjörugu lífi. Hann fór ..... leikhúsið, ók ..... skemmtigarðinum og gaf fátæklingum mikla peninga en það var nú fallega gert ..... honum. Hann þekkti ..... gamalli reynslu hve bágt það er að eiga engan eyri. — En ..... því að honum eyddust peningar ..... degi hverjum en engir bættust ..... staðinn, þá fór svo ..... lokum að hann átti ekki ..... nema einn tíeyring. Þá varð hann að flytjast burt ..... fallegu herbergjunum, þar sem hann hafði verið, og ..... pínulitla kytru .... þaki. Enginn ..... vinum hans kom nú ..... hans því að það voru svo mörg þrep ..... stiganum .... hans.

Eitt kvöld sat hann ..... kolamyrkri og hafði ekki einu sinni efni ..... að kaupa sér kerti. Þá mundi hann allt ..... einu að svolítill kertisstubbur lá ..... gömlu eldfærunum sem hann hafði tekið ..... hola trénu ..... galdrakerlinguna. Hann tók þá upp eldfærin ..... kertisstubbnum en ..... leið og hann sló eld svo að neistarnir hrutu ..... tinnunni, hrukku upp dyrnar og .... honum stóð hundurinn sem hann hafði séð .... hola trénu, sá sem var ..... augu ..... stærð ..... undirskálar.

„Hvað á ég að gera, herra minn?“ spurði hundurinn.

„Hvað er þetta?“ sagði dátinn. „Þetta eru skemmtileg eldfæri ef ég get fengið svona allt sem ég vil. Útvegaðu mér dálítið ..... peningum,“ sagði hann svo ..... hundinn.

Varla hafði hann sleppt orðinu fyrr en seppi var þotinn og kominn aftur ..... stóran poka fullan ..... peningum, sem hann hélt .... kjaftinum.

Nú vissi dátinn hvílík ágætis eldfæri þetta voru. Ef hann sló stálinu einu sinni ..... tinnuna, kom hundurinn sem sat ..... kistunni ..... koparpeningunum. Ef hann sló tvisvar kom sá sem ..... silfurkistunni sat og slægi hann þrisvar kom sá sem gullsins gætti. Dátinn flutti sig nú

aftur ..... fallegu herbergin, fékk sér aftur falleg föt og þá könnuðust vinir hans ..... hann aftur og þótti ósköp vænt ..... hann.

4. Hundurinn sækir kóngsdóttur

„Undarlegt er þetta," hugsaði hann einu sinni ..... sér, „að maður skuli ekki fá að sjá kóngsdótturina. Hún kvað vera svo ljómandi falleg, eða svo segja þeir sem vit hafa ..... En hvaða gagn er ..... því ef hún verður alltaf að sitja .... stóru koparhöllinni ..... turnana? Ætli það sé engin leið að ég geti fengið að sjá hana? Hvar eru nú eldfærin mín?"

Og svo sló hann eld og ..... sama bili kom hundurinn ..... augun sem voru eins stór og undirskálar.

„Það er reyndar komið .... nótt en mig langar svo ósköp ..... að sjá kóngsdótturina, þó ekki væri nema rétt sem snöggvast."

Hundurinn var óðara þotinn ..... stað og ..... svipstundu var hann kominn aftur ..... kóngsdótturina. Hún sat ..... fasta svefni ..... baki hans og var svo ljómandi falleg að hver maður gat undireins séð að hún var kóngsdóttir. Dátinn gat ekki ..... sér gert, hann mátti ..... að kyssa hana. Hundurinn hljóp nú heim aftur ..... kóngsdótturina. ..... morguninn ..... þegar kóngur og drottning voru að drekka morgunkaffið sitt sagði kóngsdóttirin að sig hefði dreymt svo undarlegan draum ..... hund og dáta, hún hefði riðið hundinum og dátinn hefði kysst sig.

„Það er dáfallegt að heyra, eða hitt þó heldur," sagði drottningin. Nú átti roskin og ráðsett hirðmey að vaka ..... kóngsdóttur næstu nótt ..... þess að komast ..... hvort þetta hefði aðeins verið draumur eða hvernig ..... þessu lægi.

Nú langaði dátann ákaflega mikið ..... að sjá aftur kóngsdótturina fögru. Kom þá hundurinn ..... nóttina, tók kóngsdótturina og hljóp ..... hana burt sem fætur toguðu. Hirðmeyjan gamla dreif sig ..... vaðstígvél, hljóp .... og þandi sig engu minna en hundurinn. Þegar hún sá að þau hurfu .... stórt hús hugsaði hún ..... sér: „Nú veit ég hvar það er." Svo tók hún krítarmola og strikaði ..... honum kross ..... dyrnar. Síðan fór hún heim og háttaði en hundurinn kom aftur ..... kóngsdótturina. Þegar hann sá að kross var markaður ..... dyrnar þar sem dátinn átti heima tók hann upp ..... sér krítarmola og markaði ..... honum kross ..... allar dyr ..... borginni. Þetta var kænlega gert því að nú gat hirðmeyjan ekki fundið aftur réttu dyrnar þar sem kross var ..... þeim öllum.

Snemma morguninn ..... komu þau kóngur og drottning, hirðmeyjan og herforingjarnir ..... að gá ..... hvar kóngsdóttirin hefði verið ..... nóttina.

„Þarna er það," sagði kóngurinn þegar hann sá fyrstu dyrnar ..... merkinu.

„Nei, þarna er það, heillin," sagði drottningin og benti ..... aðrar dyr sem kross var líka markaður ..... „Og þarna er einn, og þarna er einn," sögðu þau öll þegar þau voru að reka augun ..... krossana ..... öllum húsdyrum ..... borginni. — Það var bersýnilegt að leitin mundi verða árangurslaus.

En drottningin var ekki öll þar sem hún var séð. Hún kunni fleira en aka um ..... dýrindis vagni. Hún tók stóru gullskærin sín, klippti í sundur stóran silkidúk og saumaði ..... honum lítinn og laglegan poka. Svo lét hún grjón ..... pokann og batt hann ..... bakið ..... kóngsdótturinni og klippti síðan dálítið gat ..... pokann svo að grjónin skyldu sáldrast niður alla leið hvar sem kóngsdóttirin færi.

Hundurinn kom enn ..... nóttina. Hann tók kóngsdótturina og hljóp ..... hana heim ..... dátans sem þótti svo ósköp vænt ..... hana. Hann vildi feginn að hann hefði verið konungborinn sjálfur ..... þess að geta eignast hana ..... konu.

Hundurinn varð ekkert var ..... að grjónin sáldruðust niður alla leið ..... höllinni ..... húsi dátans. En morguninn ..... sáu þau kóngur og drottning hvar dóttir þeirra hafði verið og þá létu þau taka dátann og stinga honum ..... svartholið.

5. Úr svartholinu í hásætið

Nú sat hann þarna. Hú, hvað það var dimmt og leiðinlegt ..... fangelsinu og svo sögðu þeir líka ..... hann: „..... morgun verður þú hengdur." Það var ljóta gamanið. Og ..... allrar ógæfu hafði hann líka gleymt að taka eldfærin sín ..... sér.

..... morguninn sá hann .... gluggaboruna ..... klefanum að mesti asi var ..... fólkinu að komast .... bænum ..... þess að sjá hann hengdan. Hann heyrði bumbusláttinn og sá hermannahóp skálma ..... aftökustaðarins. Allir sem vettlingi gátu valdið hlupu út þangað. Skóladrengur einn ..... tréskóm og ..... skinnsvuntu anaði svo hart áfram að annar tréskórinn hentist ..... fætinum beint ..... vegginn þar sem dátinn stóð inni og horfði .... gluggann.

„Heyrðu, drengur, þér liggur ekkert ....., þú þarft ekki að flýta þér svona," sagði dátinn ..... hann. „Ekkert verður gert hvort sem er fyrr en ég kem. Ég skal gefa þér krónu ef þú vilt hlaupa heim ..... mig og sækja eldfærin mín, en þú verður að vera snar ..... snúningum."

Drengurinn var .... að vinna ..... krónunnar. Hann hljóp ..... einum spretti ..... eldfærunum, fékk dátanum þau og svo — ja, hlustið þið nú ..... hvernig fer. .... bæinn hafði verið reistur feikna mikill gálgi. Hermenn stóðu ..... verði hringinn ..... kring og þúsundir manna voru þar að horfa ..... Kóngur og drottning sátu ..... gullfallegu hásæti beint .... dómurunum og öllum ráðherrunum.

Dátinn var nú kominn efst ..... stigann en þegar átti að fara að smeygja snörunni ..... hálsinn ..... honum sagði hann að það væri ætíð siður að veita sakamanni síðustu bæn hans .... aftökunni ef óskin væri meinlaus. Hann sagði að sig langaði svo mikið ..... að reykja eina pípu, þá síðustu ..... þessu lífi.

Kóngurinn vildi ekki neita honum ..... þetta. Tók þá dátinn eldfærin og sló eld. Einn - tveir - þrír! ..... sama bili stóðu þar hundarnir allir, sá sem var ..... augu ..... stærð ..... undirskálar, sá sem hafði augu eins og bílhjól og sá sem hafði þau ..... stærð ..... Sívalaturn.

„Hjálpið mér nú, svo að ég lendi ekki ..... snörunni," sagði dátinn. ..... sama vetfangi ruku hundarnir eins og gammar ..... dómarana og alla ráðherrana, þrifu einn .... fótunum, en annan ..... nefinu og þeyttu þeim margar mannhæðir .... loftið, svo að þeir urðu ..... einni klessu þegar þeir komu niður.

„Nei, þetta vil ég ekki hafa," sagði kóngurinn en stærsti hundurinn tók bæði hann og drottninguna og fleygði þeim .... hinum. Hermennirnir urðu dauðhræddir en fólkið stappaði og æpti: „Þú skalt verða kóngurinn okkar og eiga fallegu kóngsdótturina."

Svo var dátinn settur ..... kóngsvagninn, hundarnir hoppuðu .... og geltu: „Húrra." En strákarnir æptu ..... gleði og blístruðu ..... fingurna og hermennirnir heilsuðu ..... byssunum. Kóngsdóttirin slapp ..... koparhöllinni og varð drottning — það þótti henni ekki amalegt. Brúðkaupið stóð ..... viku og hundarnir sátu ....., borðum ..... hinu fólkinu og gláptu stórum augum.

(H. C. Andersen)